

**MENNING** Hefur rannsakað sjósókn íslenskra kvenna í gegnum aldirnar. 36



**LÍFIÐ** Grísalappalísa kemur fram á þrennum einkatónleikum. 50



**SPORT** Fátt kom á óvart í valinu á landsliðinu fyrir Tékkaleikinn. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**4. júní 2015**
129. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Álfar á móti

Íbúar Vallahverfis auk álfa og huldufólks leggjast gegn lagningu Suðurnesjalínu 2 í Hafnarfirði. 8

**Brotalöm** Reglur EES segja að stikkprufur eigi að nægja til eftirlits með innflutningi matvæla. Hér er eftirlit viðvarandi og liggur niðri í verkfallinu. 6

**Klóra sér í kollinum** Stjórnmálaskýrendur klóra sér nú í kollinum. Fordæmalausar fylgissveiflur gera það að verkum að ekki er hægt að treysta á gamalgróin sannindi. 12



**Ráðuneyti fær ofanígjöf** Ríkisendurskoðun átelur velferðarráðuneytið fyrir að hafa ekki tekið nógu vel á málefnum ungra fanga og einstaklinga sem búa við fjölþættan vanda. 4




22

## SÉRBLAÐ

Fólk






**YFIRHEYRÐ FRAM Á KVÖLD** Systurnar Malín Brand og Hlín Einarsdóttir voru báðar handteknar af lögreglu og færðar til yfirheyrslu við lögreglustöðina við Hverfisgötu í gær. Malín var látin laus laust eftir klukkan 21 og sést hér yfirgefa lögreglustöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Handteknar aftur

Systurnar Hlín Einarsdóttir og Malín Brand voru handteknar og færðar til yfirheyrslu vegna annarrar kæru vegna fjárkúgunar sem barst til lögreglunnar í gær.

**LÖGREGLUMÁL** Systurnar Hlín Einarsdóttir og Malín Brand voru handteknar aftur í gær og færðar til yfirheyrslu vegna kæru sem barst í hádeginu í gær og varðaði aðra fjárkúgun.

Systurnar voru handteknar á föstudag fyrir að hafa reynt að kúga fé út úr Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra.

Í gær kærði annar maður systurnar fyrir að hafa kúgað sig til að borga sér 700 þúsund krónur annars yrði hann kærður til lögreglunnar fyrir að hafa nauðgað Hlín. Maðurinn og Hlín fóru heim saman á laugardagskvöldi í apríl.

Á mánudeginum á eftir komu þær Hlín og Malín að heimili hans og báðu hann að koma út í bíl til sín. Þar báru þær upp á hann nauðgunina og tilkynntu honum að hann yrði kærður myndi hann ekki borga þeim 700 þúsund krónur.

Maðurinn hugsaði sig um í nokkra daga og ákvað eftir fimm daga að verða við kröfum þeirra þar sem hann óttaðist um mannorð sitt. Maðurinn vildi fá sönnun þess efnis að þær myndu ekki halda kúguninni áfram og fékk skriflega kvittun þess efnis sem skrifuð var af Malín á bréfsefni merkt Morgunblaðinu og undirrituð af henni. Maðurinn afhenti svo Malín 700 þúsund krónur í reiðufé í umslagi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Systurnar voru yfirheyrðar hvor í sínu lagi í gær og stóðu yfirheyrslur fram eftir kvöldi. Malín kom út af lögreglustöðinni rétt eftir níu í gærkvöldi og settist upp í bíl verjanda síns sem ók með hana á brott. - ak, vh /sjá síðu 2

Breytingar á tónlistarnámi:

## Einn skóli fái alla peningana



ILLUGI GUNNARSSON

**MENNTAMÁL** Ráðgert er að veita allt fjármagn ríkisins sem ætlað er til framhaldsnáms í tónlist til eins tónlistarskóla í Reykjavík og að sveitarfélög reki sína tónlistarskóla án ríkisframlags.

Þetta kemur fram í greinargerð sem 25 tónlistarskólastjórar af öllu landinu undirrita. Þeir segja að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra vilji að ríkið hætti að styðja námið um landið og semji þess í stað við sameinaða stofnun tveggja tónlistarskóla í Reykjavík, Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH. Þeir gagnrýna áformin harðlega og lýsa áhyggjum af aðgengi nemenda og jafnrétti til náms.

Nýlega var skipaður starfshópur um nýtt fyrirkomulag á stuðningi ríkisins við námið. Ekki var leitað til samtaka tónlistarskóla eða tónlistarkennara um aðkomu að hópnum.

Að baki málinu er samkomulag ríkisins og Sambands sveitarfélaga um „eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda“ frá 2011 sem rann út um áramótin. Efla átti tónlistarnám og gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám óháð búsetu en vilji menntamálayfirvalda virðist nú að hverfa til þess fyrirkomulags sem var fyrir þann tíma. - shá / sjá síðu 10

Framkvæmdir í Öskjuhlíð:

## HR byggir yfir nemendur sína

**FRAMKVÆMDIR** Háskólinn í Reykjavík áformar að byggja 350 nýjar íbúðir og einstaklingsherbergi, auk leikskóla og þjónustuhúsnæðis, í nýjum Háskólagörðum vestan Öskjuhlíðar.

Íbúðirnar eru ætlaðar til leigu og tímabundinnar búsetu fyrir nemendur og starfsfólk fyrirtækja sem starfa hjá HR og öðrum þekkingarfyrirtækjum í nágrenninu. Miðað er við litlar íbúðir og einstaklingsherbergi með sameiginlegri aðstöðu.

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir ekki tímabært að segja hvernig verkefnið verður fjármagnað eða hvernig eignarhaldinu verður háttað. - jhh / sjá síðu 20




## VEÐUR



Hæg austlæg eða breytileg átt, skýjað og smáskúrir, en þurrt og jafnvel sólarglennur norðan til þó að áfram verði svalt í veðri. Hiti allt að 12 stigum suðvestanlands yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 34

Fjölmörgum flugvélum WOW air hefur seinkað um fleiri klukkustundir síðustu tvo daga:

# Vélarbilun og þrumur töfðu flug hjá WOW

**SAMGÖNGUMÁL** „Við vorum með bilaða flugvél og þurftum að reiða okkur á leiguflugvélar. Síðan olli þrumuveður í Baltimore miklum töfum,“ segir Birgir Jónsson, aðstoðarforstjóri WOW air.

Veruleg seinkun varð á flugi 24 véla hjá WOW air síðustu tvo daga. Einungis fjórum vélum seinkaði ekki.

Birgir segir erfitt að eiga við vélabilanir og að fyrirtækið geti ekki stjórnað veðrinu.

„Við höfum verið að reyna að ná töfunum niður með því að leigja flugvélar og hraða flugi. Allt ætti að vera komið á áætlun á morgun [í dag],“ segir Birgir og bendir á að atvik sem þessi valdi oftast seinkunum í nokkra daga. Sérlega óheppilegt sé að lenda í bæði vélarbilun og veðurofsa.

Minnst seinkun varð á flugi til Keflavíkur frá Kaupmannahöfn í gær. Sú vél átti að lenda 14.25 en lenti ekki fyrr en 15.44.

Mesta seinkunin var hins vegar á flugi frá París til Keflavíkur. Sú vél átti að lenda klukkan 14.05 en lenti ekki í Keflavík fyrr en tæpum tíu klukkutímum síðar, eða 23.52.

Meðalseinkun vélanna var um þrjár og hálf klukkustund.

Birgir segir að reglur um réttindi farþega séu skýr.

„Það er á hreinu að ef tafir verða lengur en þrjár klukkustundir ber okkur að borga farþegum bætur.“

Birgir segir að WOW tryggi að farþegar sem eigi rétt á bótum fái þær afgreiddar. - þea / srs



**MIKLAR TAFIR** WOW air mun tryggja réttindi farþega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SJÁLFSMYND Á SJÓ** Forsætisráðherra og iðnaðarráðherra um borð í Ocean Diamond. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsta íslenska skemmtiferðaskipið frá tímum Gullfoss:

## Vilja tryggja Íslendingum aðgengi

**SIGLINGAR „Þetta eru reglur sem verður að laga því það er óásættanlegt að Íslendingar geti ekki farið með skipinu. Við munum laga þetta,“ sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í móttöku fyrir skemmtiferðaskipið MS Ocean Diamond við Reykjavíkurhöfn í gær. Stendur því til að breyta reglum um aðgengi Íslendinga að skemmtiferðaskipum.**

**Ocean Diamond mun sigla í kringum Ísland í tíu daga ferðum með viðkomu í helstu höfnum. Um er að ræða fyrsta skemmtiferðaskipið sem gert er út frá Íslandi síðan Gullfoss, Hekla og Esja sigldu.** - srs

Lögregla rannsakar hvelli:

## Ekki skotið inni í Hlíðarhjalla

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan telur ólíklegt að skotið hafi verið úr haglabyssu í fjölbýlishúsi við Hlíðarhjalla í Kópavogi í fyrradag þótt ekki sé komin fram nein skýring á hvelli sem fjöldi íbúa í nágrenninu tilkynnti lögreglu um. Augljós ummerki eru þó um að áður hafi verið skotið úr haglabyssu í garði hússins.

„Sá sem á íbúðina var klárlega ekki í íbúðinni í gærdag. Þannig að í öllu falli er hann ekki hinn meinti skotmaður, ef einhver er,“ segir Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. - gag

Klúður í ferðaþjónustu:

## Bæjarstjórnin biðst afsökunar

**MOSFELLSBÆR** „Bæjarstjórn harmar þau óþægindi sem þjónustuþegar hafa orðið fyrir vegna erfiðleika við innleiðingu þjónustunnar og biður hlutaðeigandi afsökunar,“ segir bæjarstjórn Mosfellsbæjar einróma og kveðst taka alvarlega þær ábendingar um ábyrgð bæjarstjórnar sem fram komi í úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á ferðaþjónustu fatlaðra í höndum Strætó bs. „Bæjarstjórn hefur miklar væntingar til þess að þjónustan sé nú öruggari og betri en hún hefur verið áður,“ bætir bæjarstjórnin við. - gar

# Systurnar aftur handteknar í gær

Maður hefur kært Hlín Einarsdóttur og Malínu Brand fyrir að hafa kúgað sig til að borga þeim ellegar yrði hann kærður til lögreglu fyrir að hafa nauðgað Hlín. Þrettán sérsveitarmenn tóku þátt í aðgerðum lögreglu í Hafnarfirði á föstudag.

**LÖGREGLUMÁL** Önnur kæra vegna fjárkúgunar systranna Hlínar Einarsdóttur og Malínar Brand barst lögreglu í gær.

Systurnar sökuðu mann um að hafa nauðgað Hlín og munu hafa sagt að málið yrði kært til lögreglu ef hann myndi ekki borga 700 þúsund krónur. Maðurinn og Hlín eru sögð hafa sofið saman á laugardagskvöldi í apríl.

Nokkrum dögum síðar eiga systurnar að hafa haft samband við manninn og lagt fram þessa kröfu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á Malín að hafa sagt við manninn að þær hefðu sönnunargögn fyrir því að hann hefði nauðgað Hlín.

Eftir að hafa hugsað sig um í nokkra daga ákvað maðurinn að borga þessa upphæð. Til þess að tryggja að ekki yrðu gerðar frekari kröfur á hann óskaði hann eftir tryggingu, eins konar kvittun, þess efnis. Sú kvittun var rituð á bréfsefni Morgunblaðsins en þar starfar Malín sem blaðamaður.

Eftir að fjárkúgunarmálið gegn forsætisráðherra kom upp ákvað maðurinn að leggja fram kæru á hendur systrunum eftir að hafa ráðfært sig við lögfræðing.

Systurnar voru handteknar aftur í gær og færðar til yfirheyrslu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Þar voru þær yfirheyrðar hvor í sínu lagi og lauk yfirheyrslum yfir Malínu á tíunda tímanum í gær en Hlín hafði verið færð til yfirheyrslu fyrr um daginn.

Systurnar höfðu áður verið handteknar síðastliðinn föstudag við Vallahraun í Hafnarfirði í umfangsmikilli aðgerð lögreglu í kjölfar þess að bréf var sent á heimili forsætisráðherra, stílað á eiginkonu hans, þar sem því var hótað að upplýsingum sem kæmu forsætisráðherranum illa yrði lekið í fjölmiðla.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti ríkislögreglustjóra tóku þrettán sérsveitarmenn þátt í aðgerð lögreglu í Hafnarfirði.

Á Vísir.is kom fram í gær að hótunin í bréfinu hefði falist í því að meint aðkoma hans að lánafyrirgreiðslu til Pressunnar eða félaga sem tengjast fyrirtækinu yrði gerð opinber.

Ekki eru til nein opinber gögn sem tengja ráðherrann við fjölmiðlaveldi Björns Inga Hrafnssonar, útgefanda og eins aðaleigenda Pressunnar ehf., sem fer með eignarhald nokkurra fjölmiðla.

Til þess að komast undan því að þessum upplýsingum yrði lekið átti að borga átta milljónir króna og koma með þær í tösku á tiltekinn stað í hrauninu. Þegar systurnar mættu þangað var Hlín handtekin þar sem hún var að sækja töskuna og Malín skömmu frá þar sem hún beið eftir systur sinni í bílnum.

Malín hefur í samtali við Vísir.is neitað því að hafa skipulagt fjárkúgunina gegn forsætisráðherra og segist hafa blandast inn í atburðarásina vegna fjölskyldutengsla.

adalsteinnk@365.is, viktoria@frettabladid.is



**YFIRHEYRÐ** Malín Brand yfirgefur lögreglustöðina við Hverfisgötu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MALÍN BRAND**



**HLÍN EINARSDÓTTIR**






Páll Halldórsson segir viðræður við ríkið vera sýndarviðræður:

# Fólki líður djöfullega með þetta

**KJARAMÁL** „Fólki líður auðvitað djöfullega með þetta og það upplifir gríðarlega óvirðingu frá viðsemjendum okkar,“ segir Páll Halldórsson, formaður samninganefndar Bandalags háskólamanna, eftir að slitnaði upp úr viðræðum við ríkið síðdegis í gær.

„Við upplifum það þannig að við séum búnir að sitja þarna í sýndarviðræðum um allangt skeið og ríkið sé ekkert að semja við okkur,“ segir Páll. Sáttafundi Félags hjúkrunarfræðinga við ríkið lauk sömuleiðis án árangurs um sama leyti.

„Okkar kröfur hafa miðað að því að útrýma launamun og draga úr þessum kynbundna launamun og það er ekki sjáanlegur neinn vilji hjá ríkinu til að taka þau skref sem þarf að taka,“ segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga. „Það virðist hreinlega ekki vera neinn vilji hjá ríkisstjórninni til að byggja upp öflugt heilbrigðiskerfi með þátttöku hjúkrunarfræðinga.“

Verkföll sumra félagsmanna BHM hafa nú staðið yfir í meira en átta vikur og engin lausn er í sjónmáli. Verulegrar reiði og óþreyju er farið að gæta í röðum félagsmanna BHM.

Þannig hefur þriðjungur geislafræðinga á LSH sagt upp störfum og margar ljósmæður hafa sótt um störf á Norðurlöndunum.

„Þetta hefur auðvitað afleiðingar,“ segir Páll. „Ríkið á óhjákvæmilega eftir að lenda í erfiðum mönnunarvandamálum.“ - gb



**BIÐIN HELDUR ÁFRAM** Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður samtakanna, eftir að slitnaði upp úr viðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Þú finnur öll hjólin okkar á ellingsen.is

**Mikið úrval af aukahlutum!**



**MERIDA** CROSSWAY MONTEZUMA GENT-D

HYBRID — **79.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.
Léttgreiðslur 13.332 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** CROSSWAY 100

HYBRID — **110.392 KR.**
VERÐ ÁÐUR 137.990 KR.
Léttgreiðslur 18.399 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SPEEDER 100MD

RACER — **143.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 179.990 KR.
Léttgreiðslur 23.999 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SCULTURA 200

RACER — **143.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 179.990 KR.
Léttgreiðslur 23.999 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** DINO 16

BARNA-HJÓL — **23.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
Léttgreiðslur 3.999 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** BELLA 20

BARNA-HJÓL — **36.976 KR.**
VERÐ ÁÐUR 45.990 KR.
Léttgreiðslur 6.132 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** CLASSIC 28 CITY 3.0

BORGAR-HJÓL — **79.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.
Léttgreiðslur 13.332 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** BIG NINE 500

FJALLA-HJÓL — **159.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 199.990 KR.
Léttgreiðslur 26.665 kr. í 6 mánuði

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA

## SPURNING DAGSINS



Andrés, þarf að verja hag úthaga?

**„Já, og beita betri úrræðum.“**

Ef veðráttan helst köld og nöpur er hætta á mikilli ofbeit ef bændur sleppa fé og hrossum á illa á sig komna úthaga. Andrés Arnalds er fagmálastjóri Landgræðslunnar.

Starfsemi Þorrasels færð á Vesturgötu 7 þrátt fyrir óskir hóps eldri borgara um óbreytta þjónustu:

# Verða ekki við óskum Þorraselshópsins

**FÉLAGSMÁL** Meirihluti borgarstjórnar felldi tillögu Sjálfstæðisflokks um að hætt yrði við flutning dagdeildar eldri borgara úr húsnæði í Þorraseli í húsnæði á Vesturgötu 7.

„Við erum ekki að loka Þorraseli heldur flytja starfsemina að Vesturgötu 7 sem er hentugt húsnæði og stærra en það gamla. Þá getum við boðið fleirum að nota þetta góða úrræði. Það er ekki verið að skerða þjónustuna,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður velferðarráðs.

„Það er mikill hallarekstur, 28 milljónir króna á ári. Við sáum okkur ekki fært annað en að færa starfsemina þar sem við náum svo mikilli hagræðingu út úr þessum breytingum,“ segir Björk sem bætir því við að nýting þjónustunnar hafi minnkað ár frá ári.

„Mér finnst niðurstaða borgarstjórnar dapurleg í ljósi þess að allir hlutaðeigandi, notendur þjónustunnar í Þorraseli, íbúar fjölbýlishúss aldraðra á staðnum, notendur þjónustunnar á Vesturgötu og yfirgnæfandi meirihluti starfsfólks hefur lýst sig andvígt breytingunni,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

„Ef dagdeild aldraðra er færð á Vesturgötu er verið að skerða þjónustuna. Þá verður að vísa fólkinu í næsta hverfi og yrði þjónustan ekki í göngufæri,“ bætir hann við. **- þea**



**ÓSÁTT** Eldri borgarar sem nýta sér þjónustu í Þorraseli eru ósáttir við flutningana og skoruðu á borgarstjórn að hætta við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÁHUGAMAÐUR** Benigno Aquino, forseti Filippseyja, er áhugamaður um sagnfræði og segir aðgerðir Kínverja minna sig mikið á nasista. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Filippseyja fer mikinn í heimsókn sinni til Tókýó:

## Segir Kínverja eins og nasista

**STJÓRNMÁL Benigno Aquino þriðji, forseti Filippseyja, hélt ræðu fyrir viðskiptajöfra í heimsókn sinni til Tókýó í gær. Líkti forsetinn aðgerðum Kínverja í Suður-Kínahafi við aðgerðir nasista í Tékklandi á fjórða áratug síðustu aldar en Kínverjar reyna nú að sölsa undir sig hafsvæði þar.**

**Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Aquino líkir Kínverjum við nasista en hann gerði það einnig í viðtali við dagblaðið New York Times í febrúar í fyrra. Þá brugðust Kínverjar við með að segja að forsetinn væri illa að sér bæði í sögu og raunveruleikanum.** **- þea**

Átta prósenta aukning:

## Met í notkun heita vatnsins

**ORKA** Met var slegið á fyrri hluta ársins í notkun á heitu vatni.

Hver einasti mánuður hefur verið metmánuður í heitavatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu. Um 35 milljón tonn af vatni hafa runnið um hús í höfuðborginni frá ársbyrjun. Það er átta prósentum meira en meðaltal áranna tveggja á undan.

Meðalheimili notar um 40 tonn af heitu vatni á mánuði. Orkuveitan reiknar með að kostnaðaraukning hafi að meðaltali verið um 1.360 krónur á mánuði á heimili. **- srs**

FIFA-menn enn ófundnir:

## Interpol lýsir eftir tveimur

**SAKAMÁL** Alþjóðalögreglan Interpol lýsti í gær eftir tveimur fyrrverandi yfirmönnum FIFA sem ákærðir eru fyrir spillingu í starfi auk fjögurra yfirmanna fyrirtækja úr íþróttageiranum.

FIFA-mennirnir eftirlýstu eru þeir Jack Warner, fyrrverandi varaforseti FIFA, og Nicolas Leoz, fyrrverandi forseti Knattspyrnusambands Suður-Ameríku.

Interpol lýsir eftir mönnunum að beiðni bandaríska ríkisins sem leitast eftir að fá mennina framselda til Bandaríkjanna svo hægt sé að rétta yfir þeim. **- þea**

# Vandi ungra fanga brýnn en óleystur

Ríkisendurskoðun átelur velferðarráðuneytið fyrir að hafa ekki tekið nógu vel á málefnum ungra fanga og einstaklinga sem búa við fjölþættan vanda. Fara þarf ofan í saumana á málaflokknum til að tryggja hag barna að mati stofnunarinnar.

**VELFERÐARMÁL** Ríkisendurskoðun gagnrýnir velferðarráðuneytið fyrir að hafa ekki fundið varanlega lausn á vanda hóps ungmenna vegna vímuefnanotkunar og afbrotahegðunar sem og þess hóps ungmenna sem glímir við fjölþættan vanda, það er vímuefnavanda, afbrotahegðun og andlegt heilsuleysi. Árið 2011 hafi Barnaverndarstofa sent ráðuneytinu erindi um aðgerðir og taldi að sá hópur sem hvað lakast stæði þyrfti á nýju meðferðarheimili að halda nærri höfuðborgarsvæðinu.

Barnaverndarstofa býr yfir þremur meðferðarstofnunum fyrir börn. Öll meðferðarheimilin eru í landsbyggðunum; Lækjarbakki á Rangárvöllum á Suðurlandi, Laugaland í Eyjafirði og á Háholti í Skagafirði. Þau tvö síðarnefndu eru rekin samkvæmt þjónustusamningi en heimilið að Lækjarbakka er alfarið rekið af íslenska ríkinu.

„Velferðarráðuneytið er komið vel á veg með vinnu við ýmsar þær úrbætur sem Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegar og ábendingar stofnunarinnar eru gagnlegar og unnið verður í samræmi við þær,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. „Síðastliðið haust var skipuð nefnd um endurskoðun stjórnsýslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar og rennir skýrsla Ríkisendurskoðunar stoðum undir það starf.“

Ríkisendurskoðun bendir á að markviss viðbrögð ráðuneytisins við tillögum Barnaverndarstofu hefðu mögulega getað komið í veg fyrir þau vandræði sem sköpuðust vegna vistunar ungra fanga. Hvetur stofnunin ráðuneytið til að vinna að framtíðarlausn í málaflokknum þar sem Háholt sem vistunarstaður ungra fanga er bráðabirgðalausn og að nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu geti falið í sér lausn á vistunarmálum ungra fanga sem og vanda ungmenna með vímuefnavanda og afbrotahegðun hvað varðar meðferðarúrræði.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar fullyrða þeir að lítið hefur áunnist við að leysa vanda barna sem glíma við fjölþættan vanda. Á sama tíma væri vandinn þekktur og viðurkenndur. Einnig er talið að mál þessu tengd hafi þróast til verri vegar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var gerður að lögum árið 2013 og jafnframt því var lögum um fullnustu refsinga breytt á þá leið að fangar sem væru undir átján ára aldri skuli vistaðir á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda. **sveinn@frettabladid.is**



**HÁHOLT Í SKAGAFIRÐI** Þrjú meðferðarheimili eru á landinu fyrir unga fanga og eru þau öll staðsett í landsbyggðunum. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að halda vel á spöðunum og skapa viðunandi úrræði fyrir unga fanga.



**„Velferðarráðuneytið er komið vel á veg með vinnu við ýmsar þær úrbætur sem Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegar.**

*Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.*






Gefur lítið fyrir svör forstjóra Vinnumálastofnunar um atvinnuleysisbætur:

# Forstjóri svarar ekki spurningu

**FÉLAGSMÁL** Friðrik Indriðason segist ósáttur við grein sem Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, skrifaði í Fréttablaðið í gær.

Segir Friðrik að í grein forstjórans sé ekki svarað spurningu hans um hvers vegna frítekjumark sé ekki reiknað með þegar atvinnuleysisbætur hans eru greiddar.

Í greininni sagði Gissur bæturnar þó rétt greiddar í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar.

Fréttablaðið sagði frá því á mánudag að Friðrik er með 784 krónum minna í ráðstöfunartekjur á mánuði í hálfu starfi auk skertra bóta en þegar hann var á fullum bótum.

„Ástæðan er að sögn Vinnumálastofnunar að stofnunin getur ekki reiknað frítekjumark mitt inn í dæmið. Þetta er spurningin sem forstjórinn svarar ekki í grein sinni en ég vildi gjarnan að hann gerði það,“ segir Friðrik.

„Eðlilega er hann bæði sár og reiður með þessa niðurstöðu og beinir henni gegn Vinnumálastofnun sem sér um útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta,“ segir um fullyrðingu Friðriks í grein Gissurar.

Friðrik segist hafa fengið þau svör að bæturnar sem hann hafi fengið greiddar hafi verið svo lágar vegna þess að hann þarf að greiða til baka bætur sem hann fékk ofgreiddar frá stofnuninni.

„Ég tók tillit til þessa einstaka frádráttar við útreikninga mína og eftir stendur að um hver mánaðarmót mun ég fá 784 kr. minna í ráðstöfunarfé en ef ég væri á fullum bótum,“ segir Friðrik Indriðason. **- þea**



**FRIÐRIK INDRIÐASON** Tapar á að vinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# MIÐNÆTUROPNUN Í SMÁRALIND

## 25% AFSLÁTTUR

AF FATNAÐI OG SKÓM

## 20% AFSLÁTTUR

AF ANNARI SÉRVÖRU

GILDIR EINGÖNGU Í SMÁRALIND FIMMTUDAGINN 4. JÚNÍ

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hvenær lauk umsátri lögreglu um mannlausa íbúð í Kópavogi á þriðjudagskvöldið?
**2.** Hver er fyrrverandi sambýlismaður Hlínar Einarsdóttur?
**3.** Hvað segir innanríkisráðherra um flugvallafrumvarp Framsóknar?

**SVÖRIN**
1. Á tíunda tímanum. 2. Björn Ingi Hrafnsson. 3. Að það sé vanreifað.

Samkomulag er um verkfallshlé í fimm daga eftir kosningu verði nýjum samningum hafnað:

# Niðurstaða eftir rúman hálfan mánuð

**KJARAMÁL** Félagsmenn VR og LÍV kjósa um nýgerða kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag atvinnurekenda (FA) frá því níu árdegis 10. júní til tólf á hádegi 22. júní næstkomandi. Kosningin er rafræn og liggur því niðurstaða fyrir skömmu eftir að kosningu lýkur.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir að boðað hafi verið til félagsfunda til að kynna samningana sem undirritaðir voru 29. maí síðastliðinn. Fyrsti fundurinn var á Egilsstöðum í gær. Þá verður fundur í Reykjavík, Vestmannaeyjum og í Neskaupstað á fimmtudag og á Reyðarfirði og aftur á Egilsstöðum 8. og 9. júní.

Ólafía segir megináherslu hafa verið lagða á að hækka lægstu laun og verja millitekjur. „Og við teljum mikilvægt að reyna að tryggja stöðugleika og frið á vinnumarkaði til lengri tíma til að hægt sé að styrkja stöðu launafólks og efla atvinnulíf.“ Þá séu skýr opnunarákvæði í samningnum ef forsendur hans bresta.

Fari svo að samningnum verði hafnað segir Ólafía samkomulag um að færa öll verkfallsplön aftur um fimm daga eftir að atkvæðagreiðslu lýkur. Náist ekki samningar á ný innan þess tíma gæti því brostið á með verkföllum á ný um næstu mánaðamót.

Auk VR og LÍV áttu aðild að samningunum Stéttarfélag Vesturlands og félög Flóabandalagsins, Efling, Hlíf og VSFK og undirbúa þau atkvæðagreiðslu á svipuðum tíma og VR. **- óká**



> **Við teljum mikilvægt að reyna að tryggja stöðugleika og frið á vinnumarkaði.**
> *Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR.*



**Á HVAÐ ER VEITT?** Kortleggja á viðhorf veiðimanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Upplýsingaöflun Háskólans:

## Kanna hegðun stangveiðifólks

**STANGVEIÐI** Félagsstofnun Háskóla Íslands er nú að kanna stangveiði á Íslandi. Á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur segir að afla eigi upplýsinga um hvað veiðimenn veiði mikið og hvar, hvaða agn þeir beri fyrir fiskinn og hvert viðhorf þeirra sé til þess að veiða fisk og sleppa.

„Fyrsti hluti könnunarinnar snýr jafnt að silungsveiði sem laxveiði, en í öðrum hluta hennar lögð sérstök áhersla á að kanna ítarlegar viðhorf stangaveiðimanna til ýmissa atriða varðandi laxveiðar,“ segir á svfr.is. **- gar**

Samið við Samtökin ’78:

## Fundað um nýjan samning

**REYKJAVÍK** Borgarráð fundar í dag um nýjan þjónustusamning við Samtökin ’78. Lengi hefur staðið til að endurnýja samninginn.

Samningurinn sem um verður fundað verður með áherslu á aukna fræðslu í skólum og aukna þjónustu við hópa hinsegin fólks í formi ráðgjafar.

Líf Magneudóttir, formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, er bjartsýn á að samningurinn verði samþykktur.

„Ég tel allar líkur á því nema eitthvað stórkostlegt gerist. Það getur nú margt gerst á lokuðum fundum borgarráðs.“ **- þea**

# Innflytjandi kannar bótarétt vegna verklagsreglna MAST

Reglur EES segja að stikkprufur eigi að nægja til eftirlits með innflutningi matvæla. Hér er eftirlit viðvarandi og liggur niðri í verkfalli. Ráðuneytið viðurkennir brotalöm í reglum en kveðst ekki geta brugðist við í verkfalli.

**STJÓRNSÝSLA** Dæmi eru um að aðrar vörur en eftirlitsskyld matvæli séu fastar á hafnarbakka og fái ekki tollafgreiðslu vegna þess að þær eru í gámi með eftirlitsskyldum varningi. Sérfræðingar Matvælastofnunar (MAST) þurfa að votta innflutning á margvíslegum matvælum, en sú vinna liggur niðri vegna verkfalla BHM.

Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness, segir nokkur slík dæmi hjá fyrirtækinu og veit um fleiri hjá öðrum sem flytja inn vörur. Hvernig vinnist úr málum fari dálítið eftir erlendum birgjum þegar um sé að ræða blandaðar sendingar. Oft sé þá bara um að ræða einn reikning og farmbréf. „Svo getur verið einhver ein vara í gámnum sem stöðvar afgreiðsluna. Hjá Kaupási var nýlega greint frá dæmi þar sem hunang var í gámi og hjá okkur er nýlegt dæmi upp poppmaís sem stöðvaði afgreiðsluna,“ segir hann.

Sé birgirinn ekki tilbúinn að gefa út nýjan reikning þannig að brjóta megi upp sendinguna og tollafgreiða í hlutum þá sitji öll sendingin föst.

Hjá Innnesi segir Magnús Óli þó nokkur dæmi um vörur sem stöðvað hafi heilu sendingarnar. Þar séu, auk poppmaíssins, mjöl, spírulínusafi, kaffirjómaduft, rúgur, spelthveiti og kínóafræ. „Þarna er MAST búið að setja sér ákveðið verklag um skoðun dýralækna þó svo að kollegar þeirra erlendis séu búnir að gera könnun á vörunni og gefa út heilbrigðisvottorð,“ segir Magnús Óli. Innnes láti nú kanna lögmæti verklags MAST, sem líkur séu á að brjóti í bága við EES-reglur.



**MAGNÚS ÓLI ÓLAFSSON**

Magnús Óli vísar til nýlegs erindis Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) til landbúnaðarráðuneytisins um að EES-samningurinn kveði á um að traust eigi að ríkja á milli aðildarríkja sambandsins, líkt og áréttað hafi verið í rökstuddu áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, í fyrra, vegna innflutningstakmarkana á fersku kjöti. Í móttökulandi varningsins eigi að nægja að taka stikkprufur, en ekki skoða allan eftirlitsskyldan varning sem hingað komi.

Komi í ljós að vinnulag MAST standist ekki skoðun þá gæti innflutningsfyrirtæki átt rétt á bótum. „Þetta gæti þýtt gríðarlegar kröfur frá innflytjendum,“ segir Magnús Óli. Síðustu tölur hjá fyrirtækinu hljóði upp á að á hafnarbakkanum bíði tollafgreiðslu vörur fyrir yfir 30 milljónir króna. Gera megi ráð fyrir að hluti varningsins liggi undir skemmdum. Þá verði fyrirtækin fyrir sölutjóni vegna þess að innflutningur stöðvast. „Það er ljóst þegar saman er tekið að þetta eru háar upphæðir.“

Lárus M.K. Ólafsson, lögmaður SVÞ, segir svar hafa borist við erindinu til ráðuneytisins 28. maí síðastliðinn. Í því komi fram að ráðuneytið hafi til athugunar verklag og eftirlit með innflutningi matvæla sem komi frá ríkjum EES.

„Ráðuneytið mun hins vegar ekki geta lokið athugun á framkvæmd innflutningseftirlits fyrr en sérfræðingar Matvælastofnunar á inn- og útflutningssviði koma úr verkfalli Bandalags háskólamanna,“ segir í svarinu.

olikr@frettabladid.is



**FRYSTUR VARNINGUR** Sums staðar í verslunum er farið að grynnka verulega í kistum sem hafa að geyma erlenda matvöru sem ekki hefur verið hægt að flytja inn í verkfalli BHM. Það hefur nú staðið í um átta vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Fleiri eru í verkfalli en dýralæknar einir



**Jón Gíslason**, forstjóri Matvælastofnunar (MAST), áréttar að þar á bæ sé unnið eftir íslenskri löggjöf um innflutning matvæla og hún kunni að vera öðruvísi en annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu. Til dæmis séu hér hömlur á kjötinnflutningi sem ekki sé annars staðar að finna. „Við fylgjum þessari löggjöf sem er í landinu þannig að þetta verður að ræða við ráðuneytið,“ segir hann. Í gámum kunni hins vegar að vera hinar og þessar vörur sem snerti hina og þessa löggjöf. „Í sumum tilvikum er þetta plöntuheilbrigðislöggjöf og í öðrum tilvikum er það dýraheilbrigðis- eða matvælaöryggislöggjöf.“ Eftirlit með þessum þáttum heyri undir fleiri en dýralækna eina sem líka séu í verkfalli hjá MAST, svo sem plöntusjúkdómafræðinga, matvælafræðinga og líffræðinga.




FJ FOOTJOY
DEILDIN ER Í
ÚTILÍF SMÁRALIND
VANDAÐUR GOLFFATNAÐUR
Á KARLA, KONUR OG BÖRN
20% AFSLÁTTUR*
AF ÖLLUM GOLFFATNAÐI Í DAG
Í TILEFNI MIÐNÆTUROPNUNAR
SÉRFRÆÐINGUR FRÁ FOOTJOY
VERÐUR Á STAÐNUM OG GEFUR GÓÐ RÁÐ FRÁ KL 20-22
20% AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

EINSTÖK TILBOÐ!
GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS




HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 79 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000
TILBOÐSVERÐ! 3.690 þús.




KIA SORENTO
Nýskr. 05/08, ekinn 139 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.790.000
TILBOÐ kr. 2.290 þús.




RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 08/12, ekinn 60 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.990.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.




NISSAN MURANO 3.5
Nýskr. 06/06, ekinn 119 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.220.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.




OPEL CORSA
Nýskr. 09/12, ekinn 25 þús km. dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.290.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.




HONDA CIVIC SPORT
Nýskr. 03/08, ekinn 136 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.690.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.




MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 02/14, ekinn 20 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 8.990.000
TILBOÐ kr. 7.990 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Ungir umhverfissinnar skora á 31 útihátíð að gerast umhverfisvænni:

# Óumhverfisvænar útihátíðir

**UMHVERFISMÁL** Ungir umhverfissinnar birtu áskorun á 31 útihátíð á Íslandi á heimasíðu sinni á þriðjudaginn. Áskorunin snýr að neikvæðum umhverfisáhrifum hátíðanna.

„Umhverfisáhrif útihátíða eru að miklu leyti á ábyrgð þeirra sem halda hátíðina en tiltölulega auðvelt er að breyta til batnaðar og gera betur ár hvert,“ segir í áskoruninni.

Skorað er á aðstandendur útihátíða að flokka rusl, hvetja fólk til umhverfisvæns samgöngumáta og koma í veg fyrir ruslfok. „Það er einnig mikilvægt að hafa stubbahús á sem flestum stöðum,“ segir í áskoruninni.

„Brýn nauðsyn er að skoða allar leiðir sem gætu leitt til breytinga til batnaðar er varða þessi mál. Útihátíðir á Íslandi eru margar hverjar langt frá því að vera umhverfisvænar en tiltölulega vandalítið er að gera betur og bæta okkur,“ segir enn fremur í áskoruninni. **- þea**



**ALLT Í DRASLI** Mikið rusl verður eftir á víðavangi eftir útihátíðir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SUÐURNESJALÍNA 2** Ríflega 800 íbúar sendu inn neikvæða umsögn til bæjaryfirvalda vegna lagningar Suðurnesjalínu 2. Einnig bárust umsagnir frá Hraunavinum, álfum, huldufólki og dvergum.

# Álfar leggjast gegn raflínu í Hafnarfirði

Fjöldi umsagna barst Hafnarfjarðarbæ vegna lagningar Suðurnesjalínu 2 í landi bæjarins við Vallahverfi og leggjast íbúar hverfisins gegn mannvirkjagerðinni.

**HAFNARFJÖRÐUR** Mikill fjöldi umsagna barst skipulagsyfirvöldum í Hafnarfirði vegna fyrirhugaðrar lagningar Suðurnesjalínu 2 frá Hamranesvirki í Vallahverfi í Hafnarfirði að bæjarmörkum við Sveitarfélagið Voga.

Hraunavinir mótmæla harðlega loftlínunni og telja ósnortin hraunsvæði í Almenningi í hættu. Einnig mótmæla þau byggingu tengivirkis og fara fram á að Hafnarfjörður veiti Landsneti ekki framkvæmdaleyfi fyrir línulögninni að óbreyttu. Benda þeir á að framkvæmdin valdi óafturkræfum náttúruspjöllum og valdi íbúum á svæðinu truflunum og ónæði.

Málið var tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar Hafnarfjarðarbæjar og bárust um 800 undirskriftir íbúa í hverfinu þar sem fyrirhugaðri línulögn er mótmælt.

Telja íbúar að línan sé of nærri íbúabyggð og vilja sumir meina að tengivirkið og fyrirhuguð lína auki sjónmengun og geri svæðið óaðlaðandi til búsetu. Ríflega 4.000 manns búa í Vallahverfinu í dag og eru áform um að fjölga íbúum töluvert á næstu árum og áratugum.

Fram kemur í umsögn Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns að Hafnarfjarðarbær hafi ekki staðið nægilega vel að grenndarkynningunni og vanrækt hlutverk sitt með því að setja lagninguna ekki í umhverfismat. Það umhverfismat sem hafi verið framkvæmt á sínum tíma vegna Suðvesturlínu sé ekki nothæft vegna mikilla annmarka.

Landsnet bendir á að framkvæmdin sé í samræmi við lög og gerð sé grein fyrir lagningunni í gildandi deiliskipulagstillögu.

Einnig er bent á að sveitarfélagið hafi heimild til að gefa út framkvæmdaleyfi byggt á gildandi aðalskipulagi að loknu umhverfismati. Það sé einnig staðreynd að landeigendur í Hafnarfirði hafi gefið samþykki sitt fyrir lagningunni.

Ragnhildur Jónsdóttir og Lárus Vilhjálmsson sendu inn athugasemd um loftlínuna fyrir hönd huldufólks, álfa og dverga sem búa í Hafnarfirði.

Þau Ragnhildur og Lárus segja huldufólk ítrekað hafa þurft að gefa eftir heimili sín fyrir byggð mannfólks. Vilji álfar, huldufólk og dvergar að raflínur séu lagðar meðfram vegamannvirkjum sem þegar eru á svæðinu svo það raski ekki heimilum þeirra.

> ➜ Bárust undirskriftir um átta hundruð íbúa í Vallahverfi þar sem fyrirhugaðri línulögn frá Hamranesvirki er mótmælt.

sveinn@frettabladid.is




KIA
The Power to Surprise

## Komdu og upplifðu nýjan og glæsilegan Kia Sorento

Við kynnum 3. kynslóð Sorento. Glæsileiki að utan jafnt sem innan og ekkert er til sparað í efnisvali. Bíllinn er betur búinn en áður og státar m.a. af 200 hestafla sparneytinni dísilvél, sex þrepa sjálfskiptingu, íslensku leiðsögukerfi og bakkmyndavél. Kia Sorento fylgir 7 ára ábyrgð.

**Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **7.590.777** kr.

Kia Sorento Classic 2,2 — dísil

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Ástandið í austanverðri Úkraínu hefur hríðversnað síðustu daga og þungavopnum verið beitt í átökum skammt frá Dónetsk:

# Harðir bardagar geisa þrátt fyrir umsamið vopnahlé

**ÚKRAÍNA** Þungavopn og skriðdrekar hafa verið notuð í harðnandi bardögum undanfarið milli stjórnarliða og uppreisnarmanna skammt frá Dónetsk í austanverðri Úkraínu. Átökin í gær voru þau hörðustu frá því samið var um vopnahlé í febrúar.

Barist var í bæjunum Marjinka og Krasnohorivka nálægt vopnahléslínunni, sem dregin var milli yfirráðasvæða stjórnarhersins og uppreisnarmanna.

„Það var nærri látlaus stórskotahríð allan eftirmiðdaginn,“ sagði Tom Burridge, fréttamaður breska útvarpsins BBC, á fréttavef þess. Hann sagði óljóst hve mikið mannfall væri orðið, en nokkuð ljóst að báðir aðilar hefðu misst marga menn.

Úkraínustjórn fullyrðir að Rússar veiti uppreisnarmönnum aðstoð. Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins og vestrænna ríkja taka undir þessar ásakanir og segja þar ekkert fara á milli mála, þótt rússnesk stjórnvöld þvertaki fyrir að hafa komið nálægt átökunum.

Stjórnarherinn nýtur hins vegar aðstoðar frá vopnuðum sveitum sjálfboðaliða, sem hafa verið gagnrýndar fyrir gróf mannréttindabrot ekki síður en uppreisnarmennirnir í austurhluta landsins.

Nærri 6.500 manns hafa látið lífið í átökunum í austanverðri Úkraínu frá því þau hófust í apríl í fyrra.

- gb



**ELDARNIR SLÖKKTIR** Slökkviliðsmaður að störfum á markaði í Dónetsk, þar sem sprengjur féllu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**NÚLIFANDI FORSETAR** Barack Obama, George W. Bush, Bill Clinton, George W.H. Bush og Jimmy Carter hittust 2013.

Óvinsældir forseta dvína með árunum:

# Óánægjan mest með Barack Obama nú

**BANDARÍKIN** Tæplega helmingur Bandaríkjamanna er óánægður með Barack Obama forseta, eða 49 prósent, en álíka margir eru reyndar ánægðir með hann. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem sjónvarpsstöðin CNN lét gera.

Hann er því óvinsælastur allra núlifandi Bandaríkjaforseta, því 52 prósent eru ánægð með George W. Bush, 64 prósent með Bill Clinton, 64 prósent með George W. H. Bush og 56 prósent með Jimmy Carter.

Óvinsældirnar virðast því dvína með árunum, þegar fennir yfir afrek og axarsköft forseta.

Sex prósent aðspurðra segjast reyndar aldrei hafa heyrt um Jimmy Carter, enda 34 ár liðin frá því hann var forseti.

Þá segist eitt prósent aðspurðra hvorki hafa heyrt um Repúblikanaflokkinn né Demókrataflokkinn, en alls mun eitt prósent fullorðinna Bandaríkjamanna nú vera um það bil 2,4 milljónir.

- gb

TENNISÆFINGAR
FYRIR 13-18 ÁRA
byrjendur í sumar
virka daga kl. 16.30-18

Upplýsingar & skráning í síma
564 4030 og á tfk.is

TFK
Tennisfélag Kópavogs

FJARÐARSKEL

Laus störf hjá Fjarðarskel ehf.

Starfið er fjölbreytt og breytilegt eftir árstíma, sem felst m.a. í verkefnum í landi og um borð í sérútbúnum skelbát. Fjarðarskel er sérhæft í ræktun bláskeljar á Íslandi og áformar að byggja upp öflugan rekstur á næstu árum. Starfsvæði félagsins er í Hvalfirði en bátur gerður út frá Akranesi. Um er að ræða eitt heilsársstarf og þarf viðkomandi að hafa eftirfarandi réttindi:

*Skipstjórnarnám A, eða meira. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af viðhaldi og viðgerðum.*
*Einnig er um að ræða sumarstörf sem þarfnast ekki réttinda, en æskilegt er að viðkomandi hafi lokið slysavarnarskóla sjómanna.*

Umsóknir skal senda á netfangið: **fjardarskel@gmail.com** og merkja sem „**atvinnuumsókn**“.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní.**

# Sveitarfélögin borgi framhaldsnámið ein

Greiðslum frá ríki til sveitarfélaga vegna framhaldsnáms í tónlistarskólum verður hætt, er hugmynd ráðherra. Skólastjórar 25 tónlistarskóla sendu ráðamönnum bréf og viðra þungar áhyggjur. Nemar voru 900 á haustönn; flestir í framhaldsskóla.

**MENNTAMÁL** Það er vilji Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, að veita allt fjármagn ríkisins sem ætlað er til framhaldsnáms í tónlist á landsvísu til eins tónlistarskóla í Reykjavík.

Þetta kemur fram í greinargerð starfshóps sem 25 manna hópur tónlistarskólastjóra af öllu landinu undirritar. Þar eru þessar hugmyndir um breytingar á uppbyggingu tónlistarnáms á framhaldsstigi harðlega gagnrýndar og áhyggjur viðraðar af aðgengi nemenda og jafnrétti til náms.

Árni Harðarson, skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs, annar þeirra sem undirritar greinargerðina, sýnist sem grunnhugmyndin snúist um að hverfa aftur um nokkur ár og aftengja samkomulag ríkisins og Sambands sveitarfélaga frá 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkvæmt núgildandi lögum eru tónlistarskólarnir á ábyrgð sveitarfélaganna en ríkið hefur lagt tæplega 250 til 300 milljónir í framhaldsnámið samkvæmt samkomulaginu í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Því sé ljóst að sveitarfélögin muni þar með reka sína tónlistarskóla án fjárframlags frá ríkinu, þótt engar mótaðar hugmyndir hafi hann séð.

Í greinargerð skólastjórahópsins segir að ráðherra vilji í stað núverandi fyrirkomulags semja við eina sameinaða stofnun tveggja tónlistarskóla í Reykjavík; Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH.

„Það virðist vera hugmyndin að koma á legg framhaldsskóla í tónlist,“ segir Árni en veit ekki hverjum standi til boða skólavist þar. Nemendafjöldi skólanna tveggja var 239 á síðustu haustönn en á landsvísu ríflega 900. Nemendur á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og einsöng í fyrrahaust voru rúmlega 900 – þar af 677 utan þessara tveggja sem stæðu að baki nýja skólanum verði hugmyndirnar að veruleika.

Þær virðast hins vegar þegar nokkuð þroskaðar miðað við bréf sem Söngskóli Sigurðar Demetz fékk 2. mars frá ráðuneytinu. Þar segir að „af hálfu ráðuneytisins er ekki ráðgert að fjárhagslegum stuðningi verði haldið áfram með óbreyttum hætti og verið hefur frá haustmisseri 2011“.

svavar@frettabladid.is



**SPILAÐ AF LIST** Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna er eitt afsprengi námsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Afleiðingarnar að mati skólastjóra

- Fjárveitingar til framhaldsnáms í tónlist verða óhjákvæmilega skornar niður.
- Aðgengi að tónlistarnámi minnkar.
- Jafnrétti til náms með tilliti til búsetu skerðist.
- Um er að ræða byggðapólitík með öfugum formerkjum.
- Mat á tónlistarnámi nemenda í framhaldsskólum landsins skerðist.
- Vegið er að tónlistarskólum sem hafa staðið myndarlega að framhaldsnámi.
- Valfrelsi tónlistarnema skerðist.

Uppnám á blaðamannafundi með Merkel og Al Sissi í Berlín:

# Sagði Al Sissi vera morðingja

**ÞÝSKALAND** Ung blaðakona hrópaði „morðingi“ að Abdel Fatteh Al Sissi, forseta Egyptalands, á sameiginlegum blaðamannafundi hans og Angelu Merkel Þýskalandskanslara í Berlín í gær.

Egypskir blaðamenn á fundinum brugðust hratt við, umkringdu konuna harla æstir og hrópuðu ítrekað á móti: „Lifi Egyptaland.“ Þeir höfðu reyndar verið óvenju háværir á fundinum fram að því, klöppuðu óspart meðan Al Sissi flutti yfirlýsingu sína og báru lof á hann.

Al Sissi er í stuttri heimsókn í Þýskalandi, en hann gerði stjórnarbyltingu í Egyptalandi árið 2013 þegar hann velti Mohammed Morsi úr sessi, fyrsta þjóðkjörna forsetanum í sögu Egyptalands.

Morsi var nýverið dæmdur til dauða ásamt mörgum stuðningsmanna sinna, en þeir bíða nú niðurstöðu áfrýjunardómstóls.

Á blaðamannafundinum í Berlín gagnrýndi Merkel þann gríðarlega fjölda dauðarefsinga sem egypskir dómstólar hafa dæmt menn til í stjórnartíð Al Sissis. Egyptalandsforseti svaraði því til að jafn mikil virðing væri borin fyrir mannslífum í Egyptalandi og í Þýskalandi.

- gb



**GERÐI HRÓP AÐ FORSETANUM** Konan kvaddi sér hljóðs undir lok blaðamannafundarins og uppskar hörð viðbrögð egypskra blaðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# DEBENHAMS

## miðnæturopnun

Opið til 24:00 í kvöld

**25%** AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM VÖRUM**

NEMA **20%** AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM*

## OFURTILBOÐ - AÐEINS Í DAG




**KAUPAUKI FYLGIR**
þegar keyptar eru tvær vörur
frá ORUBLU




**40% AFSLÁTTUR AF**
Red Herring dömuskóm



**40% AFSLÁTTUR AF**
Pineapple dömufatnaði



**40% AFSLÁTTUR AF**
síðkjólum




**40% AFSLÁTTUR AF**
Debenhams herranærbuxum



**40% AFSLÁTTUR AF**
úrvali af herraskyrtum



**40% AFSLÁTTUR AF**
barnastuttbuxum




**40% AFSLÁTTUR AF**
Maine og Jeff Banks
herrapeysum

*Gildir ekki af öðrum tilboðum

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

STAÐAN Í STJÓRNMÁLUNUM

## FYLGI FLOKKANNA Í KÖNNUNUM SÍÐUSTU 13 MÁNUÐI




## EKKI SÁ VALKOSTUR SEM ÆTLAÐ VAR



**FORMAÐUR:** Guðmundur Steingrímsson
**ÞINGMENN:** 6
**ALÞINGISKOSNINGAR: 2013** 8,2%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS:** 7,4%

Björt framtíð kom fram á sjónarsviðið fyrir síðustu kosningar. Segja má að flokkurinn hafi verið samsuða fólks í kringum Guðmund Steingrímsson og hóps úr Besta flokknum, sem hafði unnið stórsigur í borginni. Guðmundur varð formaður flokksins ásamt Heiðu Kristínu Helgadóttur, sem nú starfar sem fjölmiðlakona hjá 365, meðal annars á Fréttablaðinu.

Björt framtíð átti að verða hinn valkosturinn, fyrir þá sem hvorki gátu kosið vinstri né hægri, vildu ekki gömlu pólitíkina, vildu ekki festa málin í viðjum fortíðarinnar heldur horfa lausnamiðað á hvert mál. Með smá dassi af hipp og kúl. Flokkur Evrópusinna, en ekki Samfylkingin. Nútímalegur flokkur.

Flokkurinn hefur ekki náð því, hverju sem sætir, og einhverjir hafa borið brigður á nútímavæðinguna sem birtist til dæmis í andstöðu við áfengi í matvöruverslanir.

## NÁTTÚRUVERND VIRÐIST LITLU SKILA



**FORMAÐUR** Katrín Jakobsdóttir
**ÞINGMENN** 7
**ALÞINGISKOSNINGAR 2013** 10,9%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS** 9,8%

Ríkisstjórnin er óvinsæl, allt logar í deilum á vinnumarkaði, hvert verkalýðsfélagið á fætur öðru er í verkfalli eða að undirbúa vinnustöðvun og ríkisstjórnin virðist lítil tök hafa á þingstörfum. Já, þetta er sama byrjun og í umfjöllun um Samfylkinguna og við þetta má bæta náttúruverndinni. Hún er nú aftur komin á dagskrá með umræðum um rammaáætlun. Allt þetta ætti að skila Vinstrihreyfingunni – grænu framboði einhverri fylgisaukningu, en gerir það ekki.

Við þetta má enn bæta að flokkurinn er undir forystu vinsælasta stjórnmálamanns landsins, en það virðist litlu breyta. Vinstri græn fóru illa út úr síðustu kosningum og geta eins og Samfylkingin vísað til þess varðandi núverandi fylgi. Það breytir þó litlu að innan við tíu prósent kjósenda geta hugsað sér að kjósa flokkinn í dag.

## VARANLEG BREYTING Á FYLGI?



**FORMAÐUR** Bjarni Benediktsson
**ÞINGMENN** 19
**ALÞINGISKOSNINGAR 2013** 26,7%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS** 23%

Saga Sjálfstæðisflokksins er löng og glæsileg og flokkurinn er vanur því að geta gengið að því vísu að fá yfir 30 prósenta fylgi. Það hefur ekki gerst í tveimur kosningum í röð og flokkurinn hefur ekki náð að vinna upp það tap sem hann varð fyrir í kjölfar hrunsins.

Nái flokkurinn ekki að rjúfa 30 prósenta markið í næstu kosningum hljóta flokksmenn að spyrja sig að því hvort landslagið hafi breyst til frambúðar og Sjálfstæðisflokkurinn nái aldrei aftur álíka yfirburðastöðu og hann hafði. Ekki þarf að líta lengra en til borgarinnar til að sjá dæmi um varanlegar breytingar á fylgi. Bjarni Benediktsson hlýtur að þurfa að spyrja sig að því hvort hann sé rétti leiðtoginn, nái flokkurinn ekki að rétta sinn hlut allverulega. Ekki er augljóst hver ætti að taka við af Bjarna, helst að Ólöf Nordal kæmi til greina. Framtíð Bjarna sem formanns ræðst því af því hvort honum takist að gera ríkisstjórnina vinsælli en hún nú er.

## NÆR EKKI VOPNUM SÍNUM



**FORMAÐUR** Árni Páll Árnason
**ÞINGMENN** 9
**ALÞINGISKOSNINGAR 2013** 12,9%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS** 12,4%

Ríkisstjórnin er óvinsæl, allt logar í deilum á vinnumarkaði, hvert verkalýðsfélagið á fætur öðru er í verkfalli eða að undirbúa vinnustöðvun og ríkisstjórnin virðist lítil tök hafa á þingstörfum. Í eðlilegu árferði ættu þetta að vera kjöraðstæður fyrir jafnaðarmannaflokk með söguleg tengsl við verkalýðshreyfinguna, en Samfylkingin hefur ekki náð sér á flug eftir fylgishrunið í síðustu kosningum.

Ýmsir hafa kennt Árna Páli Árnasyni formanni um þá staðreynd og síðasti landsfundur sýndi að hann stendur ekki traustum fótum. Samfylkingarfólk er duglegt að minna á að það sýpur enn seyðið af óvinsældum síðustu ríkisstjórnar. Það telur hins vegar afskaplega lítið í dag og sú staðreynd hve fáir telja flokkinn best fallinn til að berjast fyrir hagsmunum sínum í dag hlýtur að vera áhyggjuefni.

Erfitt er að sjá fyrir sér að Árni Páll vermi formannssætið lengi ef hagur Strympu fer ekki að vænkast. Arftaki hans er þó ekki augljós og kannski þarf flokkurinn að bíða þess að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hugi að landsmálunum.

## FLOKKURINN SEM FLESTIR VILJA



**KAFTEINN** Birgitta Jónsdóttir
**ÞINGMENN** 3
**ALÞINGISKOSNINGAR 2013** 5,1%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS** 34,1%

Trauðla eru til mörg dæmi í sögunni um jafn mikla fylgisaukningu flokks sem á fulltrúa á þingi og má sjá hjá Pírötum. Vissulega er fylgið aðeins í könnunum og ekki á vísan að róa með það. Mýmörg dæmi eru um flokka sem rokið hafa upp í könnunum en fengið mun minna fylgi í kosningum: Bandalag jafnaðarmanna, Kvennalistinn, Þjóðvaki og Samstaða, svo eitthvað sé nefnt.

Fylgisaukning Pírata er hins vegar löngu hætt að vera stundarfyrirbrigði sem skýra megi með tímabundinni óánægju með aðra flokka. Þannig afskrifuðu margir fylgi Besta flokksins allt þar til talið var upp úr kössum í kosningum. Og þó að Birgitta Jónsdóttir sé ekki Jón Gnarr ættu menn að fara varlega í að afskrifa allt það fylgi sem flokkurinn hefur jafnt og þétt bætt við sig.

Pírötum hefur einum stjórnarandstöðuflokka tekist að nýta sér óvinsældir ríkisstjórnarinnar. Þeir hafa stundað öðruvísi vinnubrögð og gagnrýni á flokkinn fyrir að fara ekki alltaf eftir hefðbundnum leiðum hrekkur skammt.

## FYLGISHRUN FRÁ KOSNINGASIGRI



**FORMAÐUR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
**ÞINGMENN** 19
**ALÞINGISKOSNINGAR 2013** 24,4%
**SÍÐASTI ÞJÓÐARPÚLS** 8,9%

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kom eins og stormsveipur inn í íslenska pólitík. Hann varð formaður árið 2009 og fjórum árum síðar forsætisráðherra. Flokkurinn átti á brattann að sækja lengi framan af síðasta kjörtímabili. Það var í raun ekki fyrr en dómur féll Íslendingum í vil í Icesave-málinu að hann fór að fara upp í könnunum. Vel heppnuð kosningabarátta með áherslum sem féllu í geð skilaði þeim atkvæði fjórða hvers kjósanda.

Nú er öldin önnur. Sigmundur Davíð leiðir óvinsæla ríkisstjórn, flokkurinn er kominn undir 10 prósent í könnunum og fátt sem hann gerir virðist ná að hífa fylgið upp. Nú þegar komið er í síðari hluta kjörtímabilsins má búast við að flokksforystan fari að huga að næstu þingkosningum og því hvernig Framsóknarflokkurinn ætlar að sannfæra kjósendur um að greiða honum atkvæði. Ef flokkurinn geldur afhroð í kosningunum er allsendis óvíst hvort Sigmundur muni leiða hann áfram, hvort honum hugnist að sitja sem þingmaður lítils þingflokks í stjórnarandstöðu.

# Allt í óvissu og á ekkert treystandi

Stjórnmálaskýrendur klóra sér í kollinum yfir þeirri stöðu sem uppi er í íslenskri pólitík. Fordæmalausar fylgissveiflur gera það að verkum að ekki er hægt að treysta á gamalgróin sannindi um hegðun kjósenda. Allir flokkar eru í krísu nema Píratar sem mælast stöðugt stærri.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Ástand mála í íslenskum stjórnmálum er þannig að enginn getur treyst á nokkurn skapaðan hlut. Gömul sannindi um fjórflokka, að fylgið rati á endanum í réttan dilk á kjördag og hvað gerist þegar ákveðnir flokkar sitji saman í ríkisstjórn og aðrir í stjórnarandstöðu, eru fokin út um gluggann. Það er vel. Stjórnmál eiga að vera kvik og kjósendur að velja þann flokk sem þeim hugnast best hverju sinni. Taka ákvörðun byggða á stefnum og því sem flokkar segjast ætla að gera, ekki tryggri fylgispekt.

Staðan nú er þannig að flokkur sem er ekki nema rétt um tveggja ára gamall mælist langstærsti flokkur landsins í könnun eftir könnun. Píratar eru nú mundir stærri en báðir stjórnarflokkarnir saman, en Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur hafa samanlagt 38 þingmenn og öruggan meirihluta.

### Allir tapa – nema einn

Stjórnarþingmennirnir mega búa við það könnun eftir könnun að missa fylgi. Framsóknarflokkurinn vann stórsigur í síðustu kosningum og hefði kannski mátt búast við einhverju fylgistapi, en enginn þar á bæ hefur búist við því að vera kominn í eins stafs tölu eftir hálft kjörtímabil í stjórnarráðinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirleitt bætt við sig fylgi þegar hann er í ríkisstjórn, á meðan samstarfsflokkurinn tapar fylgi. Það er ekki að gerast nú.

Undir eðlilegum kringumstæðum væri jarðvegurinn því frjór fyrir stjórnarandstöðuna. Fylgi ríkisstjórnarinnar er ekki mikið og hún stendur fyrir fjölmörgum umdeildum málum. Þá hefur landið logað í vinnudeilum og verkföllum, sem sagt kjörlendi fyrir stjórnarandstöðu.

Það virðist þó engu breyta varðandi fylgi stjórnarandstöðuflokkanna, utan Pírata. Samfylkingin, Vinstri græn og Björt framtíð virðast ekki geta snúið óánægju með stjórnarflokkana upp í ánægju með sig. Síður en svo.

### Krafa um ný vinnubrögð

Hægt er að deila endalaust um hvað skýrir mikið fylgi Pírata í könnunum og hvort það muni skila sér í góðri útkomu í kosningum. Það getur verið hinn skemmtilegasti samkvæmisleikur að velta því fyrir sér, en í raun skiptir það kannski ekki öllu máli.

Það sem meira máli skiptir er að kjósendur nýta sér það tækifæri sem skoðanakannanir eru til að koma óánægju sinni á framfæri. Óánægju með fimm af sex flokkum þingsins.

→ Fylgi flokkanna í síðustu könnunum gefur til kynna að hegðun kjósenda hafi breyst.

Forystumenn flokkanna geta dottið í sjálfsvorkunn, kennt einhverjum öðrum en sjálfum sér um stöðuna, klórað sér í kollinum og neitað að horfast í augu við það hve skilaboð kjósenda eru skýr. Eða þeir geta lesið í kjósendur, í hverra umboði þingmenn starfa, sett undir sig hausinn og reynt að breyta sjálfum sér í eitthvað sem hugnast fólkinu í landinu betur.

Sú breyting ætti þó ekki að verða eftir formerkjum lýðskrums og dægurmála, heldur raunveruleg breyting á því staðnaða stjórnmálakerfi sem hefur ríkt á landi ísa.

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í TENNIS FYRIR FULLORÐNA
eru að hefjast
Skráning stendur yfir í síma 564 4030 og á tennishollin.is
TENNISHÖLLIN
Kópavogi

# Sterkari saman

Hámarkaðu virknina á þínu uppáhalds dagkremi með Double Serum.




# CLARINS

Clarins kynning í verslunum Hagkaups
dagana 4. – 10. júní.
20% afsláttur
af Double Serum & dagkremum í Clarins.

## GJÖFIN ÞÍN

Snyrtitaska frá Clarins
Cleansing Milk 50ml.
Toning Lotion 50ml.
Hydraquench Cream Mask 15ml.
Inst. Light Lip Comfort Oil 2.8ml.
Be Long Mascara lúxusprufa
VERÐGILDI 7.300 kr.




*Þegar verslaðar eru tvær vörur fylgir falleg gjöf.*

Á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Skemmtileg **sumartilboð**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **20% afsláttur** af öllum vörum. Optical Studio | **20% afsláttur** af öllum vörum. ÚTILÍF | **20% afsláttur** af öllum vörum. LINDEX | **25% afsláttur** af öllum vörum. A4 | **6.000 kr.** inneign á aðeins **4.000 kr.** Smáratívolí | **15% afsláttur** af öllum vörum. JACK & JONES |
| **20% afsláttur** af öllum vörum. SELECTED | **15% afsláttur** af öllum vörum. VILA CLOTHES | **15% afsláttur** af öllum vörum. VERO MODA | **20% afsláttur** af öllum vörum. name it | **30% afsláttur** af völdum vörum. Levi's | **30% afsláttur** af öllum vörum. UNITED COLORS OF BENETTON. |
| **20% afsláttur** af öllu postulíni. All Over the World | **20% afsláttur** af öllum vörum. ESPRIT | **1.690 kr.** Adesso ostborgari, Bernaiseborgari eða Mexicosalat. CAFÉ ADESSO | **25% afsláttur** af öllum vörum nema **20% afsláttur** af snyrtivörum. Gildir ekki með öðrum tilboðum. DEBENHAMS | **20% afsláttur** af verði allra vörutegunda. THE BODY SHOP | **20% afsláttur** af öllum vörum nema **10% afsláttur** af trúlofunarhringum. JÓN & ÓSKAR |
| **20% afsláttur** af öllum glösum og kertastjökum. Líf & List SMÁRALIND | 18" ekta New York pizza m/2 áleggstegundum. **1.990 kr** SBARRO | **20% afsláttur** af öllum peysum. 66° NORÐUR | **20% afsláttur** af öllum vörum. Drangey | **20% Vildar-afsláttur** af öllum vörum nema Vitra. Eymundsson | **20% afsláttur** af völdum réttum. energia RESTAURANT - KAFFI - BAR |
| **20-50% afsláttur** af öllum skart-gripum. Jens | **20% afsláttur** af öllum vörum. KARAKTER | **20% afsláttur** af öllum vörum. galleri sautján | **20% afsláttur** af öllum skóm. focus | **20% afsláttur** af öllum skóm. gs skór | **50% afsláttur** af völdum vörum. vodafone |
| **25% afsláttur** af öllum vörum. Gildir ekki með öðrum tilboðum. prooptik | **20% afsláttur** af öllum auka-hlutum. Valdar spjaldtölvur á allt að **50% afslætti.** Síminn | **20% afsláttur** af öllum vörum. DÚKA | **1.290 kr.** Tælensk núðlusúpa með kjúklingi. Souper | **20% afsláttur** af Ray Ban og Porsche Design. PLUSMINUS OPTIC | **20% afsláttur** af öllum vörum. DOGMA |

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR



ÍSLENSKA/SIA.IS SML 74444 06/15
SMÁRALIND
OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

# Sól og **sumartilboð**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **30% afsláttur** af öllum vörum. **20% afsláttur** af vörum í nýjum umbúðum. MAKE UP STORE | **20% afsláttur** af snyrtivörum, ilmum og sokkabuxum. LYFJA | Verslaðu fyrir 10.000 kr. = **10% afsláttur**, 15.000 kr. = **15% afsláttur**, 20.000 kr. = **20% afsláttur.** comma | **20% afsláttur** af öllum vörum og fleiri tilboð. smárar | **20% afsláttur** af öllum vörum og fleiri tilboð. Ice in a bucket | **20% afsláttur** af öllum vörum. PANDORA |
| **20% afsláttur** af öllum vörum. **40% afsláttur** af völdum vörum. coolcos | **20% afsláttur** af öllum vörum. CORNER | **25% afsláttur** af öllum fatnaði. **20% afsláttur** af allri sérvöru. HAGKAUP | **20% afsláttur** af öllum sumardrykkjum á sumardrykkjaplakati. TE & KAFFI | **Rafmagnað tilboð.** Weber gasgrill fylgir með öllum seldum rafbílum. even | **20% afsláttur** af öllum skóm. skórnir þínir |
| **20% afsláttur** af öllum vörum. MODUS | **6" Skinkubátur 549 kr. Lítið gos fylgir frítt með.** SUBWAY | **20% afsláttur** af öllum vörum. STEINAR WAAGE | **20% afsláttur** af öllum vörum. Kaupfélagið skór.is | **20% afsláttur** af öllum vörum. AIR | **25% afsláttur** af öllum vörum. TOPSHOP |
| **25% afsláttur** af öllum vörum. DOROTHY PERKINS | **Frítt gos fylgir öllum réttum.** Hlölla bátar | **25% afsláttur** af öllum vörum. CINTAMANI | **20% afsláttur** af öllum vörum. herra GARÐURINN | **40% afsláttur** af kóngaliljum. **35% afsláttur** af eldliljum. BJARKARBLÓM | **3 fyrir 2** af öllum vörum. SIX |
| **3 fyrir 2** af öllum sumarvörum. Dressmann | **25% afsláttur** af öllum vörum. evans | **25% afsláttur** af öllum vörum. KAREN MILLEN | **20-50% afsláttur** af öllum vörum. MOA | **20% afsláttur** af öllum vörum. DÝRABÆR | BBQ burrito og Kristall á **aðeins 1.239 kr.** serrano |
| **3 fyrir 2** af öllum sumarvörum. XL Dressmann | **15% afsláttur** af öllum skóm. BOSSANOVA | | | | |

# **Tilboðin** gilda í allan dag!

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

# Miðnæturopnun
## Opið til kl. 24

### Suðræn sumarstemning

- Tónlist í boði RVK Soundsystem
- Secret Solstice kynnir: KSF
- Secret Solstice kynnir: Axel Flóvent
- Salsa Iceland
- Roller Derby Ísland rúlla listilega um
- Dansskóli Brynju Péturs
- Amabadama spilar seiðandi reggí

### Spennandi kynningar og uppákomur í göngugötu

- Snyrtivörukynningar frá Real Techniques, Loréal, Essie og fleirum.
- Smakkaðu sælkeraosta, ostakökur frá MS og frískandi sumardrykki.
- Balance heilsurækt sýnir Yoga og Barre, ferðakynning frá Gaman ferðum og Egils Kristall fyrir gesti.



### Vinnur þú ferð fyrir tvo til Tenerife með Gaman Ferðum?

Taktu mynd af þér við Gaman-básinn hjá Zöru á 2. hæð og merktu hana
**#gamanferdir #smáralind**

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 74444 06/15

ÞINGSJÁ



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Enn eitt málið til umræðu á Alþingi sem snýst um grundvallarágreining og illa tekst að klára:

# Stjórnarráðsbreytingarnar stífla þingstörfin

Þingheimur hefur nú rætt frumvarp um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands nokkra daga og ekkert lát virðist vera á umræðum. Málið lætur kannski lítið yfir sér, en inn í það spilast umræða um grundvallarþætti eins og hvert valdsvið ráðherra eigi að vera og hlutverk Alþingis.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra er flutningsmaður málsins. Þegar hann mælti fyrir því 16. desember lagði hann áherslu á að meginmarkmið þess væri að auka sveigjanleika framkvæmdavaldsins.



„Meðal annarra helstu atriða frumvarpsins er aukinn sveigjanleiki við skipulagningu ráðuneyta og möguleikar til einföldunar stjórnsýslu og hagræðingar, auknir möguleikar á hreyfanleika starfsmanna, almenn heimild til ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyra og lögbinding starfrækslu ráðherranefnda um ríkisfjármál og efnahagsmál,“ sagði Sigmundur Davíð.

Frumvarpið gerir meðal annars ráð fyrir því að ráðherra kveði á um aðsetur stofnana sem undir hann heyra og það er ekki síst það sem setið hefur í stjórnarandstöðunni, sem vísar í Fiskistofumálið og telur frumvarpið færa forsætisráðherra of mikið vald.



„Þetta fyrirkomulag sem verið er að leggja til samkvæmt frumvarpinu gengur ekki í öðrum heimi en þeim að forsætisráðherra sé hafinn yfir vafa,“ sagði **Svandís Svavarsdóttir**, þingmaður Vinstri grænna, á þingi í gær. - kóp

## GJALLARHORNIÐ



**Guðmundur Steingrímsson**

**formaður Bjartrar framtíðar, um fundarstjórn forseta**

Þegar svona mörg mál eru fyrirliggjandi þá verður að semja, er það ekki? Þingmenn verða að gefa eftir rétt sinn, stjórnarskrárbundinn og lögbundinn, til að tala í málum, það er það sem þeir hafa fram að færa til samkomulags. Og ríkisstjórnin verður að segja hvaða mál það eru sem hún telur nauðsynlegt að koma í gegn og við fengum hér 74 mál, eiginlega bara öll mál sem ríkisstjórnin hefur undir.



**Helgi Hrafn Gunnarsson**

**þingmaður Pírata, um störf þingsins**

Þegar við fáum kvartanir frá hæstvirtum öryrkjum og ellilífeyrisþegum sem oft hafa samband við okkur þingmenn þá langar mann að hjálpa, maður reynir að hjálpa, maður reynir að skilja málin en það er bara mjög erfitt, ef það er þá mögulegt á annað borð. Maður veit ekki hvernig maður á að ráðleggja fólki.




# Hvernig liti kvennaþingið út?

Ragnheiður Ríkharðsdóttir kynnti á dögunum hugmynd um aðeins konur á Alþingi. Fréttablaðið skoðaði hvernig þessi róttæka hugmynd myndi breyta þinginu nú. Miðað var við síðustu kosningar og karlar fjarlægðir af framboðslistum.

Óhætt er að segja að Ragnheiður Ríkharðsdóttir hafi hrist hressilega upp í þingheimi á þriðjudag. Þá lagði hún til að á næsta kjörtímabili yrði málum þannig komið fyrir að í tvö ár sætu aðeins konur á Alþingi. Með því yrði þess minnst rækilega að 100 ár væru liðin frá því að konur fengu kosningarétt.

„Konur fá þá tækifæri til að sýna fram á hvort það sé í raun satt, sem haldið er fram, að vinnubrögð kvenna séu með öðrum hætti en vinnubrögð karla. Þingið yrði stutt, það yrði tvö ár, og að loknu því þingi gæti þjóðin sjálf að sjálfsögðu og þeir sem að kosningu koma velt því fyrir sér hvort skynsamlegra væri að hafa kvennaþing,“ sagði Ragnheiður í pontu og konur í salnum hrópuðu heyr, heyr.

Fréttablaðið spurði Ragnheiði hvort henni væri full alvara með tillögu sinni um kvennaþingið.

„Mér er full alvara með að leggja þessa tillögu fram með það að leiðarljósi að við veltum því fyrir okkur hvernig við breytum vinnulagi, starfsháttum og umræðuhefð í þinginu. Þannig að ég kem ekki með þetta fram af því að það sé sniðugt – eða eitthvert grín. Þetta er ein hugmynd sem ég vil leggja inn til að fá umræðu um með hvaða hætti getum við, viljum við og treystum okkur til að gjörbylta þeirri átakapólitík sem við erum að stunda hér á þingi,“ segir Ragnheiður.

Spurð hvort þjóðþingið eigi ekki að endurspegla einhvers konar þverskurð af okkur sem þjóð segir Ragnheiður að hún sé því sammála í grunninn. „Ég geri mér grein fyrir að það er ekkert jafnrétti til í þessu en konur geta alveg verið þverskurður af samfélaginu eins og 60 prósent karlar geta verið það. Þannig að þverskurður af samfélaginu getur birst þó kynið sé aðeins eitt, með tilliti til menntunar, búsetu og svo framvegis. En þetta er fyrst og síðast hugmynd til að vekja okkur til umhugsunar um að breyta hér taktík. Þetta er framlag til umræðunnar,“ segir Ragnheiður.

> **Ég geri mér grein fyrir að það er ekkert jafnrétti til í þessu en konur geta alveg verið þverskurður af samfélaginu eins og 60 prósent karlar geta verið það.**
>
> *Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

Fréttablaðið ákvað að skoða hvernig Alþingi væri skipað í dag ef aðeins sætu þar konur. Horft var á framboðslista við síðustu kosningar og karlarnir einfaldlega fjarlægðir þar til eftir stóðu jafn margar konur og þingmenn hvers flokks í hverju kjördæmi fyrir sig.

Kvennaþingið, gjörið svo vel.

kolbeinn@frettabladid.is



# VERKFÆRADAGAR

Mikið úrval af verkfærum á 20–50% afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**



-50%

~~Áður: kr. 3.995~~
**1.997 kr.**
**HLEÐSLUSKRÚFJÁRN**



-20%

~~Áður: kr. 5.995~~
**4.796 kr.**
**HLEÐSLUSKRÚFJÁRN, 3,6V**



-20%

~~Áður: kr. 6.495~~
**5.196 kr.**
**SLÍPIROKKUR, 580W**



-20%

~~Áður: kr. 9.995~~
**7.996 kr.**
**VATNSDÆLA, 400W**



-50%

~~Áður: kr. 3.590~~
**1.795 kr.**
**GIPS SKRÚFVÉL, 450W**



-30%

~~Áður: kr. 4.995~~
**3.496 kr.**
**BORVÉL, 500W**



-30%

~~Áður: kr. 26.900~~
**18.830 kr.**
**BÚTSÖG, 2100W**



-20%

~~Áður: kr. 8.995~~
**7.196 kr.**
**FLÍSASÖG**



-30%

~~Áður: kr. 3.995~~
**2.796 kr.**
**HLEÐSLUBORVÉL, 12V**



-30%

~~Áður: kr. 2.995~~
**2.096 kr.**
**HORNJUÐARI, 180W**

Juðari, 135W, **kr. 2.716.** ~~Áður: kr. 3.995~~
Juðari, 150W, **kr. 3.996.** ~~Áður: kr. 4.995~~



-20%

~~Áður: kr. 1.775~~
**1.420 kr.**
**LÍMBYSSA, 7 MM**

Límbyssa, 11 mm, **kr. 1.580.** ~~Áður: kr. 1.975~~



-20%

~~Áður: kr. 6.995~~
**5.596 kr.**
**BÓNVÉL**



-30%

~~Áður: kr. 8.995~~
**6.296 kr.**
**BELTASLÍPIVÉL, 900W**



-20%

~~Áður: kr. 5.995~~
**4.796 kr.**
**STINGSÖG**



-20%

~~Áður: kr. 7.995~~
**6.396 kr.**
**HEFTIBYSSA**



-30%

~~Áður: kr. 9.995~~
**6.996 kr.**
**HÖGGBOR/BROTVÉL, 620W**

Afslátturinn gildir til 31. maí 2015 eða á meðan birgðir endast.

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

**RAFVÖRUMARKAÐURINN**

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

Unnið er að hönnun og fjármögnun bygginga undir leiguíbúðir sem ætlaðar eru til tímabundinnar búsetu vestan Öskjuhlíðar:

# HR byggir 350 íbúðir fyrir stúdenta og starfsmenn

Háskólinn í Reykjavík áformar að byggja 350 nýjar íbúðir og einstaklingsherbergi, auk leikskóla og þjónustuhúsnæðis, í nýjum Háskólagörðum vestan Öskjuhlíðar.

Borgarráð samþykkti í síðustu viku að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Unnið er að hönnun og fjármögnun bygginga á svæðinu og vonast er til að framkvæmdir geti hafist á næsta ári.

Fyrirhugaðar íbúðir eru ætlaðar til leigu og tímabundinnar búsetu fyrir nemendur og starfsfólk fyrirtækja sem starfa hjá HR og öðrum þekkingarfyrirtækjum í nágrenninu. Miðað er við litlar íbúðir og einstaklingsherbergi með sameiginlegri aðstöðu.

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segist afar ánægður með að þessum áfanga hafi verið náð. Ekki sé tímabært að segja til um á þessari stundu hvernig verkefnið verður fjármagnað eða hvernig eignarhaldinu verður háttað. Fyrsta skref í áttina að svona verkefni sé að afgreiða deiliskipulagið og það sé núna frá.

„Þetta er hugmyndin og hugmyndafræðin sem við viljum fara af stað með varðandi háskólagarðana okkar og nú getum við farið að vinna að öðrum hlutum á fullu, eins og fjármögnun og hönnun.“

Samkvæmt skipulagi verða byggingarnar almennt tvær til fjórar hæðir. Á jarðhæð er gert ráð fyrir möguleika á dagvöruverslun og annarri þjónustu. Syðst á svæðinu, næst Háskólanum í Reykjavík, er gert ráð fyrir leikskóla og annarri hverfisþjónustu. - jhh



**HÁSKÓLAGARÐAR** Í tilkynningu frá HR segir að bygging Háskólagarðanna sé óháð framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni.

Réttindi opinberra starfsmanna ríkari en annarra:

# Telja samanburðinn vera óraunhæfan

Opinberir starfsmenn njóta betri lífeyrisréttinda, ríkara starfsöryggis, ríflegri veikinda- og orlofsréttinda, betri tækifæra til endur- og símenntunar og aukinna starfsaldurstengdra réttinda samanborið við starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Þetta segir í nýju áliti Viðskiptaráðs Íslands um réttindi og kröfur opinberra starfsmanna.

Af þessari ástæðu geti opinberir starfsmenn ekki borið sig saman við launþega á almennum markaði í launakröfum sínum.

Viðskiptaráð telur að grundvöllur þess að ræða megi sérstakar launahækkanir opinberra starfsmanna, umfram laun á almennum markaði, sé að umframréttindi fyrrnefnda hópsins verði afnumin.

„Það hefur aldrei verið sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að launakjör opinberra starfsmanna séu lakari. Slíkur samanburður þyrfti alltaf að taka tillit til þessara réttinda,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Það er mat Viðskiptaráðs að ef laun félaga í BHM myndu hækka um 20 prósent umfram laun á almennum markaði, án þess að afnema umframréttindin, myndi afkoma hins opinbera versna um 51 milljarð króna á ári. Það bil myndi þurfa að brúa með uppsögnum opinberra starfsmanna, skertri þjónustu eða verulegum skattahækkunum. - jhh



**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR** Hjúkrunarfræðingar vilja að menntun þeirra verði metin til launa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Það hefur aldrei verið sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að launakjör opinberra starfsmanna séu lakari.**

*Björn Brynjúlfur Björnsson*

# Stærsta áhættan er staða Grikklands

Hagvöxtur í heiminum minnkar í ár. Ástæðan er minni hagvöxtur í Bandaríkjunum og Kína. Hagvöxtur er í evruríkjum. Þar er stærsti áhættuþátturinn þó staða Grikklands. Greiðslufall eða úrsögn úr Evrópusambandinu ylli miklum vanda.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) býst nú við minni vexti í alheimshagkerfinu en áður. Ástæðan er sú að fjárfestingar eru minni en áður var búist við og áhættuþættir, eins og mögulegt greiðslufall Grikklands, draga úr trausti á markaðnum.

OECD býst við að vöxtur í alþjóðahagkerfinu verði 3,1 prósent á þessu ári, en í október síðastliðnum var búist við að hann yrði 3,7 prósent. Að meðaltali hefur hagvöxturinn á ári verið 3,9 prósent allt frá árinu 2011. Á síðasta ári var hagvöxtur 3,3 prósent. Á vef Bloomberg segir að stórfyrirtæki hafi haldið aftur af sér í fjárfestingum. Það hefur valdið því að dregið hafi úr eftirspurn. Það dregur úr vexti á atvinnumarkaði, dregur úr launahækkunum og þar með neyslu.

Minni hagvöxtur í Bandaríkjunum, stærsta hagkerfi í heimi, var stærsta ástæðan fyrir endurskoðaðri hagspá OECD. En einnig er ástæðan rakin til minni hagvaxtar í Kína.

OECD býst við að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 2 prósent í ár en hann var 2,4 prósent í fyrra. Í mars var aftur á móti búist við að hagvöxtur í Bandaríkjunum yrði 3,1 prósent. Hagvöxtur í Kína verður 6,8 prósent en hann var 7,4 prósent í fyrra.

Hagvöxtur á evrusvæðinu eykst aftur á móti og er það rakið til magnbundinnar íhlutunar sem Seðlabanki Evrópu réðst í fyrir nokkrum mánuðum. Búist er við að hagvöxturinn verði 1,4 prósent í ár en hann var 0,9 prósent á evrusvæðinu í fyrra.

„Evrusvæðið er ljósi punkturinn í myndinni,“ segir Catherine Mann, aðalhagfræðingur OECD, í samtali við Bloomberg. „Aðgerðir Seðlabanka Evrópu, lækkun evrunnar og lægra olíuverð, virðist skila jákvæðri niðurstöðu,“ segir Mann. Hún segir að evruríkin gætu aftur á móti aukið hagvöxt enn meira með því að auka opinbera fjárfestingu.

Stærsta verkefnið er þó að leysa vandamál sem tengjast ríkisfjármálum Grikklands. Staða ríkisfjármála þar dregur úr væntingum fjárfesta víða í öðrum ríkjum.

OECD lítur svo á að greiðslufall gríska ríkisins eða brotthvarf ríkisins úr Evrópusambandinu yrði til þess að valda evruríkjunum efnahagslegum vandræðum.

Búist var við því að Alexis Tsipras myndi hitta Jean-Claude Juncker, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, í gær.

jonhakon@frettabladid.is




**AÐALHAGFRÆÐINGURINN** Catherine Mann segir að Evrópusambandið sé bjarti punkturinn í hagspánni. NORDICPHOTOS/AFP

LUNDUR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616


*Karl Gunnarsson og Kristján P. Arnarsson, löggiltir fasteignasalar*



OPIÐ HÚS AÐ ÁLFHEIMUM 60 EFSTA HÆÐ T.V. 4. JÚNÍ KL. 17.30-18.30

**Karl frá Lundi sýnir s. 777-0502**

Sérlega vel skipulögð og rúmgóð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli, svo kölluð Sigvaldablokk (Sigvaldi Thordason arkitekt). Endastigahús næst Laugardalnum. Íbúðin er einkar rúmgóð og björt, samtals 106,2 fm. Komið inn í gott hol þaðan sem gengið er í allar vistarverur. Stór og björt stofa, góðar sólarsvalir í suðvestur frá stofu og gott útsýni, Opið milli stofu og eldhúsins innaf eldhúsinu. Eldhús með góðum innréttingum og góðum borðkrók, gert ráð fyrir uppþvottavél. Tvö góð barnaherbergi og stórt hjónaherbergi. Baðherbergi með hornbaðkari. Sameign er öll góð og snyrtileg og góður rekstur á húsfélagi. Í það heila mjög góð eign á afar þægilegum stað með allt sem þarf í göngufæri, Laugardalurinn, heilsugæsla, skólar og svo auðvitað, en ekki síst, bæjarins bestu bakarí með sín einstöku „kruðerý”.

**SJÓN ER ÖLLUM „FASTAEIGNASÖLUMANNALÝSINGUM” BETRI**
**KÍKIÐ VIÐ OG SKOÐIÐ Í DAG MILLI KL. 17.30 OG 18.30**

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891-9916 • www.lundur.is • lundur@lundur.is

Arion banka líst illa á hugmyndir um auknar bætur í húsnæðiskerfið:

# Áherslan verði á minni kostnað

Greiningardeild Arion banka vonar að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum muni einkum miða að því að lækka byggingarkostnað, með breytingum á byggingarreglugerð.

Daginn sem VR, Flóabandalagið og Stéttarfélag Vesturlands skrifuðu undir kjarasamninga boðaði ríkisstjórnin umtalsverðar breytingar á húsnæðiskerfinu, með uppbyggingu félagslegra íbúða, stuðning við almennan leigumarkað, stuðning við kaup á fyrstu íbúð og breytingar á byggingarreglugerð.

Auknar bætur fyrir eigendur eða leigjendur séu dýrar. Að auki sé ekki tryggt að þær verði til staðar í framtíðinni og því hvetji þær síður til nýbygginga. Þá muni þær lítið gagnast þeim sem á að hjálpa en fyrst og fremst birtast í hærra verði sem kyndi frekar undir verðbólgu.

Ríkisstjórnin hefur boðað uppbyggingu félagslegs leiguíbúðakerfis, með 2.300 íbúðum. Greiningardeild Arion banka segir að þetta sé flókin leið og málið sé vandmeðfarið.

Slíkt kerfi sé dýrt í uppbyggingu og ekki síður dýrt í rekstri. Þó sé ljóst að eftirspurnin sé til staðar þar sem hundruð manna eru á biðlistum, sem hafi lengst undanfarið. - jhh



**FASTEIGNIR** Greiningardeild Arion banka telur að hærri bætur gætu leitt til aukinnar verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 20% afsláttur

## af öllum AEG vörum í nokkra daga




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ormsson.is

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

Og áfram er haldið án nokkurrar áætlunar:

# Þröngþingi Íslendinga

Það er að bera í bakkafullan lækinn að skrifa enn einn pistilinn um þá stöðu sem upp er komin á Alþingi Íslendinga. Raunar er sá lækur orðinn svo bakkafullur að úr honum flæðir um tún og haga, götur og stræti og hlustir allra þeirra sem nenna að fylgjast með því sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar taka sér fyrir hendur þessa dagana. Staðan er þannig að engin starfsáætlun er í gildi, reynt er að koma nefndafundum á þegar færi gefst, óvíst er hvenær stór mál koma inn og enginn veit hvernig vinnunni mun fram vinda. Vinnu sem felst í því að setja okkur sem í þessu landi búum lög.

Nú er svo komið að búið er að taka rammann, erfiðasta mál ríkisstjórnarinnar, af dagskrá og óvíst hvað um það verður. Það hefur hins vegar litlu breytt, enda enginn hörgull á stórum málum sem kljúfa þingheim. Þegar rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða hvarf af dagskrá birtist fljótlega frumvarp til breytinga á lögum um stjórnarráð. Og nú hafa þingmenn rætt það dögum saman og lítið lát virðist á þeirri umræðu.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Málið er samt einfaldara en margur kann að hyggja. Í grunninn snýst deilan um það að ríkisstjórnin vill koma fjöldamörgum málum í gegnum þingið á eins fáum dögum og mögulegt er. Stjórnarandstaðan er á móti mörgum þessara mála og þar sem stjórnarliðum hefur ekki tekist að nýta tímann betur en raun ber vitni er sú staða upp komin að langar umræður um einstök mál stöðva alla afgreiðslu. Þetta gátu allir sagt sér að myndi gerast, hver sá sem fylgst hefur með stjórnmálum í meira en korter veit að þessi staða kemur upp á hverju ári, miserfið þó. Til að gera hana sem auðveldasta gildir að koma málum sem fyrst inn í þingið og afgreiða snemma. Það hafa ráðherrar ekki tileinkað sér.

Árangur áfram – ekkert stopp, var eitt sinn kosningaslagorð Framsóknarflokksins. Hafi ætlunin verið að losna við stoppin hefði mátt halda betur á málum í þinginu. Og margir forystumanna flokksins mættu líka hafa það í huga að það er ekki líklegt til að liðka fyrir samningum að snupra hinn samningsaðilann nokkuð reglulega. Eða varla taldi Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra það bæta stöðuna að sproksetja Guðmund Steingrímsson á Facebook, eða hvað? En kannski eru menn bara orðnir svona pirraðir.

Svo einfalt er það að öllum á að vera ljóst að samningar nást ekki nema með samræðum. Þær hafa litlar farið fram og nú er svo komið að ekki verða þingfundir á mánudag.

Í sovésku skákbiblíunni er að finna mörg gullkorn sem lúta að aga og reglum. Þar er mikið lagt upp úr því að hafa áætlun í öllu sem gert er og á einum stað segir: „Og svörtum er réttilega refsað fyrir að tefla án áætlunar.“ Á Alþingi virðast allir tefla án áætlunar.

Alþingi er hætt að verðskulda forskeytið al-, enda trauðla hægt að segja að þar sé hugað að al-menningi, al-mannahagsmunum eða al-mennilegum samskiptavenjum yfir höfuð. Þröngir hagsmunir ráða þar för.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flugtak Höskuldar

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, náði að skjóta borgarstjórn Reykjavíkur ref fyrir rass með því að afgreiða óvænt lög um skipulagsvald flugvalla úr nefnd. Í umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarpið var því meðal annars hótað að höfða málsókn ef ríkið tæki hluta skipulagsvalds yfir Reykjavíkurflugvelli til sín. Höskuldur gaf lítið fyrir þær hótanir. „Ég held að sá málatilbúnaður falli um sjálfan sig. Það segir í 78. grein stjórnarskrárinnar að sjálfsákvörðunarvaldið sé hjá sveitarfélögunum, nema að Alþingi ákvarði annað. Það er því í höndum löggjafans að ákveða hvar mörkin liggja.“



### Brotlending

Í skamman tíma virtust framsóknarmenn nærri því að fullkomna hugðarefni sitt um að halda flugvellinum kirfilega föstum í Vatnsmýrinni þvert á vilja borgarstjórnar. Strax daginn eftir steig þó innanríkisráðherra fram og lýsti yfir efasemdum með frumvarp Höskuldar. „Þetta eiginlega endurspeglar það að við höfum ekki náð neinu samkomulagi um það hvernig framtíðarmál flugvallarins eiga að vera en ég tel mjög varhugavert að stíga skref eins og Höskuldur er að gera þarna og ég get ekki séð fyrir mér að þetta sé nein niðurstaða sem sátt verði um.“ Þar með er flugferð Höskuldar væntanlega á enda.



### ESB er lausnin við öllu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra voru bæði gestir á skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond í gær auk Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Það var einstök heimsókn þar sem Íslendingum er almennt ekki heimilt að kaupa miða í skipið vegna tollalaga. Dagur, eins og samfylkingarmönnum einum er lagið, sagði í ávarpi sínu að besta lausnin á því væri auðvitað að ganga í Evrópusambandið. Spaugið mun hafa fallið í grýttan jarðveg.

stefanrafn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




# Hjartans mál

KJARAMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar og formaður velferðarvaktarinnar

Hvað erum við Íslendingar sammála um þegar kemur að ríkisfjármálunum? Svarið er einfalt: Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill forgangsraða skattfé til heilbrigðismála. Þetta kom skýrt fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir þingflokk Pírata í nóvember sl. Það sem meira er, þetta á við um alla aldursflokka, alla tekjuhópa, kjósendur allra flokka úr öllum kjördæmum, konur og karla. Ísland hefur líka verið í fremstu röð á sviði heilbrigðismála eins og langlífi og hverfandi ungbarna- og mæðradauði sýna. Við viljum öll að svo verði áfram.

### Hættumerki

Endurtekin verkföll í heilbrigðiskerfinu eru alvarleg hættumerki. Margar af stóru kvennastéttunum, sem hafa virkað eins og límið í samfélaginu í eftirleik hrunsins, eru búnar að fá nóg og komnar í verkfall. Heilbrigðisstofnanir eru enn að ná sér eftir verkfall lækna sl. haust, starfsemi þeirra hefur verið í hægagangi vegna verkfalls BHM í um níu vikur og nú hefur verkfall hjúkrunarfræðinga staðið í á aðra viku. Við þetta verður ekki búið. Landlæknir telur að öryggi sjúklinga sé ógnað. Þetta

**➜ Ríkisstjórnin verður að sýna, svart á hvítu, að hún hyggist leggja stóraukið fé til heilbrigðismála. Það er eini kosturinn ef við ætlum að standa vörð um það sem stendur hjarta okkar næst.**

ástand grefur undan heilbrigðiskerfinu og þar með mikilvægustu grunnstoð samfélagsins.

### Hvað er til ráða?

Framlög til heilbrigðismála höfðu verið skorin niður árin fyrir hrun og í niðurskurðinum í kjölfarið var ekki hægt að hlífa heilbrigðiskerfinu sökum umfangs þess í ríkisútgjöldum. Á sama tímabili hefur sjúklingum fjölgað vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar. Það þýðir að álagið hefur aukist og færri vinna meira á lakari kjörum. Í kjaraviðræðunum sem nú standa yfir þurfa allir aðilar að leggja sitt af mörkum til að samningar náist. Ríkisstjórnin verður að sýna, svart á hvítu, að hún hyggist leggja stóraukið fé til heilbrigðismála. Það er eini kosturinn ef við ætlum að standa vörð um það sem stendur hjarta okkar næst, íslenska heilbrigðiskerfið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Blessað stríðið

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Heimsstyrjöldin síðari lyfti heimsbúskapnum upp úr djúpri kreppu sem hafði staðið nær óslitið í tíu ár, 1929-1939. Hægt hefði verið að sigrast á kreppunni löngu fyrr, hefðu stjórnvöld vitað sem var að aukin útgjöld almannavaldsins í hvaða skyni sem er, t.d. til velferðarmála, hefðu haft engu síður örvandi áhrif á efnahagslífið en aukin hernaðarútgjöld. Almenn vitneskja um þetta samhengi festi ekki rætur fyrr en eftir stríð. Það er ekki sízt þessari vitneskju að þakka að efnahagslægðin sem hófst í Bandaríkjunum 2007-2008 varð ekki að djúpri kreppu. Nú er aftur komin á full atvinna þar vestra.

**Ísland 1939**

Íslendingar voru 120.000 þegar stríðið brauzt út haustið 1939. Landið var fátækt og frumstætt. Næstum helmingur mannaflans vann við landbúnað og sjávarútveg borið saman við 7% nú. Kreppuárin reyndust erfið. Útflutningstekjur skruppu saman bæði vegna verðfalls og sölutregðu. Höft og skömmtun mörkuðu hagstjórnina. Sumir töldu landið ramba á barmi gjaldþrots. Haustið 1939 voru 800 manns á atvinnuleysisskrá í Reykjavík. Það var mikill fjöldi. Til viðmiðunar voru 364 skráðir atvinnulausir í Reykjavík haustið 1969 þegar síldin hvarf. Í Reykjavík gáfu kirkjusöfnuðir atvinnuleysingjum súpu til að forða þeim frá hungri og vannæringu líkt og í Bandaríkjunum og Halldór Laxness lýsti í Alþýðubókinni. Það var hiti í mönnum. Gúttóslagurinn 1932 bar vitni.

Þegar Bretar hernámu Ísland vorið 1940 var eins og ský drægi frá sólu. Bretavinnan fækkaði atvinnulausum í Reykjavík úr 800 í 100 fyrsta árið og í 21 lýðveldisárið 1944. Útflutningstekjur tóku fjörkipp strax 1940. Batinn hélt áfram eftir að Bandaríkjamenn tóku við hlutverki Breta 1941. Peningar, tól og tæki, ný tækni og ný verkkunnátta streymdu inn í landið sem aldrei fyrr.

Innstreymið hélt áfram að stríði loknu í krafti Keflavíkursamningsins 1946 um rekstur flugvallarins og síðan varnarsamnings landanna 1951. Þessir samningar greiddu fyrir sölu íslenzkra afurða erlendis og aðild Íslands að Marshall-aðstoðinni 1948-1953. Hún gerði Íslendingum t.d. kleift að reisa Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi 1958. Stofnaðild Íslands að Nató var samþykkt á Alþingi 1949. Ákvörðunin var ekki borin undir þjóðaratkvæði. Hefði það verið gert, hefðu samskipti milli öndverðra fylkinga væntanlega orðið kurteislegri á kaldastríðsárunum fram yfir 1990. Úlfúðin á vettvangi stjórnmálanna hefði þá kannski orðið minni. Úlfúð spillir.

**Hervarnir, hermang**

Þegar Alþingi samþykkti aðildina að Nató 1949 og varnarsamninginn 1951 var samþykktin ekki reist á vandlegri athugun á kostum og göllum. Hugsunin var heldur þessi: Í Nató eru Bandaríkjamenn, Bretar, Danir, Norðmenn og flestir aðrir nánustu bandamenn Íslendinga, svo þarna á Ísland heima. Gróðabrallið kom síðar þegar menn sáu að hægt var að græða á hernum – og svindla. Kristján Pétursson löggæzlumaður segir í bók sinni Margir vildu hann feigan (1990) frá innflutningi stórvirkra vinnuvéla til landsins gjaldfrjálst í gegnum herstöðina þótt þeim væri ætlað hlutverk utan hennar, en það var látið afskiptalaust. Eina stóra málið sem Kristján rannsakaði í tengslum við hermangið og kom til kasta dómstóla var olíumálið, eitt mesta fjársvikamál lýðveldissögunnar. Þar var fv. utanríkisráðherra, seðlabankastjóri og stjórnarformaður Olíufélagsins fundinn sekur í Hæstarétti, en sök hans var fyrnd. Aðrir stjórnarmenn fengu væga sektardóma. Framkvæmdastjóri var dæmdur til fangavistar.

> Kreppuárin reyndust erfið. Útflutningstekjur skruppu saman bæði vegna verðfalls og sölutregðu. Höft og skömmtun mörkuðu hagstjórnina. Sumir töldu landið ramba á barmi gjaldþrots.

Hermangið og óbein aðild þriggja stjórnmálaflokka að því spillti flokkunum og mannvalinu þar og varðaði veginn að rangsleitninni og spillingunni sem fylgt hafa fiskveiðistjórninni, einkavæðingu bankanna o.fl., og þá um leið að hruninu 2008. Þetta er skuggahlið málsins. Bjarta hliðin skiptir þó einnig máli. Ísland vandist nánu samstarfi við erlend ríki og átti því auðveldara en ella með að ganga inn í EFTA 1970 og EES 1994. Íslendingar hafa aldrei þurft að gegna herskyldu. Við bættist beinn efnahagsávinningur. Hreinar tekjur af varnarsamstarfinu við Bandaríkin námu um 2% af landsframleiðslu á ári að jafnaði þau 60 ár sem samstarfið stóð. Flokkarnir þrír sem stóðu að varnarsamstarfinu við Bandaríkin gerðu þó jafnan lítið úr efnahagshlið málsins og hermanginu.

**Ekkert plan B**

Þegar Bandaríkjastjórn ákvað einhliða að hverfa með lið sitt frá Keflavík 2006 gegn óskum ríkisstjórnar Íslands kom í ljós að Íslendingar höfðu enga varaáætlun um varnir, ekkert plan B. Andstæðingar varnarsamstarfsins gátu þá sagt: „Þarna sjáið þið. Varnarsamstarfið snerist ekki um varnir, heldur peninga.“ Ísland hefur nú verið varnarlaust, þ.e. herlaust, í bráðum tíu ár, eitt örfárra fullvalda ríkja í heiminum. Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar verja nú 3% til 4% af ríkisútgjöldum til varnarmála, en Íslendingar næstum engu. Dönum þykir líkt og Eystrasaltsþjóðunum öruggast að vera bæði í Nató og ESB. Finnar og Svíar íhuga nú aðild að Nató.

# Matvælalandið Ísland – gæði, ferskleiki og sérstaða

MATVÆLI
Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins



Samstarfshópur um Matvælalandið Ísland stóð fyrir ráðstefnunni Útflutningur – til mikils að vinna fyrir skömmu. Að samstarfshópnum standa Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar, Matís og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Þetta var áhugaverð og upplýsandi ráðstefna. Samhljómur var mikill í máli þátttakenda þar sem lykilorðin ferskleiki, gæði, sjálfbærni, þjónusta, upplifun, sérstaða og stöðugleiki í gæðum voru sem rauður þráður. Það sem upp úr stendur er þó orðið samvinna sem er svo mikilvæg okkur öllum sem störfum í matvælageiranum og nauðsynleg vilji menn ná árangri á markaði, hvort sem er hér heima eða erlendis.

Það er gaman að starfa við matvælaframleiðslu. Þar er stöðug eftirspurn en einnig rík krafa um vöruþróun, gæði og uppruna vöru.

Síðustu ár hefur orðið sprenging í komu ferðamanna til landsins og aldrei hafa fleiri ferðamenn komið en á síðasta ári eða tæp ein milljón. Arion banki spáði því árið 2012 að 2015 yrðu ferðamenn orðnir 850 þúsund og fjöldinn gæti verið kominn á aðra milljón árið 2020. Fjöldi ferðamanna er nú þegar kominn í milljón, vöxturinn er með öðrum orðum hraðari en við gerðum ráð fyrir. Varlega áætlað þýðir þetta vöxt í matvælaframleiðslu upp á um 5% á ári.

Við matvælaframleiðendur megum ekki láta þennan vaxtarsprota renna okkur úr greipum. Við verðum að tryggja að útflutningur á mat hefjist hér í túngarðinum heima. Við verðum að fá okkar erlendu gesti til að neyta innlendrar framleiðslu í auknum mæli.

**Óþrjótandi vaxtarsprotar**

Ísland verður aldrei magnframleiðandi matvöru í alþjóðlegum samanburði. Tækifæri okkar felast í að finna réttar smugur. Við keppum ekki í verði en eigum að nýta okkur sérstöðu og hámarksgæði. Mikilvægt er að finna kaupendur af réttri stærð sem við getum boðið hámarksþjónustu.

Mikil tækifæri felast í ímynd landsins og hreinleika. Því er mikilvægt að við göngum vel um auðlindir okkar til að geta sýnt fram á sérstöðu okkar sem framleiðendur í sátt við lífhagkerfið. Við eigum frábær fyrirtæki allt í kringum landið sem á hverjum degi framleiða framúrskarandi vöru hvort sem það er kjöt eða fiskur, mjólk eða bjór, brauð eða ís.

> → Tækifæri okkar felast í að finna réttar smugur. Við keppum ekki í verði en eigum að nýta okkur sérstöðu og hámarksgæði. Mikilvægt er að finna kaupendur af réttri stærð sem við getum boðið hámarksþjónustu.

Sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn eru grunnstoðirnar í samfélaginu og ofan á þær eigum við að byggja. Þar eigum við óþrjótandi vaxtarsprota og tækifæri sem við mættum líta betur til.

Matur er 80-90% vatn. Við eigum nóg af vatni, við eigum nóg af landi og við eigum mikla orku. Ef rétt er haldið á málum gæti Ísland orðið þekkt vörumerki um allan heim sem matarkista norðursins.

Við Íslendingar erum liðlega 320.000. Vaxtarmöguleikar greinarinnar liggja ekki í því að fá okkur til að borða meira. Möguleikarnir liggja í því að tengja saman matvælaiðnaðinn og ferðamannaiðnaðinn og í útflutningi íslenskra matvæla.

Tækifærin eru þarna, það er okkar að vinna úr þeim.



# Hvað bíður nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga?

KJARAMÁL



**Aníta Aagestad og Rakel Óskarsdóttir**
hjúkrunarfræðingar

Við erum að útskrifast sem hjúkrunarfræðingar frá Háskóla Íslands núna í júní. Flestir sem velja sér hjúkrun sem framtíðarstarf velja það af áhuga á starfinu en ekki vegna launanna. Almenningur virðist vera meðvitaður um lág laun hjúkrunarfræðinga og kannast eflaust margir hjúkrunarnemar við að fólk slái á létta strengi með athugasemdum eins og „þú verður bara að finna þér ríkan mann“. Við höfum oft talað um það okkar á milli í gegnum námið að það verði pottþétt búið að semja um hærri laun fyrir útskrift. Miðað við takmarkaðan samningsvilja ríkisins stefnir í að það eigi ekki eftir að verða að veruleika.

Eftir útskrift bíða nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga mjög fjölbreytt tækifæri þar sem skortur er á hjúkrunarfræðingum í landinu. Auk þess er mikil eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum erlendis og eru eflaust margir sem horfa á hærri laun og spennandi tækifæri þar. Hjúkrunarfræðingar eins og aðrar stéttir þurfa að sjá sjálfum sér og fjölskyldum sínum farborða. Eftir fjögurra ára háskólanám ættu hjúkrunarfræðingar að fá laun sem gera þeim kleift að gera það með sómasamlegum hætti, en auk almennra heimilisútgjalda skulda margir há námslán sem þeir þurfa að greiða til baka.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum síðustu daga er nauðsynlegt að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga til að geta haldið uppi heilbrigðisþjónustu í landinu í framtíðinni. Hjúkrunarfræðingar eru ekki aðeins í verkfalli vegna eigin hagsmuna heldur einnig hagsmuna samfélagsins í heild sinni og komandi kynslóða því hjúkrunarfræðingar eru langstærsta stéttin innan heilbrigðiskerfisins. Við höfum áhyggjur af því að stéttin eigi ekki eftir að endurnýjast eins og þörf er á og að álag sem nú þegar er á hjúkrunarfræðingum eigi eftir að aukast enn frekar og finnst okkur það mjög fráhrindandi. Spennandi og fjölbreytt starf er ekki nóg til að laða að ungt fólk í hjúkrun og leggja á sig fjögurra ára háskólanám í hjúkrunarfræði og skuldsetja sig um leið.

**➜ Hjúkrunarfræðingar eru ekki aðeins í verkfalli vegna eigin hagsmuna heldur einnig hagsmuna samfélagsins í heild sinni og komandi kynslóða.**

### Eftirsóknarvert starf?

Okkur langar að starfa á Íslandi við hjúkrun þar sem tækifærin hér eru mjög fjölbreytt og spennandi. Fólkið sem starfar við heilbrigðisþjónustu hér er almennt mjög fagmannlegt og býr yfir dýrmætri þekkingu. Við teljum mikilvægt að gera starfið eftirsóknarverðara með hærri launum og betri vinnuaðstöðu til þess að koma í veg fyrir frekari landflótta úr stéttinni. Höfundar hafa horft til þeirra möguleika sem bjóðast á Norðurlöndunum og útiloka ekki að kanna þá möguleika enn frekar. Þó erum við erum spenntar að slást í hóp öflugra hjúkrunarfræðinga eftir útskrift, hvað svo sem síðar verður.

Við skorum á ríkisvaldið að semja við hjúkrunarfræðinga um betri kjör til þess að tryggja endurnýjun stéttarinnar og koma í veg fyrir frekari landflótta úr stéttinni og tryggja Íslendingum gæðahjúkrun um ókomna tíð.

# Makalaust framferði Isavia

STJÓRNSÝSLA



**Aðalheiður Héðinsdóttir**
forstjóri Kaffitárs



Ingimundur Sigurpálsson, formaður stjórnar Isavia ohf., staðhæfði á blaðamannafundi 1. október sl. að samkeppnisferlið um verslunar- og veitingarými í Leifsstöð hafi verið ,,eins opið og gagnsætt eins og frekast er kostur“. Nú hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál komist að niðurstöðu um að það er rangt. Þvert á móti ber úrskurður nefndarinnar um kæru Kaffitárs með sér að stjórn Isavia er staðráðin í að koma í veg fyrir að þátttakendur í samkeppninni geti kannað hvort annarlegar og ómálefnalegar ástæður hafi ráðið vali á fyrirtækjum.

Ætla mætti að það stæði ekki í stjórn Isavia að upplýsa hvaða fyrirtæki tóku þátt í samkeppninni, en það er röng ályktun. Í fyrstu bar fyrirtækið fyrir sig trúnaði við þátttökufyrirtækin og meintan álitshnekki þeirra sem urðu undir í samkeppninni. Þá bar Isavia fyrir sig að líklega tækju fleiri fyrirtæki þátt í slíkri samkeppni ef leynd hvíldi yfir samkeppnisferlinu. Úrskurðarnefndin gaf lítið fyrir þessi rök og krafðist þess að fá nafnalistann afhentan í trúnaði. Þá „upplýsti“ Isavia að gögnunum hefði verið eytt, nafnalistanum og öllum forvalsgögnum sem innihéldu m.a. upplýsingar um fyrirtækin, vöruframboð, verð- og markaðsstefnu!

Úrskurðarnefndin var augljóslega gáttuð á þessu svari og fannst ástæða til að minna á lög um opinber skjalasöfn sem Isavia virðist hafa brotið með framferði sínu, enda mætti leggja úrskurðarnefndina niður ef það væri látið óátalið að aðilar sem heyra undir upplýsingalög eyði óþægilegum gögnum. Sú spurning verður áleitin hvort Isavia eyddi gögnunum áður en niðurstaða samkeppninnar lá fyrir eða hvort það var gert eftir að Kaffitár bað um gögnin 21. ágúst og opinber umræða um leynimakk hófst.

Þessi nafnalisti og forvalsgögn eru mikilvæg vegna þess að Isavia hefur orðið tvísaga um fjölda þátttakenda í samkeppninni, annars vegar segir í fundargerð valnefndar 8. apríl 2014 að þátttakendur hafi verið 70 en á blaðamannafundi 1. október 2014 var fjöldinn orðinn 71. Þá kemur fram í greinargerð úrskurðarnefndar að nefndin hafi undir höndum mikilvæg tilboðsgögn frá Lagardére Services, sem dagsett eru 11. júlí, en lokafrestur til að skila gögnum var 25. júní. Rétt er að minna á að þetta franska fyrirtæki er hinn stóri sigurvegari samkeppninnar með nánast alla útsölustaði matar og drykkja í flugstöðinni.

**➜ Ætla mætti að það stæði ekki í stjórn Isavia að upplýsa hvaða fyrirtæki tóku þátt í samkeppninni, en það er röng ályktun.**

### Hagsmunamál fyrir almenning

Ég vil vekja athygli á tveimur öðrum staðreyndum sem koma fram í úrskurðinum. Isavia neitaði ekki eingöngu Kaffitári um aðgang að stigagjöf annarra þátttakenda, heldur neitaði hún einnig úrskurðarnefndinni um þessi gögn, þrátt fyrir tilmæli um að þau yrðu aðeins afhent nefndinni í trúnaði.

Beiðni um aðgang að gögnum sem útskýra einkunnagjöf og val á fyrirtækjum var svarað með því að engin slík gögn væru til í skjalavörslu fyrirtækisins. Á mannamáli þýðir þetta að engar fundargerðir, engin vinnuskjöl eða minnisblöð, engin greinargerð eða glærukynning er til hjá fyrirtækinu sem útskýrir hvers vegna valnefnd lagði til við stjórn Isavia að gengið yrði til samninga við tiltekin fyrirtæki og stjórn Isavia finnst boðleg vinnubrögð að hafa engin skrifleg gögn til að styðjast við þegar tekin var ákvörðun um ráðstöfun gæða sem teljast til opinberra hagsmuna.

Með hliðsjón af öllu þessu ákvarðaði úrskurðarnefnd upplýsingamála að Isavia skyldi afhenda Kaffitári einkunnablöð og öll tilboð og fylgiskjöl fyrirtækja sem tóku þátt í samkeppninni í þeim flokki sem um ræðir, en eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að skylda Isavia til að afhenda gögn sem ekki eru til eða hefur verið eytt. Slíkt heyrir undir aðrar eftirlitsstofnanir ríkisins og kallar í raun á stjórnsýsluúttekt á starfsháttum fyrirtækisins.

Ég gæti hagsmuna míns fyrirtækis og þess vegna óska ég eftir aðgangi að gögnum. Lesendum ætti þó að vera ljóst að hér er á ferðinni miklu stærra mál og varðar hagsmuni almennings.

# Geislafræðingar nauðsynlegir í heilbrigðiskerfi nútímans

KJARAMÁL

**Nemendur í geislafræði við Háskóla Íslands**

Flestir þurfa einhvern tímann á myndgreiningu að halda en færri kunna skil á því fjölbreytta starfi sem geislafræðingar vinna. Til þess að verða geislafræðingur þarf að ljúka fjögurra ára námi við Læknadeild Háskóla Íslands. Í náminu er mikil bókleg kennsla og verkleg þjálfun sem fer fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Strax á fyrsta ári fá nemendur tækifæri til þess að vinna á spítalanum og sjá hvernig geislafræðingar starfa.

Myndgreining gegnir sífellt stærra hlutverki í greiningu og meðferð sjúkdóma og gegna geislafræðingar lykilhlutverki á því sviði. Það er því óhætt að segja að nútímaheilbrigðiskerfi virki ekki án aðkomu geislafræðinga. Auk þess framkvæma þeir geislameðferðir sem eru mikilvægur þáttur þegar kemur að meðferð krabbameinssjúklinga, hjálpa til í æðaþræðingum á skurðstofum og framkvæma ísótóparannsóknir með geislavirkum efnum á ísótópastofu Landspítalans.

Verkefnum geislafræðinga fjölgar með hverju árinu sem líður en aðferðir til að skyggnast inn í mannslíkamann eru í stöðugri þróun. Nú notum við röntgengeisla, segulsvið, útvarpsbylgjur, geislavirk efni, hljóðbylgjur og tölvutækni til að sjá allt frá yfirborði stórra líffæra til starfsemi fruma líkamans. Starf geislafræðinga krefst mikillar þjálfunar og þekkingar á hinum ýmsu fögum, meðal annars sjúkdómafræði, líffærafræði, geislaeðlisfræði, tækjafræði og fleira. Verklega þjálfunin felur meðal annars í sér að vera með tæknina á bak við öll tækin á hreinu. Geislafræðingar þurfa enn fremur að huga að geislavörnum, ekki má geisla neinn að óþörfu eða of mikið. Í náminu er lögð rík áhersla á að vita hvenær á að geisla einstaklinga, hvar og hvernig!

**➜ Myndgreining gegnir sífellt stærra hlutverki í greiningu og meðferð sjúkdóma og gegna geislafræðingar lykilhlutverki á því sviði. Það er því óhætt að segja að nútímaheilbrigðiskerfi virki ekki án aðkomu geislafræðinga.**

Vegna þess hversu síbreytileg störf geislafræðinga eru með tilliti til tækniþróunar, er endurmenntun nauðsynlegur hluti starfsins. Í þessu samhengi má nefna að geislafræðingar þurfa að auka við sig menntun og þjálfun ef PET-tæki (jáeindaskanni) mun koma til landsins. PET-tæki nýtist til dæmis við rannsóknir/greiningar á meinvörpum í líkamanum og væri afar kærkomin viðbót við tækjabúnað spítalans.

Verkfall geislafræðinga hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi Landspítalans og við vonum að það leysist sem allra fyrst.

# Kínverskir kvenrithöfundar og líf þeirra – seinni hluti

MENNING



**Li Sihan**
starfsmaður kínverska sendiráðsins

Árið 1949 var Alþýðulýðveldið Kína stofnað. Staða kvenna hefur gjörbreyst síðan. Um áratugi hafa margir kvenhöfundar slegið í gegn og bókmenntir tilheyra ekki lengur veröld karlmanna. Sumar þeirra eru búsettar erlendis og hafa haft áhrif innan og utan Kína, þar á meðal Yan Geling.

Yan er afkastamikill rithöfundur. Aðalpersónurnar í skáldsögum hennar eru konur sem lifa á mótum ólíkra menningarheima, stjórnmálakerfa og hugmyndaheima. Mannlegt eðli er helsta viðfang hennar og varpar hún ljósi á ýmsa þætti þess. Litríkir og djúpir eðlisþættir kvenna í þessum samfélögum laða fram tilfinningar miskunnar og sorgar í hjörtum lesenda.

Ástarlíf Yan er jafngott og skáldsögur hennar. Hún hitti starfsmann í bandarísku utanríkisþjónustunni, Lawrence að nafni, þegar hún var við nám í Bandaríkjunum. Eftir að þau giftu sig hafa Yan og eiginmaður hennar búið í Afríku og Evrópu og hefur hún verið iðin við skriftirnar.

Flestir kvenhöfundar nú á dögum eru með þægilegar vinnuaðstæður. Þeir fara sér að engu óðslega við að leita eftir ást og móta líf sitt. Núverandi formaður kínversku rithöfundasamtakanna, Tie Ning, er lýsandi dæmi um þetta.

Tie Ning fæddist árið 1953 og sló í gegn á áttunda áratug síðustu aldar. Hún hefur hlotið ýmis bókmenntaverðlaun og verk hennar hafa verið þýdd á ensku og spænsku og seld erlendis. Tie Ning var kjörin formaður kínversku rithöfundasamtakanna árið 2006 og hefur verið endurkjörin tvisvar.

Tie Ning gekk fremur seint í hjónaband. Hún kynntist eiginmanni sínum, Hua Sheng, eftir að hún hafði verið kosin formaður rithöfundasamtakanna. Hann var viðskiptafræðingur og rektor Yan Jing Hua Qiao-háskólans. Þau giftust árið 2007 en hún var þá rúmlega fimmtug.

Tie Ning lýsti þessu þannig í viðtali: „Ég er hefðbundin kona að eðlisfari og geri miklar kröfur til hjónabandsins. Mér hefur ævinlega fundist að ég væri ekki tilbúin. Ég vil frekar vera ein en ganga í sæmilegt hjónaband. Hjónabandið snýst ekki um góðar manneskjur. Það er heilmikið af góðum karlmönnum til en það er ekki víst að þeir henti þér. Ástin getur því orðið býsna erfið.“ Annar kvenrithöfundur, Bing Xin, gaf henni eitt sinn eftirfarandi ráð: „Þú þarft ekki að leita, þú bíður aðeins.“

### Kínverskar konur bæta stöðu sína

Af þessum orðum hennar er augljóst að kvenrithöfundar, í raun kínverskar konur á okkar dögum, eru með skýr viðhorf gagnvart umheiminum og sjálfum sér. Hjónabandið er hvorki nauðsynlegt né hluti af sjálfsmati þeirra. Réttindum kvenna hefur nú verið lyft í nýjar hæðir. Hér birtist árangur langvinns ákalls kvenrithöfunda sem orðið er að kröfu alls heimsins um rétt kvenna.

**➜ Flestir kvenhöfundar nú á dögum eru með þægilegar vinnuaðstæður. Þeir fara sér að engu óðslega við að leita eftir ást og móta líf sitt. Núverandi formaður kínversku rithöfundasamtakanna, Tie Ning, er lýsandi dæmi um þetta.**

Kínverskar konur bæta nú sífellt stöðu sína í samfélaginu. Þær voru öldum saman eign og skrautfjaðrir karlmanna á meðan lénsveldið var við lýði. Á dögum Lýðveldisins Kína hófst vakning á meðal kvenna, en samfélagið var grimmt og miskunnarlaust. Eftir að alþýðulýðveldið var stofnað náðu konur loks jafnrétti. Fyrra skeiðið varaði í meira en 2.000 ár, en undanfarna áratugi hafa framfarir orðið ótrúlega miklar. Því má halda fram að þetta séu einhverjar mestu framfarir mannkynssögunnar.

Það vekur mikla ánægju að verða vitni að aukinni virkni kvenna á öllum sviðum. Þeim er frjálst að lifa sínu eigin lífi og þær hafa komist til áhrifa í stjórnmálum, efnahagsmálum og á öðrum sviðum. Þetta eru góðir tímar og kunna að fara batnandi.

*Höfundur er ritstjóri vinsæls kvennatímarits í Kína. Hún starfar nú við kínverska sendiráðið á Íslandi ásamt eiginmanni sínum, ungum sendiráðunaut.*



4BLS
KIPPA ÚT :)
SUMAR
SMELLUR
ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Í Júní fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 390kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SONIC GEAR HEYRNARTÓLUM Í JÚNÍ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
VERÐ ÁÐUR 1.690
SONICGEAR
AIRPLUG100
Flott tappaheyrnartól með mjúkum þægilegum gúmmí töppum, og verðið tryggir eitt sett á mann :)
995
VINSÆLL SUMARSMELLUR;)
CREATIVE
HEYRNARTÓL
Ótrúlegt tilboð á hágæða heyrnartólum frá Creative. Skila sumarsmellunum í kristaltærum hljóm með þéttum bassa :)
6.990
VERÐ ÁÐUR KR. 7.990
40%
AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 4.990
2 LITIR
SONICGEAR
EARPUMPSTUDIO
Frábær lokuð heyrnartól frá SonicGear með samanbrjótanlega spöng, henta vel til að ferðast með, létt og þægileg
2.995
GLÆSILEG HEYRNARTÓL
4. JÚNÍ 2015 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
4 LITIR
HÁGÆÐA VATNS OG VEÐURÞOLIN GÚMMÍ TAPPA HEYRNARTÓL
SENNHEISER
SENNHEISER SPORTS
Ein bestu heyrnartólin í rækt og útivist, eru svita og vatnsþolin með flækjulausri snúru
9.990
CX 686G SPORTS HEYRNARTÓL
TÖLVUTEK
SNJALLARI HEIMASÍÐA
Við kynnum til sögunar Mobile útgáfuna af Tolvutek.is njóttu þess að vafra um síðuna okkar í símanum eða spjaldtölvunni!
Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

FRAMELESS TOUCH
HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖL-SNERTISKJÁR

AZ1-621

### ASPIRE Z1
ALL-IN-ONE BORÐTÖLVA

Ultra Thin All-In-One heimilisvél með 4ra kjarna Intel örgjörva og 22" Full HD fjölsnertiskjá, HD vefmyndavél og hlaðin allri nýjustu tækni.

- Intel Quad Core N2940 2.25GHz Burst
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 UltraFast harðdiskur
- 22" FHD LED 1920x1080 fjölsnertiskjár
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- 2.1 Hi-fi hljóðkerfi og öflugt bassabox
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

VANDAÐ LYKLABORÐ OG MÚS

acer

**99.900**
SKJÁTÖLVUR FRÁ 79.900

ALL-IN-ONE

MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR

### ASPIRE ZC

- Intel Quad Core J1900 2.4GHz Burst
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 7200RPM diskur
- 20" HD+ LED 16:9 1600x900 skjár
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 1080p Crystal Eye Full HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**79.900**
GLÆSILEG HEIMILISVÉL;)

USB3 AÐ FRAMAN

QUAD CORE 4.0GHz

### GIGABYTE
GAMING ONE TILBOÐ

- Thermaltake Versa H21 Deluxe turn
- AMD X4 860K Quad Core 4.0GHz Turbo
- GIGABYTE G1.Sniper A88X móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB Radeon R7 260X OC leikjaskjákort
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**149.900**
GLÆSILEGUR LEIKJATURN!

TILBOÐ
FLOTT SVÖRT EÐA HVÍT TASKA
2.990
AÐEINS Í JÚNÍ

1024x768 IPS

NÝ KYNSLÓÐ

250% ÖFLUGRI

acer

### M6980X
GHOST LEIKJAMÚS

GIGABYTE

- GHOST Gaming 6000dpi Pro-Laser vél
- Ótrúlega nákvæm með 12000fps
- Innbyggt macro minni fyrir flýtiaðgerðir
- Forritanlegir takkar fyrir mismunandi leiki
- 4D Tilt-wheel mjúkt GHOST skrunhjól
- Gaming Grade gúmmí húð fyrir betra grip
- 1.8m Ultra Durable gullhúðuð USB snúra

**7.990**
FULLKOMIN Í LEIKINA:)

### K8100
GIGABYTE LEIKJALYKLABORÐ

GIGABYTE

- Aivia leikjalyklaborð frá GIGABYTE
- LED baklýst lyklaborð með ljósrofa
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Snertinæmur og upplýstur hljóðstillir
- Þriggja þrepa Elastic Force hnappar
- Nemur allt að 20 hnappa í einu
- 5x5 forritanlegir Macro hnappar
- 70 GHOST Macro sett í innra minni

**11.900**
MAGNAÐ LEIKJALYKLABORÐ

4 LITIR

SEAGATE

BACKUP PLUS

### 1TB Slim
STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**14.900**
2TB AÐEINS 19.900

iPadAir2
9.7" RETINA WiFi 64GB 109.900

10 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!

### iPadAir2

- 9.7" UHD Retina fjölsnertiskjár 2048x1536
- Triple Core 1.5GHz A8X Apple örgjörvi
- 16GB flash SSD diskur
- AC MIMO þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 8MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Touch ID fingrafaraskanni í heimatakka
- Ný rafhlöðutækni allt að 10 tímar
- Örþunn aðeins 6.1mm og fislétt 437gr
- Apple iOS 8.1 stýrikerfi og fjöldi forrita

**89.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ!

3 ÁRA ÚTSKIPTIÁBYRGÐ

PLEXTOR M6S

### 256GB
SATA3 SSD DISKUR

Með SSD stýrikerfisdisk færðu margfaldan hraða í allri vinnslu! Windows ræsir sig upp á örfáum sekúndum, hágæða SSD diskur með 3 ára útskiptiábyrgð.

- 256GB Plextor M6S SSD diskur
- UltraBook-þunnur, aðeins 7mm
- Read 520MB/sec, Write 420MB/sec
- Server Grade Marvell 88SS9188 controller
- 256-Bit AES Encryption gagnalás
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- Allt að 90k IOPS einn hraðasti SSD í dag
- Hágæða SSD með 3 ára útskiptiábyrgð

**24.900**
128GB M6S SSD 14.900

LACIE

### CLOUDBOX
4TB TÖLVUSKÝ

- 4TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**36.900**
ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ :)

LACIE

### PORSCHE
4TB USB 3.0 FLAKKARI

- 4TB LaCie Porsche hágæða flakkari
- Hannaður af Porsche fyrir LaCie
- Ofur hljóðlát viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- PC&Mac öryggis/afritunarhugbúnaður
- Sterkbyggt 5mm burstað álhús
- 10x meiri hraði með USB3.0

**29.900**
8TB AÐEINS 69.900

1280x800 IPS
HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 69.900

NÝ KYNSLÓÐ

acer

GTX 960 ITX
**39.900**

7GHz 2GB GDDR5

GIGABYTE

GTX 960 SKJÁKORT

R5 BLACK
**29.900**

fractal

LÚXUS LEIKJATURN

FRÁBÆR BORÐTÖLVA
Frá ACER með Intel Quad Core örgjörva, 4GB minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni
ÓTRÚLEGT VERÐ:)

XC703
**54.900**

acer

ACER BORÐTÖLVA

Verð frá:
**1.990**

USB TENGDAR

SVALANDI VIFTUR:)

P722
**16.900**

ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA

SILICON BUMPER VARNARHLÍF

7" SPJALDTÖLVA

KM7580
**4.990**

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

GIGABYTE

ALLT ÞRÁÐLAUST

M6900
**4.990**

GIGABYTE

FLOTT LEIKJAMÚS

3 LITIR

16GB USB3
**1.990**

32GB 3.990

64GB 7.990

128GB 14.900

Silicon Power

16GB MINNISLYKILL

Verð frá:
**1.990**

BÍLFESTINGAR

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

**14.900**

pebble

PEBBLE CLASSIC

GIGABYTE · LACIE · PLEXTOR · Thermaltake · THONET & VANDER · brother at your side · TÖLVUTEK



**Verslun og vinnustofa**
Fimm íslenskir fatahönnuðir hafa komið sér fyrir í Miðstræti 12 með vinnustofu. Þau opna þar litla verslun um helgina.
SÍÐA 2



**Speglagler**
Nú er enginn maður með mönnum nema að eiga speglasólgleraugu sem voru síðast vinsæl á tíunda áratugnum.
SÍÐA 8

TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
iittala
10% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# ALGJÖR BYLTING

**ARCTIC STAR KYNNIR** *Magnús Friðbergsson mælir heilshugar með sæbjúgnahylkjunum. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.*

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþægindа. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti, eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag," útskýrir Magnús.

Magnús, sem er 65 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau."



**FINNUR MIKINN MUN** Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA




**JÁKVÆÐ ÁHRIF**

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins" og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

**SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR**

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns.

**UPPLÝSINGAR**

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í Lyfju og í Apótekinu.



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

FEYDOM
RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA
Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu
Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margar gerðir og litir.
BONBONS S
2 grunneiningar: 4 sæta sófi/ tvöfalt rúm með 2 púðum / kodda kr. 169.950.- ▼
FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲
KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA
Nýtt
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum







Smart sumarföt, fyrir SMART konur

My Style tískuhús

Stærðir 38-52

my style

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464






Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030






Heilsuvísir

NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á visir.is/heilsuvisir.

Vísir.is er hluti af 365

vísir

HIMNESKT

gló

FÁKAFENI




**OPNA UM HELGINA** Dúsa og Ásgrímur Már standa að P3, opinni vinnustofu og verslun á Miðstræti 12, ásamt þeim Rebekku Jónsdóttur, Ýri Þrastardóttur og Sævari Markúsi fatahönnuðum. P3 verður opnað á laugardag og er ætlunin að standa fyrir sýningum og skemmtilegum uppákomum í sumar. MYND/STEFÁN

# OPNA VINNUSTOFU OG VERSLUN

*__TÍSKA__ Fimm íslenskir fatahönnuðir hafa komið sér fyrir í Miðstræti 12 með vinnustofu. Þau opna þar einnig litla verslun um helgina og ætla að standa fyrir skemmtilegum viðburðum og sýningum í sumar.*

Þetta er að hluta til sami hópur og stóð að Kiosk á sínum tíma,“ segir Ásgrímur Már Friðriksson, einn fimm fatahönnuða sem standa að P3, opinni vinnustofu og verslun á Miðstræti 12, Skálholtstígsmegin, en þau Rebekka Jónsdóttir, Ýr Þrastardóttir, Dúsa, Ásgrímur og Sævar Markús fatahönnuðir ákváðu að sameina krafta sína aftur eftir hlé.

„Það er bæði skemmtilegt og þægilegt að gera svona hluti í samvinnu við aðra. Við störfum á litlum markaði og þá er gott að geta deilt vinnunni. Rebekka og Dúsa hafa verið að selja hérna í rýminu og nú erum við Ýr og Sævar að bætast inn. Við verðum hérna á bak við að vinna að okkar línum og skiptumst á að vinna í búðinni. Þetta verður lifandi stemming og skemmtileg,“ segir Ási en ætlunin er að standa fyrir uppákomum í búðinni í sumar.

„Það verða haldin hérna skemmtileg partí í sumar, sýningar á línum, bæði okkar og annarra hönnuða, og eins munum við bjóða myndlistafólki að sýna verk sín í fremra rýminu. Við erum að vinna í húsnæðinu núna og að ganga frá vörum fyrir helgina. Það verður opnað á laugardaginn og þá verða vörur frá Dúsu, Rebekku og Sævari komnar og svo bætist við frá mér og Ýri í framhaldinu. Ég er til dæmis að bíða eftir efnum í nýja línu að utan. Þetta fer rólega af stað.“



**REY** Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður er hluti af P3.



**LÍNA Í SMÍÐUM** Ásgrímur vinnur að nýrri línu sem mun fljótlega líta dagsins ljós í versluninni.



**SÆVAR MARKÚS** Áður hafði hópurinn staðið saman að Kiosk og sameinar nú krafta sína á ný eftir hlé.



**ÝR ÞRASTARDÓTTIR** Ýr er ein þeirra sem standa að P3, opinni vinnustofu fimm fatahönnuða að Miðstræti 12.



**SKAPARINN** Fatahönnuðurinn Dúsa selur sína hönnun í P3.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



LOKSINS Á ÍSLANDI!

# DUO FIBER BURSTASETT

## FRÓÐLEIKUR OG FÖRÐUNARBURSTAR Á MIÐNÆTUROPNUN Í SMÁRALIND Í DAG!



SCULPTING BRUSH
CONCEALER BRUSH

# LOKSINS Á ÍSLANDI

real Techniques®
by Sam & Nic Chapman



# SIGURSÆLAR SYSTUR



**HLUTU VERÐLAUN** *Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen hlutu hin eftirsóttu CFDA-tískuverðlaun fyrir kvenfatalínu sína The Row.*

CFDA eru samtök bandarískra tískuhönnuða en þau veita árlega verðlaun til þeirra tískuhönnuða sem skarað hafa fram úr í nokkrum flokkum á árinu. Olsen-systurnar hafa áður hreppt verðlaun, fyrst fyrir kvenfatalínu sína árið 2012 og í fyrra hlutu þær verðlaun fyrir fylgihluti.

Í ár urðu þær enn á ný hlutskarpastar í flokki kvenfatahönnuða en öttu kappi við þungavigtarkeppendur á borð við Proenza Schouler, Michael Kors, Marc Jacobs og Joseph Altuzarra.

Olsen-systur urðu frægar sem bleiubörn í þáttunum Full House, þær léku í fjölmörgum bíómyndum á tíunda áratugnum og voru orðnar milljónamæringar fyrir tíu ára aldur. Árið 1996 stofnuðu þær systur kvenfatalínuna The Row og vöktu í fyrstu sérstaka athygli fyrir uppsprengt verð. Síðan þá hafa þær þó smám saman unnið sér virðingu tískuheimsins en sjálfar hafa þær stigið nokkuð úr sviðsljósinu en leyfa þess í stað hönnun sinni að standa í forgrunni.



**OLSEN** Systurnar Mary- Kate og Ashley Olsen eru tískufyrirmyndir margra. Þær hafa náð góðum árangri með tískulínu sína The Row.












NÆLDU ÞÉR
Í EINTAK Á
MIÐNÆTUROPNUN
Í SMÁRALIND

DR RESCUE
OG ELECTRO
LOKSINS Á
ÍSLANDI




MAYBELLINE
NEW YORK



**NÁTTÚRUBARN** Halldóra Eydís sækir innblástur fyrir hönnun sína í náttúruna.

# SVEITASTELPA Í STÓRBORGINNI

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Halldóra Eydís Jónsdóttir skóhönnuður er með margt spennandi í bígerð. Hún sækir bæði innblástur og hráefni í náttúruna.*

Þegar Halldóra Eydís Jónsdóttir hönnuður var lítil þá lokaði hún sig inni í fataskáp ömmu sinnar svo hún gæti mátað skóna hennar í friði. Það var því rökrétt framhald að hún lærði skóhönnun þegar hún var orðin fullorðin. „Eftir að ég kláraði nám á myndlistarbraut Verkmenntaskólans á Akureyri ákvað ég að læra skóhönnun. Ég lærði í London College of Fashion, tók BA-nám þar, og það átti afskaplega vel við mig. Ég vissi samt ekkert út í hvað ég var að fara þegar ég byrjaði, var hálfráðvillt, sveitastelpan í stórborginni,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að eftir það hafi gengið ágætlega. „Það gekk hægt hjá mér í byrjun en áhuginn og eftirspurnin eftir hönnuninni minni er alltaf að aukast og ég finn líka fyrir áhuga erlendis frá.“

Halldóra Eydís er fædd og uppalin í Mývatnssveit. Umhverfið sem hún ólst upp í hefur alla tíð haft áhrif á hönnun hennar og veitt henni innblástur. „Ég leita mikið í náttúruna og tengdi strax við hana þegar ég var barn. Í hönnuninni nota ég mikið náttúruleg form og mynstur og hráefnin eru að mestöllu leyti úr náttúrunni. Ég nota mikið roð, leður og hrosshár en allt sem ég nota er aukaafurð frá kjötiðnaði, ég nota ekkert af dýrum sem eru sérstaklega ræktuð til notkunar í leður. Þetta er því frekar umhverfisvæn hönnun hjá mér.“

**ELEGANT STÍLL**

Halldóra er mikil kjólastelpa og klæðist þeim nær eingöngu. Hún segir sinn eigin stíl ekki endilega endurspegla hönnunina. „Ég held ég eigi engar buxur lengur aðrar en íþróttabuxur. Ég elska að vera fín og er yfirleitt alltaf frekar spariieg en ég get verið svolítið svört. Þá nota ég skó og fylgihluti til að poppa upp útlitið. Ég held ég hafi frekar elegant stíl en hönnunin mín endurspeglar þó ekki alltaf minn stíl. Ég reyni að mæta kröfum viðskiptavina minna, ég er til dæmis nýlega farin að gera lægri hæla en áður sem hafa verið mjög vinsælir. Ég var ekkert sérstaklega hrifin af þeim fyrst fyrir mig sjálfa en þeir eru svo þægilegir að ég geng varla á öðru í dag. Það hentar mér líka vel því ég lenti í bílslysi og er með ónýtt bak eftir það og get ekki gengið á eins háum hælum og áður. Annars reyni ég að hanna skó sem höfða til kvenna á öllum aldri. Þeirra sem gera kröfur um þægindi, stíl og vilja eitthvað öðruvísi. Og það skiptir mig miklu máli að nota íslenskt hráefni,“ segir hún og brosir.

**ALLS KONAR NÝTT**

Halldóra fór fyrir stuttu að gera skart, hálsmen, armbönd og hárbönd úr leðri og roði. „Ég hef verið að gera armbönd og hárbönd úr laxaroði með aðferð sem ég lærði af leiðbeinanda mínum á lokaárinu í London. Ég sker í það og hnýti á ákveðinn hátt þannig að það kemur flott áferð sem minnir á víkingastíl. Ég er líka að hanna nýtt mynstur, sem er hannað út frá íslensku þema, sem ég ætla að laserskera út í stígvél. Svo er ég með töskulínu í vinnslu sem kemur vonandi út með haustinu. Þar nota ég meðal annars hrosshúð sem ég er mjög hrifin af þannig að það er margt spennandi í gangi.“



**GLÆSILEGIR SKÓR** Skór Halldóru eru glæsilegir og eru meðal annars gerðir úr lambsleðri, hreindýrahúð, roði, hrosshúð og hrosshárum.





**FALLEGT SKART** Auk þess að búa til fallega skó gerir Halldóra glæsilegt skart sem unnið er úr íslensku hráefni.




TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND




þýsk gæði á góðu verði!

CUBE

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SHIMANO
SHIMANO









**HIPPALEGT** Þessi eru frá Urban Outfitters.



**AÐALMÁLIÐ** Michelle Rodriguez með kringlótta umgjörð en þær virðast hafa náð yfirhöndinni.



**SPEGILL SPEGILL** Ray-Ban lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að speglasólgleraugum.

# TÍSKAN TEKUR STAKKASKIPTUM

**SÓL OG SUMAR** *Sólgleraugnatískan hefur tekið stakkaskiptum að undanförnu og nú er enginn maður með mönnum nema að eiga speglasólgleraugu. Þau voru síðast vinsæl á tíunda áratugnum og þóttu lengi hin mestu hallæristól.*

Speglasólgleraugun fóru að láta á sér kræla í fyrra og nú hafa allir helstu sólgleraugnaframleiðendur heims sett slík gleraugu á markað. Þau fást í ýmsum útgáfum en kringlóttar umgjarðir virðast þó hafa náð yfirhöndinni. Sömuleiðis virðast gleraugu með kattarlagi vera að sækja í sig veðrið.

Af öðrum straumum í sólgleraugnatískunni mætti nefna blómaskreytt sólgleraugu en þau hafa ekki sést að neinu ráði árum og áratugum saman. Þau hafa reyndar ekki náð jafn mikilli útbreiðslu og speglagleraugun en slæðast með.



**VIÐ JÓGA-DRESSIÐ** Reese Witherspoon klikkar ekki á speglasólgleraugunum.

**KRINGLÓTT OG KATTARLAGA** Jessica Alba hittir naglann á höfuðið.

**NÆSTA BYLGJA?** Blómaskreytt sólgleraugu sækja líka í sig veðrið.












**VICTORIA BECKHAM** Á sex ára brúðkaupsafmæli sínu fengu Victoria og David Beckham sér sams konar tattú með hebreskri tilvitnun. Tilvitnunin sem Victoria lét húðflúra aftan á hálsinn er úr ljóðinu „Shir Ha'shirim" sem þýðir „söngur söngvanna".



**MENA SUVARI** Leikkonan Mena Suvari lét húðflúra orðin Word Sound Power á bakið á sér árið 2008. Orðin eru tekin af reggíhljómplötu. Fyrir ofan orðin trónir mikilfenglegt ljón.

# HÚÐFLÚRAÐAR Í BAK OG FYRIR

**TATTÚ STJARNANNA** *Húðflúr þykja sjálfsögð í dag og stjörnurnar skreyta sig með ýmsum hætti, bæði með áberandi myndum og litlum laumulegum táknum. Hér eru nokkrar frægar konur með einkennandi húðflúr á bakinu.*



**CARA DELEVINGNE** Fyrirsætan er þekkt fyrir öll sín húðflúr. Á dögunum mætti hún á galaviðburð á Metropolitansafninu í New York. Þar sem þemað þetta kvöld var Kína lét hún tattúmeistarann Keith „Bang Bang" McCurdy skreyta líkama sinn. Þess má þó geta að húðflúrið var aðeins tímabundið.



**KELLY OSBOURNE** Tískuspíran Kelly Osbourne sér eftir mörgum húðflúrum sem hún hefur fengið sér í gegnum tíðina. Þar á meðal þessum vængjum og letri á baki sínu. Hún hefur nú hafið ferli til að fjarlægja það og fleiri húðflúr.



**RIHANNA** Söngkonan Rihanna er með fjölmörg tattú. Eitt það frægasta er af stjörnum sem skríða frá hálsi og niður á bak. Fyrstu stjörnurnar voru gerðar árið 2008 af tattúlistamanni í Los Angeles en uppáhalds tattúlistamaður Rihönnu, Bang Bang, kláraði verkið. Stjörnurnar eru þær sömu og fyrrverandi kærasti söngkonunnar, Chris Brown, er með á bakvið eyrað.



**MICHELLE RODRIGUEZ** Leikkonan Michelle Rodriguez er með svipað tattú á bakinu og Angelina Jolie. Textinn í hennar tattúi er þó annar.



**ANGELINA JOLIE** Leikkonan og leikstjórinn Angelina Jolie er með áberandi letur á bakinu. Húðflúrið var gert af taílenskum húðflúrlistamanni og er þula sem skrifuð er með khmer-letri, tungumáli Kambódíumanna. Þulan á að verja Jolie og ættleiddan son hennar, Maddox, fyrir ólukku.











Culiacan
MEXICAN GRILL

Opið alla daga 11.30-22.00

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is






UNIVERSAL MUSIC
QUEEN TOURING
OG TÓNLEIKUR
KYNNA
THE Queen
EXTRAVAGANZA
THE OFFICIAL QUEEN TRIBUTE SHOW
SKÖPUNARVERK
ROGER TAYLOR OG BRIAN MAY
ELDBORG
LAUGARDAGINN 15. ÁGÚST UPPSELT
SUNNUDAGINN 16. ÁGÚST AUKATÓNLEIKAR
MIÐASALA Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**470 f.Kr.** Sókrates fæðist.
**1134** Breskar hersveitir hertaka Port-au-Prince á Haítí.
**1896** Henry Ford prufukeyrir fyrsta bílinn sem hann hannaði.
**1917** Fyrsta afhending Pulitzer-verðlaunanna.
**1944** Hornsteinn er lagður að Stýrimannaskólanum.
**1959** Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, stofnuð.
**1989** Aðgerðir kínverskra stjórnvalda til að brjóta á bak aftur mótmæli á Torgi hins himneska friðar.
**1994** Hljómsveitin HAM heldur fræga lokatónleika í Tunglinu.




Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA MAGDALENA JÓNSDÓTTIR**
**dvalarheimilinu Höfða, áður að Laugarbraut 23, Akranesi,**

lést 26. maí sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 5. júní nk. kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Höfða.

**Friðrik Vignir Stefánsson** — **Svanhildur Bogadóttir**
**Anna María Friðriksdóttir** — **Guðni Leifur Friðriksson**
**Stefán Jón Friðriksson** — **Rósa Dís Friðriksdóttir**
**Berglind Magnúsdóttir Frost** — **Hulda Magnúsdóttir**
**Jóhanna V. Ríkharðsdóttir** — **Kristín H. Ríkharðsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts

**HULDÍSAR GUÐRÚNAR ANNELSDÓTTUR**
**síðast til heimilis að Vesturgötu 7, Reykjavík,**

sem lést á dvalarheimilinu Grund 30. apríl síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær starfsfólk og sjúkraþjálfarar Grundar fyrir einstaka hlýju og góða umönnun.

**Þorsteinn R. Þorsteinsson** — **Ágústa Bárðardóttir**
**Unnur Þorsteinsdóttir**
**Annel B. Þorsteinsson** — **Guðrún Sigurðardóttir**
**Guðmundur M. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**SIGRÚN HELGADÓTTIR**
**Sólheimum 42, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 5. júní kl. 11.

**Hannes Pálsson**
**Guðrún Hannesdóttir** — **Þorbjörn Broddason**
**Kristín Hannesdóttir** — **Nicholas Groves-Raines**
**Halla Hannesdóttir** — **Vífill Magnússon**
**Páll H. Hannesson** — **Liv Jorunn Seljevoll**
**Pétur H. Hannesson** — **Erla Dís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR**
**Skipasundi 29,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 5. júní kl. 11.00.

**Friðrik Emilsson**
**Hermann Friðriksson** — **Helga Adolfsdóttir**
**Óskar Friðriksson** — **Hrefna Finnbogadóttir**
**Fanney Helga Friðriksdóttir** — **Benedikt Þór Jónsson**
**Anna Friðriksdóttir** — **Hannes Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNÞÓRS BENDERS**
**Lautasmára 20, Kópavogi,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 4. maí síðastliðinn.

**Soffía Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Guðleif Bender** — **Guðmundur Aðalsteinn Gunnarsson**
**Guðrún Dóra Gísladóttir** — **Páll Snæbjörnsson**
**Jón Bender** — **Guðrún Ragnarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**




**REFFILEGIR REKTORAR** Jón Sigurðsson, Vilhjálmur Egilsson og Magnús Árni Magnússon hafa allir gegnt rektorsembætti við Bifröst en Vilhjálmur er núverandi rektor. MYND/BIFRÖST

# Heimspekin án efa drottning vísindanna

**Tíu ár eru síðan að HHS-námsleiðin leit dagsins ljós í Háskólanum á Bifröst. Námið tekur á undirstöðuatriðum í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði.**

„Það má segja að heimspekin sé drottning vísindanna en þar sem fræðin enda tekur heimspekin við," segir Magnús Árni Magnússon, prófessor við HHS-námið á Bifröst.

Magnús er einn þeirra sem komu að því að setja saman HHS-námið árið 2005. HHS stendur fyrir hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði. Námið er BA-nám sem fléttar saman efnistök og aðferðir þriggja grunngreina hug- og félagsvísinda til að auka víðsýni einstaklinga og skilning þeirra á álitaefnum sem koma upp í samfélaginu hverju sinni.

Háskólinn á Bifröst fagnar um þessar mundir að tíu ár eru frá því að skólinn setti námsbrautina á laggirnar. Í tilefni af tímamótunum var blásið til fagnaðar í Iðnó á þriðjudagskvöld.

Margir fyrrverandi nemendur voru komnir saman til að halda upp á námið. Meðal gesta sem tóku til máls voru þrír fyrrverandi nemendur; þær Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona, Hlédís Sveinsdóttir frumkvöðull og Brynhildur Björnsdóttir varaþingmaður.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi rektor Bifrastar, var sérstakur heiðursgestur en hann flutti erindi í tilefni af afmælinu.

„Þetta er frábært nám fyrir fólk sem ætlar að skilja heiminn. Þetta er mjög góð innsýn inn í fögin þrjú sem saman mynda góða innsýn inn í samfélagið, landsins gagn og nauðsynjar," segir Magnús.

Eins og áður hefur komið fram er Magnús einn þeirra sem komu að því að setja námið á laggirnar fyrir tíu árum.

„Það er alltaf gaman að koma að því að búa til nýtt nám. Þetta á sér í raun hundrað ára breska fyrirmynd frá Oxford. Fjölmargir leiðtogar hafa farið í gegnum þetta nám og til dæmis voru öll forsætisráðherraefni í bresku þingkosningunum um daginn með þetta nám á ferilskránni."

> **Fjölmargir leiðtogar hafa farið í gegn um þetta nám og til dæmis voru öll forsætisráðherraefni í bresku þingkosningunum um daginn með þetta nám á ferilskránni.**
>
> *Magnús Árni Magnússon prófessor*

Magnús segir að námið hafi farið vel af stað árið 2005 og vaxið ört síðan þá.

„Við höfum verið með glæsilegan hóp og þarna hafa útskrifast stjórnmálamenn og fjölmiðlamenn og margt fólk sem fór áfram í nám erlendis í mjög flottum skólum." - srs




Ástkær móðir okkar,

**ERNA MÁSDÓTTIR**
**Ásabraut 7, Sandgerði,**

lést þann 28. maí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.

**Dætur hinnar látnu.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,

**VALA INGIMARSDÓTTIR**
**Einimel 11, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 1. júní síðastliðinn. Útförin fer fram í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 10. júní klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans.

**Bjarni Þórður Bjarnason**
**Bryndís Líf Bjarnadóttir** — **Ingimar Stefán Bjarnason**
**Ingimar Jóhannsson** — **Lillý Valgerður Oddsdóttir**
**Oddný Ingimarsdóttir** — **Thorsteinn Jóhannesson**
**Oddur Ingimarsson** — **Soffía Valgarðsdóttir**
**Davíð Ólafur Ingimarsson**




**ÞETTA GERÐIST** 4. JÚNÍ 2013

# Hemmi Gunn fellur frá

Hermann Gunnarsson, betur þekktur sem Hemmi Gunn, lést þennan dag fyrir tveimur árum. Hemmi var landsþekktur skemmtikraftur og einn fremsti knattspyrnumaður Íslendinga á 20. öld. Hemmi spilaði með knattspyrnufélaginu Val auk þess sem hann spilaði með landsliði Íslands í fótbolta. Hemmi átti lengi metið yfir flest skoruð mörk í landsleikjum, allt til ársins 1995.

Síðar tók hann upp störf sem íþróttafréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu.

Eftir störf sín sem íþróttafréttamaður stýrði hann spjallþættinum Á tali með Hemma Gunn sem naut gífurlegra vinsælda. Hemmi var einnig mikill tónunnandi og listamaður en hann söng inn á margar hljómplötur, m.a. fræg dægurlög á borð við Einn dans við mig og Fallerí fallera.

# 20% AFSLÁTTUR AF SMÁHÚSGÖGNUM

**TILBOÐIN GILDA 4.–10. JÚNÍ**



**PINGYAO HLIÐARBORÐ**
Stærð: 50x30x68 cm.
Áður: 19.900,- **NÚ: 15.992,-**



**VERIA SKARTGRIPASKÁPUR**
Stærð: 47x35x97 cm.
Áður: 59.900,- **NÚ: 47.920,-**



**ADELINE NÁTTBORÐ**
Stærð: 50x43x68 cm.
Áður: 39.900,- **NÚ: 31.920,-**



**GOURDON SKÓSKÁPUR**
Stærð: 75x30x106 cm.
Áður: 34.900,-
**NÚ: 27.920,-**



**MOSELLE GLERSKÁPUR**
Stærð: 47x39x160 cm.
Áður: 39.900,- **NÚ: 31.920,-**



**ADELINE BORÐ**
Stærð: 55x55x57 cm.
Áður: 49.900,- **NÚ: 39.920,-**



**PROVENCE BEKKUR**
Stærð: 120x41x51,5 cm.
Áður: 45.900,-
**NÚ: 36.720,-**



**LORRAINE KOMMÓÐA**
Stærð: 74x37x75 cm.
Áður: 39.900,- **NÚ: 31.920,-**



## 30% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM
## 40% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
### GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS








the PIER

Erum á Facebook • www.pier.is   Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880   Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

## Veðurspá

Fimmtudagur

Hæg austlæg eða breytileg átt, skýjað og smáskúrir, en þurrt og jafnvel sólarglennur norðantil þó að áfram verði svalt í veðri. Hiti allt að 12 stigum suðvestanlands yfir daginn.









## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** ógrynni, **8.** lyftist, **9.** meðal, **11.** ekki, **12.** jakki og pils, **14.** sauma, **16.** tveir eins, **17.** skip, **18.** for, **20.** skóli, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkami, **3.** tveir eins, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** írafár, **7.** einn, **10.** ílát, **13.** útdeildi, **15.** jurt, **16.** verkur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** órva, **6.** of, **8.** rís, **9.** lyf, **11.** ei, **12.** dragt, **14.** stang, **16.** tt, **17.** far, **18.** aur, **20.** ma, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** hold, **3.** rr, **4.** Víetnam, **5.** asi, **7.** fyrstur, **10.** fat, **13.** gaf, **15.** gras, **16.** tak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Andri Freyr Björgvinsson (1.803) hafði svart gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (1.881) á Meistaramóti Skákskóla Íslands á dögunum.

**Svartur á leik**
**1.…Hd8! 2. e7 Hd1+! 3. Dxd1 e2+! 4. Kf2 exd1R+!! 5. Kxf3 Kf7** og hvítur gafst upp. Afar laglegur endi hjá Andra.

**www.skak.is:** Allt um Meistaramót Skákskólans.




## AUGLÝSING
## Um skipulagslýsingu Sveitarfélaginu Vogum, Deiliskipulagsáætlun fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 27. maí 2015, skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd vegna áforma um lagfæringar á húsakosti alifuglabúsins. Lýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins www.vogar.is. Hún liggur einnig frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Iðndal 2, 190 Vogum.

Skriflegum ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið skrifstofa@vogar.is fyrir 16. júní 2015.

*Vogum, 3. júní 2015*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | 6 | 1 | | |
| | | 3 | | | 1 | 6 | 2 | |
| | | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | | 9 | 8 | | 2 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | | 9 | 1 |
| | | 9 | 4 | | | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 7 | |
| 3 | | 4 | 2 | | | 8 | | |
| 1 | | 7 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 8 | | | 9 |
| 9 | | 7 | | | | | 5 | |
| | 5 | | | 2 | 3 | | | 1 |
| | | | 7 | 8 | 1 | | | |
| | | | | | 5 | | | |
| 8 | | 5 | 6 | 9 | | 7 | | |
| | | | 4 | | | | 9 | 5 |
| 4 | | 6 | | | 7 | | 3 | 2 |
| | 1 | | 6 | | | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 1 | 6 | 4 | | | 9 | |
| 4 | | | 7 | | | | | 3 |
| 5 | 2 | | | | | 4 | | |
| | 7 | | 9 | | | 2 | 5 | 8 |
| | | 5 | | 3 | | | | |
| | 4 | | | | 8 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | 7 | |
| | 9 | | | | | | | 5 |
| | | | 4 | | 7 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 6 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 5 | 1 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 9 | 7 | 3 | 2 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 2 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 8 | 3 | 5 | 2 | 6 |
| 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 8 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 5 | 2 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 5 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 2 | 1 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 |
| 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


NÓA
KROPP
MEÐ PIPARMYNTUBRAGÐI
Sumarið verður
Grænt!
PIPARMYNTU
BRAGÐ
TAKMARKAÐ
MAGN
NÓA
KROPP
200 g

# Fordómarnir fremur í landi en á sjó

Dr. Margaret E. Willson, mannfræðingur frá háskólanum í Washington, hefur rannsakað sjósókn íslenskra kvenna í gegnum aldirnar sem reyndist vera mun meiri en hana grunaði. Afrakstur rannsóknanna gefur að líta á glæsilegri sýningu á Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Sjókonur – sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð er sýning sem verður opnuð næstu helgi í Sjóminjasafni Reykjavíkur og er aðgangur ókeypis um helgina í tilefni af sjómannadeginum.

Sýningin er samstarfsverkefni Borgarsögusafns og dr. Margaret E. Willson, mannfræðings við háskólann í Washington. Undanfarin ár hefur hún safnað heimildum um sjósókn íslenskra kvenna frá upphafi byggðar til vorra daga. Sýningin byggir á áður óbirtum rannsóknum dr. Willson en þær kollvarpa þeim hugmyndum sem uppi eru um sjósókn kvenna sem var og er mun almennari en áður var talið.

Dr. Willson kom fyrst til Íslands fyrir fjórtán árum að heimsækja Ágústu Flosadóttur vinkonu sína. „Ágústa sagði mér frá Þuríði formanni og ég heillaðist strax af þessari mögnuðu konu. Seinna kom Ágústa í heimsókn til Bandaríkjanna og hafði með sér bók um Þuríði sem hún þýddi og las úr fyrir mig jöfnum höndum á kvöldin. Það voru góðar stundir.

Ég fékk styrk frá National Geographic og það gerði mér kleift að fara í þessar rannsóknir. Ég var sjálf til sjós þegar ég var ung og er alin upp við Kyrrahafsströndina, nánar tiltekið í Oregon, en hér áður fyrr voru allmargar konur á því svæði sem sóttu sjóinn. Þarna var hátt hlutfall innflytjenda frá Norðurlöndunum og kannski hafði það eitthvað með þetta að gera. En ég hugsaði með mér að fyrst ég hefði gert þetta á einhverjum tímapunkti þá hlytu margar íslenskar konur að hafa verið til sjós.“

### Lög um jafnræði launa

Ein af þeim sem unnu með dr. Willson að rannsókninni voru Þóra Lilja Sigurðardóttir sagnfræðingur. Þær rákust á lög sem voru sett á Íslandi árið 1720 um lausamenn, vinnuhjú og lausgangara. Þar segir: „Ef kona gjörir karlmannsverk með slætti, róðri eða torfristu, þá á að meta verk hennar sem áður segir um karlmann til slíkra launa.“

„Þetta sýnir okkur að þegar konur unnu störf sem almennt voru álitin karlastörf þá nutu þær jafnræðis til launa. Það er samt ágætt að hafa í huga að ef þær voru vinnukonur sendar af sínum húsbændum þá fóru laun þeirra í gegnum þá. En ef þær voru sjálfstæðar þá nutu þær fulls jafnræðis bæði til launa og eins ef þær drógu happadrátt úr sjó eins og t.d. lúðu sem var verðmætur fengur – þá fengu þær hluta andvirðisins.“

### Samfélagsbreytingar

Dr. Willson bendir á að það hafi verið mun algengara en áður var talið að konur stunduðu sjósókn. „Það er að finna fjölmargar magnaðar frásagnir af konum við sjósókn og athyglisvert hversu stóran þátt konur áttu í sjósókn á Íslandi. Einnig nýtist vel að rýna í tölfræði síðustu áratuga og sérþekking Helgu Katrínar Tryggvadóttur á því sviði reyndist ómetanleg.

En seint á 19. öldinni byrjaði að örla á breytingum með stækkun báta og skipa sem gátu sótt lengra út, aflað meira og farið oftar. Þá fór að myndast þessi þörf fyrir að einhver tæki að sér verkunina í landi og það virtist dæmast á konur – líkast til hafði húsmóðurhlutverkið einnig eitthvað með það að gera. Með tilkomu togaranna verður svo algjör bylting og störfin í landi urðu að mestu að kvennastörfum. Konur héldu þó áfram að sækja sjó og þá einkum á minni bátum en á stærri skipin komu þær ekki aftur fyrr en á þriðja áratugnum og þá einkum sem kokkar. En þeim fjölgaði þó smám saman aftur við þessi störf á næstu áratugum.“



**ÍSLENSK SJÓKONA** Unnur Skúladóttir, sérfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun, við upphaf starfsferils síns árið 1964.

### Virðing á sjó

Dr. Willson ferðaðist víða um landið ásamt Birnu Gunnlaugsdóttur sem aðstoðaði hana við viðtölin og öflun gagna. „Þessi ferðalög og að kynnast þessum íslenskum konum sem höfðu sótt sjóinn reyndust algjörlega ómetanleg. Þær höfðu frá svo mörgu að segja og gestrisni þeirra var engu lík. Þessar konur voru um tíundi af íslenskum sjómönnum í lok síðustu aldar. En eftir 2008 þá reyndist mörgum konum erfitt að fá vinnu til sjós. Þær þurftu að hafa sambönd til þess að fá pláss en í dag eru tækifærin fleiri.

En það sem mér fannst hvað merkilegast er að þær töluðu um þetta þannig að þær elskuðu sjómennskuna. Þær voru líka á því að þeim hafi verið vel tekið. Eins og aðrir nýliðar til sjós þá fara þær í gegnum ákveðið aðlögunarferli en ef þær stóðu sig þá nutu þær virðingar til jafns við aðra og eignuðust marga góða vini til sjós. Fyndu þær fyrir fordómum var það helst í landi. Hugmyndum um að þær hlytu að vera lauslátar eða lesbíur o.s.frv. En á sjó var þeim vel tekið og þær tala um að sjómenn séu skemmtileg stétt með góðan húmor.“



**SJÓKONA** Dr. Margaret E. Willson er alin upp við strendur Oregon og var sjálf til sjós þegar hún var ung. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Auglýsing um skipulag
í Hafnarfjarðarkaupstað

*Miðbær Hraun vestur*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 13. maí 2015 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Miðbæ Hraun vestur skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær yfir svæði milli Arnarhrauns og Austurgötu að Tjarnarbraut (án Einarsreits).

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2 frá 4. júní til 17. júlí 2015. Hægt er að skoða tillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is

**Kynningarfundur á tillögunni verður í Hafnarborg 8. júní kl. 17:00**

Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 17. júlí 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

***Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar***

## Fagur framandleiki

DANS ★★★★☆

**Akasha**

Dansverk

**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**

**DANSARI OG DANSHÖFUNDUR: SHANTALA SHIVALINGAPPA**

**FLYTJENDUR TÓNLISTAR: HARIBABU BALAN PUTTAMMA, RAMESH JETTY, TAMAKRISHNAN NEELAMANI, JAYARAM KIKKERI SURYANARAYANA**

Orðið Akasha þýðir á sanskrít himinn, rými eða geimur. Sagt er að Akasha eigi uppruna sinn í hljóði sem er bylgjuhreyfing eða með öðrum orðum eitt form orku og hreyfingar. Við bylgjur hljóðs og hreyfingar og þá hreinu og tímalausu orku sem stafar af þeim, rís þetta óendanlega rými innra með okkur, án endimarka… Það er auðvelt að skilja nafngiftina á sýningu Shantala Shivalingappa eftir að hafa séð hana. Samhljómur tónlistar og hreyfinga er algjör. Tónlist er dans, dans er tónlist. Akasha er kynnt sem sólódansverk en það getur varla talist það í hinni eiginlegu merkingu því að fjórir tónlistarmenn eru á sviðinu allan tímann, tveir slagverksleikarar, flautuleikari og söngvari, sem leika ekki síður stórt hlutverk í flutningi verksins. Það er ótrúlega sterkt samspil í gangi á milli dansarans og tónlistarmannanna og tónlistarmannanna sjálfra. Þannig varð allur flutningur lifandi.

Sýningin Akasha samanstendur af fimm stuttum dansverkum sem byggð eru á gömlum indverskum ljóðum um guði og gyðjur sem tengjast trúarbrögðum Indlands. Ljóðin eru tjáð í gegnum kuchipudi, klassískt dansform frá Suður-Indlandi sem gengið hefur í endurnýjun lífdaga á undanförnum áratugum vegna áhuga eins manns; meistara Vempati Chinna Satyam. Formið, sem á rætur sínar að rekja til Natya Shastra, 2.000 ára gamalla fræðirita í leiklist sem binda dans, tónlist og leiklist í mjög nákvæmt og þróað kerfi, skiptist í tvennt hvað framsetningu efnis varðar; hreinan dans og tjáningardans. Hreinn dans, nrtta, er taktfastur og óhlutbundinn en tjáningardansinn segir sögur.



**FAGMAÐUR** Shantala dansaði af ótrúlegri tæknilegri færni og nákvæmni.

Shantala sýndi í dansinum mikið vald yfir báðum gerðum kuchipudi-formsins. Hreyfingar hennar voru hárnákvæmar og lýstu mikilli tæknilegri færni. Á sama tíma sýndi hún tjáningarríkan leik, lífsgleði og orku svo ekki sé talað um sterkan skilning á tónlistinni sem var hennar félagi í dansinum. Það fór ekki á milli mála að hér var þvílíkur fagmaður á ferð. Dansinn, tónlistin og öll umgjörð sýningarinnar einkenndist af skýrleika og nákvæmni. Það var tær fegurð sem birtist áhorfendum á sviðinu. Sviðsmyndin, sem snerist að mestu um einfalda notkun ljóslampa, var einföld og falleg, og búningarnir guðdómlegir.

Akasha er sýning upprunnin í menningarheimi sem okkur flestum er framandi. Fyrir undirritaða olli það því að á sama tíma og sýningin heillaði og það fór ekki á milli mála hversu fagleg sýningin var, þá náði efni hennar og framsetning ekki inn að hjartarótum. Sjónræn upplifun og samlíðan og tengsl tónlistar og dans hrifu en sýningin vakti ekki þá líkamlegu upplifun og samlíðan sem er eitt af því sem heillar við að horfa á dansverk. Ástæðan var þó örugglega ekki slök frammistaða listamannanna heldur frekar skortur á læsi á það listform sem í boði var. Það var því áhugavert að íhuga hvað menningarlæsi er mikilvægur þáttur í upplifun okkar á listum og í raun umhverfi okkar öllu.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fagleg og falleg sýning sem gefur innsýn inn í menningarheim sem er okkur flestum framandi.



# VIÐ FÖGNUM ÞVÍ AÐ HAFA FENGIÐ 30 TILNEFNINGAR TIL GRÍMUVERÐLAUNANNA

Óskum okkar fólki og samstarfsaðilum innilega til hamingju með að hafa fengið flestar tilnefningar og þökkum ykkur kæru leikhúsgestir fyrir viðtökurnar á leikárinu.

## DÚKKUHEIMILI

**Sýning ársins** - Uppsetning Borgarleikhússins
**Leikstjóri ársins** - Harpa Arnardóttir
**Leikkona ársins í aðalhlutverki** - Unnur Ösp Stefánsdóttir
**Leikari ársins í aðalhlutverki** - Hilmir Snær Guðnason
**Leikari ársins í aukahlutverki** - Þorsteinn Bachmann
**Leikari ársins í aukahlutverki** - Valur Freyr Einarsson
**Leikmynd ársins** - Ilmur Stefánsdóttir
**Búningar ársins** - Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing ársins** - Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Tónlist ársins** - Margrét Kristín Blöndal
**Hljóðmynd ársins** - Garðar Borgþórsson

## LÍNA LANGSOKKUR

**Barnasýning ársins** - Uppsetning Borgarleikhússins
**Leikstjóri ársins** - Ágústa Skúladóttir
**Leikkona ársins í aukahlutverki** - Maríanna Clara Lúthersdóttir
**Söngvari ársins** - Ágústa Eva Erlendsdóttir

## KENNETH MÁNI

**Leikari ársins í aðalhlutverki** - Björn Thors



## BILLY ELLIOT

**Sýning ársins** - Uppsetning Borgarleikhússins & Baltasar Kormáks
**Leikstjóri ársins** - Bergur Þór Ingólfsson
**Leikkona ársins í aukahlutverki** - Halldóra Geirharðsdóttir
**Leikmynd ársins** - Petr Hlousék
**Búningar ársins** - Helga I. Stefánsdóttir
**Lýsing ársins** - Þórður Orri Pétursson
**Hljóðmynd ársins** - Gunnar Sigurbjörnsson
**Söngvari ársins** - Halldóra Geirharðsdóttir

## PEGGY PICKIT

**Leikkona ársins í aðalhlutverki** - Kristín Þóra Haraldsdóttir

## ER EKKI NÓG AÐ ELSKA?

**Leikrit ársins** - Birgir Sigurðsson

## HYSTORY

**Leikrit ársins** - Kristín Eiríksdóttir
**Leikstjóri ársins** - Ólafur Egill Egilsson
**Leikkona ársins í aðalhlutverki** - Arndís Hrönn Egilsdóttir
**Sproti ársins** - Kristín Eiríksdóttir og Sokkabandið

# Unga fólkið er fullt af réttlætiskennd

**Ungliðahreyfing Amnesty International stendur fyrir undirbúningsfundi í kvöld og eru Drusluganga og Pyntingardagur í brennidepli.**

„Við ætlum að hittast og undirbúa næstu tvær aðgerðir ungliðahreyfingarinnar, sem verða pyntingaraðgerðin og aðgerðir í Druslugöngunni,“ segir Magnús Sigurjón Guðmundsson aðgerðarstjóri.

Er undirbúningsfundurinn til þess fallinn að gefa ungum aðgerðarsinnum tækifæri til að koma með hugmyndir og móta aðgerðirnar. „Pyntingaraðgerðin sem við förum í þann 26. júní næstkomandi snýst um að setja upp tvær stöðvar, annars vegar í Kringlunni og hins vegar á Austurvelli, þar sem Íslendingar geta komið og fengið smjörþefinn af þeim pyntingum sem eiga sér stað úti í heimi. Núna munum við varpa ljósi á lukkuhjólið sem fannst á lögreglustöð í Filippseyjum í fyrra. Fangar voru látnir snúa hjólinu og taka síðan út þá pyntingu sem örin stoppaði á,“ útskýrir Magnús.

„Svo munum við ræða um hvernig best verði að haga aðgerðum í Druslugöngunni í júlí, en þá munum við vekja athygli á skelfilegri löggjöf í Túnis, þar sem kærur gegn nauðgurum eru felldar niður, giftist gerandinn fórnarlambinu,“ bendir Magnús á og bætir við: „Yfirskriftin er sum sé: Myndir þú giftast nauðgara þínum?“

Magnús segir ungt fólk á Íslandi afar framtakssamt. „Krakkarnir eru fullir af réttlætiskennd, eru róttækir og mjög hugmyndaríkir,“ segir hann og bætir við að á þeim þremur árum sem ungliðahreyfingin hafi verið starfandi hafi hún sótt gríðarlega í sig veðrið. „Við héldum fund um daginn, sem endaði þannig að fundargestir sprengdu húsnæðið utan af sér, og var meðal annars fundað inni á salernum hússins til að nýta allt pláss,“ bendir Magnús á og grínast með að brátt verði hann óþarfur, slíkur sé krafturinn í unga fólkinu. Hann hvetur alla sem áhuga hafa á að taka þátt í að móta aðgerðirnar til að koma við í Þingholtstræti 28 í kvöld klukkan 19.30.

gudrun@frettabladid.is



**UPPLÝSING** Magnús er ánægður með eldmóðinn og segir ungu kynslóðina afar upplýsta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**4. JÚNÍ 2015**

### Tónleikar

**21.00 Júníus Meyvant** spilar á Græna hattinum, Akureyri, í kvöld. Teitur Magnússon hitar upp.



LÁRA RÚNARS

**21.00** Útgáfutónleikar **Láru Rúnars.** Auk Láru eru Arnar Þór Gíslason, Birkir Rafn Gíslason, Guðni Finnsson, Þorbjörn Sigurðsson og Rósa Guðrún Sveinsdóttir. Auk þess verður brasstríó og lítill kvennakór. Aðgangseyrir 2.500 krónur. Hvar: Fríkirkjan í Reykjavík.

**21.00** Útgáfutónleikar **Gísla Pálma.** Platan spiluð í heild sinni, en auk Gísla koma fram Egill Tiny, Sölvi Blöndal, Sturla Atlas, Vaginaboys og Gervisykur. Aðgangseyrir 2.900 krónur. Hvar: Gamla bíó.

**22.00** Útgáfutónleikar **Trúboðanna** verða á Gauknum. Mun Gísli Einarsson, oft kenndur við Landann, hita upp með uppstandi sem nefnist Fyrirbæn. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

**22.00** Útgáfutónleikar Trúboðanna – Óskalög sjúklinga. Aðgangseyrir 1.500 krónur. Hvar: Gaukurinn.

**23.00** Icelandic Tattoo Convention Tónleikar á Bar 11. Johnny And The Rest Dorian Gray. Tilboð á barnum. Aðgangur ókeypis.

### Leiklist

**20.00** Lokasýning **Hystory.** Þrjár vinkonur sem eru ekki vinir á Facebook hittast og drekka landa. Úr verður áhugaverð atburðarrás. Leikarar: Arndís Egilsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir og Birgitta Birgisdóttir. Aðgangseyrir: 4.950 krónur. Hvar: Borgarleikhúsið.

### Opnanir

**12.00** Sýningin **Brotlending eftir ljósmyndarann Dominik Smialowski** byggir á vísindaskáldsögulegum söguþræði og opnar í dag. Hvar: Ljósmyndasafn Reykjavíkur Tryggvagötu 15, 6. hæð. Aðgangur ókeypis.

**17.00 Arnar Birgis** opnar sýningu sína **„nafnlaus“** í Gallery ORANGE. Allir velkomnir og léttar veitingar verða í boði. Dj Ghozt mun spila ljúfa tóna og garðurinn verður opinn. Hvar: Ármúli 6.

### Fundir

**16.30** Stefnumótunarfundur **Viðreisnar.** Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja vinna að undirbúningi starfsins og aðhyllast frjálslynda stefnu þar sem almannahagsmunir eru settir framar sérhagsmunum. Nauðsynlegt er að menn skrái sig fyrir fram á fundinn. Fundargjald er 1.500 krónur en ókeypis fyrir nemendur. (Nemendur skrá sig með því að senda tölvupóst á vidreisnin@vidreisnin.is.) Hvar: Grand Hótel Reykjavík.



GÍSLI PÁLMI

### Örnámskeið

**17.00** Róttækninámskeið **Ungra jafnaðarmanna** er haldið í dag. Þátttökugjald er 1.000 kr. Innifalinn er kvöldmatur og allur efniskostnaður. Hvar: Hallveigarstígur 1, 101 Reykjavík.

### Sýningar

**16.00 Ásýnd kvenna – Visions of Women 1915** verður opnuð á Borgarbókasafninu. Borgarskjalasafn tekur þátt í átaki skjalasafna um að vekja athygli á mikilvægi þess að varðveita heimildir um sögu kvenna og hvetur þá sem hafa undir höndum skjöl að hafa samband við starfsmenn safnsins. Hvar: Grófin.

**20.00 Fireforce jetcar.** Í tilefni fjörutíu ára afmælis **Kvartmíluklúbbsins** verður Fireforce-þotuhreyfilsbíl ekið á Kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni. Aðgangseyrir 3.500 krónur, en 1.500 krónur fyrir tólf ára og yngri. Miðar á sýninguna aðeins seldir á midi.is.

**21.00** A Solo Voice, sýning í Mengi, Óðinsgötu 2.

### Íþróttir

**19.00 Fjölskylduhlaup Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.** Kostar 1.500 krónur fyrir 18 ára og eldri og allur ágóði rennur í söfnun á nýju ómtæki sem staðsett verður á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Hvar: Kjarnaskógur.

### Hátíðir

**17.00** Sumarpartí 2015 **Hvalasafnsins,** líf og fjör með skemmtilegum uppákomum. Aðgangur ókeypis. Hvar: Granda

**20.25** Tuttugu ára afmæli **Gullaldarinnar,** sportbars. AmabAdamA, Þorsteinn Guðmunds, Hreimur, Einar Ágúst o.fl. Hátíðarhöld alla vikuna. Aðgangur ókeypis.

### Dans

**20.00 Danceoeke** á Húrra. Aðgangur ókeypis.

### Uppistand

**21.00 Uppistand á Grundarfirði.** Uppistand og töfrabrögð með Jóni Víðis og Rökkva. Aðgangseyrir 2.000 krónur. Hvar:Kaffi Emil.



HVALASAFNIÐ

### Tónlist

**20.00** Tónlistarmaðurinn **Hjalti Jón** heldur tónleika í kvöld. Hvar: Hlemmur Square.

**20.00 Jan Lundgren Trio** – Sænskur jazz á Listahátíð. Hvar: Harpa, tónlistarhús.

**21.00 Adore//Repel** á Dillon. Breskt band sem spilar post rokk, post harðkjarna, pönk og indí tónlist. Aðgangur ókeypis.

**21.00 Markús Bjarnason og Kate Vargas (US)** spila á Kex Hostel í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin **Flakk** heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da. Hvar: Frakkastígur 8. Aðgangur ókeypis.

### Leiðsögn

**20.00 Sumargöngur í Hafnarfirði.** Magnea Guðmundsdóttir arkitekt leiðir gesti um svæði Flensborgarhafnar ásamt Kristni Aadnegard, starfsmanni Hafnarfjarðarhafnar. Skyggnst verður inn í ólíka heima hafnarsvæðisins og rekstraraðilar segja frá fjölbreyttri starfsemi sinni. Gengið er af stað frá Hafnarborg. Þátttaka ókeypis.

### Fyrirlestrar

**17.00 Guerrilla Girls** halda fyrirlestur á Listahátíð. Aðgerðarsinnar sem hrista upp í samfélaginu með aðgerðum gegn mismunun í listum, kvikmyndum og stjórnmálum. Aðgangseyrir 3.500 krónur Hvar: Bíó Paradís.

### Samkoma

**20.00 Spilakvöld í Spilavinum.** Kostar ekkert að taka þátt og spila. Spiluð verða alls konar spil á mörgum borðum og þér er alveg óhætt að koma þó að þú takir engan með þér sem þú þekkir. Einnig má koma með sín eigin spil ef fólk vill. Spilakvöldið er miðað við fullorðna en krakkar, 12 ára og eldri, eru velkomnir í fylgd með fullorðnum. Hvar: Suðurlandsbraut 48.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*




16
2016
Þú gætir eignast nýtt 50″ Samsung sjónvarp ef þú drífur bílinn í skoðun!
FRÍTT
WI FI OG RJÚKANDI GÆÐA KAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND
MA 345
Aðalvinningur er Stórglæsilegt 50″ Ultra HD 4K LED sjónvarp frá Samsungsetrinu
LUKKULEIKUR
Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegt 50″ sjónvarp frá Samsungsetrinu sem verður dregið út 1. júní 2015.
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
KREATIV

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**40 ára Angelina Jolie**

**Þekktust fyrir:** Maleficent, Salt, Changeling og Mr. & Mrs. Smith

## BÍÓFRÉTTIR

### Johnny Depp verður andlit Dior



Leikarinn góðkunni Johnny Depp fetar nú í fótspor Brads Pitt og verður sérstakur sendiherra ilmvatnsins Chanel No.5, frá Christian Dior. Nú þegar hefur ein auglýsing komið út með Depp og þykir hún takast afar vel. Aðrir sendiherrar fyrir ilmina frá Dior eru Rihanna, Charlize Theron, Natalie Portman og Jennifer Lawrence.

## FRUMSÝNINGAR



**Jurassic World**

**Spennutryllir**

**Leikarar:** Chris Pratt Bryce Dallas Howard, Vincent D'Onofrio og Judy Greer.

**Frumsýnd: 10. júní.**

IMDb 8,3/10



**Paper Towns**

**Rómantískt drama**

**Leikarar:** Clara Delevingne, Nat Wolff og Halston Sage.

**Frumsýnd: 17. júní.**



**Inside Out**

**Gamansöm teiknimynd**

**Raddir:** Diane Lane, Amy Poehler, Kyle MacLachlan, Mindy Kaling og Bill Hader.

**Frumsýnd: 17. júní.**

# Entourage-æðið nú á næsta leiti

Kvikmyndin Entourage var frumsýnd í Bandaríkjunum í gær. Myndin er byggð á vinsælum þáttum sem voru í loftinu í átta ár. Hún hefur fengið misjafna dóma. Nike hefur hafið framleiðslu á sérstökum Entourage-skóm, sem verða gefnir út undir Jordan-merkinu.

Kvikmyndin Entourage var frumsýnd í Bandaríkjunum í gærkvöldi og styttist í að hún verði sýnd hér á landi. Aðdáendur þáttanna vinsælu hafa beðið eftir myndinni með eftirvæntingu í nokkur ár. Búist er við því að myndin verði einstaklega vinsæl og hefur íþróttavöruframleiðandinn Nike til dæmis gert sérstaka Entourage-skó sem fóru í sölu í gær. Þættirnir, sem hófu göngu sína árið 2004, voru gífurlega vinsælir. Þeir segja frá leikaranum Vincent Chase og vinum hans, þeim Eric Murphy, Johnny „Drama“ Chase, Turtle og umbanum æsta Ari Gold. Þættirnir eru meðal annars með meðaleinkunnina 8,6 í kvikmyndagagnagrunninum IMDB.com, sem varpar ljósi á hversu vel þeir voru metnir.

**Misjafnir dómar**

Svo virðist sem áhorfendur og gagnrýnendur séu mjög ósammála um gæði myndarinnar, sem nú er komin í sýningu vestanhafs. Á vefsíðunni Rotten Tomatoes, sem tekur saman meðaleinkunn frá gagnrýnendum, er myndin með 29 af 100 mögulegum stigum. En á IMDb er myndin með 8,3 í meðaleinkunn, frá áhorfendum myndarinnar og hafa á annað þúsund manns greitt atkvæði. Gagnrýnendur eru á því að myndin haldi ýmsu af því góða sem gerist í þáttunum. En hún þykir vera nokkuð grunn og virka einfaldlega eins og langur þáttur með fullt af frægum gestastjörnum. Gagnrýnendur virðast sammála um að aðalpersónur myndarinnar fái ekki nægilega verðug verkefni og að myndin sé of mikið í sama farinu og þættirnir.

**Nike framleiðir skó**

Þessir dómar breyta því væntanlega ekki að margir aðdáendur þessarar þekktu þáttaraðar munu þyrpast í kvikmyndahúsin til að fá næsta skammt af sögum um vinahópinn vinsæla. Eins og venjan er, þegar slíkar stórmyndir fara í sýningu, sjá fyrirtæki gróðavon í því að tengjast myndinni. Hægt er að kaupa sérstaka Entourage-skó, merkta Jordan-merkinu, sem er undir Nike. Aðdáendur þáttanna muna eflaust eftir því að persónan Turtle safnaði sjaldgæfum strigaskóm. Jerry Ferrara, sem túlkar Turtle, var einmitt sá sem sagði frá samningnum við Nike. Mark Wahlberg, einn af framleiðendum myndarinnar, hefur einnig sagt frá skónum á Twitter-síðu sinni. Þeir fóru í sölu í Bandaríkjunum í völdum verslunum í gær og geta íslenskir aðdáendur vinahópsins líklega pantað þá netinu.

**Ari Gold orðinn framleiðandi**

Í myndinni er gripið niður í líf vinahópsins og sagt frá nýjum verkefnum þeirra. Ari Gold, sem áður var umboðsmaður, er nú orðinn kvikmyndaframleiðandi og fjallar myndin um kvikmynd sem hann framleiðir og Vincent leikur í. Aðstandendur myndarinnar hafa 100 milljónir á milli handanna til að framleiða hana, en fara samt sem áður 15 milljónir dala fram úr áætlun. Þá þarf Ari Gold að næla í fjármagn og leitar til milljarðamærings frá Texas. „Myndin er fyrst og fremst um vinskap og samband vina,“ segir Doug Ellin, handritshöfundur og leikstjóri myndarinnar. Einstakir persónuleikar allra helstu karaktera myndarinnar hafa svo áhrif á framvindu mála og upplifun áhorfenda.

kjartanatli@365.is



**VINSÆLL VINAHÓPUR** Vince, Shauna, Eric, Ari, Turtle og Johnny Drama hafa verið vinsælir um árabil.

> **Myndin er fyrst og fremst um vinskap og samband vina.**
>
> *Doug Ellin, handritshöfundur og leikstjóri.*





Einar Hannesson
Hdl.Löggiltur
Fasteignasali og
leigumiðlari

Þórarinn Jónsson
hdl.Löggiltur
Fasteignasali

Óskar Már
Sölustjóri
gsm 615-8200

Víðir
Framkvæmdarstjóri
gsm 854-2226

Stefán Páll
Sölufulltrúi
gsm 694-7186

Agnar
Sölufulltrúi
gsm 820-1002

Þórir
Sölufulltrúi
865-9774

Ármann Þór
Sölufulltrúi
gsm 847-7000

Kristín
Sölufulltrúi
gsm 894-3003

Helgi
Sölufulltrúi
gsm 895-1999

Diðrik
Sölufulltrúi
gsm 647-8052

Björgvin Þór
Sölufulltrúi
gsm 855-1544

Ívar
Sölufulltrúi
gsm 690-9090

Haraldur
Sölufulltrúi
gsm 783-1494

Vera
Sölufulltrúi
gsm 866-1110

Sveinn
Sölufulltrúi
899-8546

# DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

## Fjárfesting

### Fjárfestar athugið - Mikil arðsemi

Höfum til sölumeðferðar tæplega 10.000fm. byggingu á höfuðborgarsvæðinu sem er í útleigu til 10 ára.
Vönduð eign.
Sterkur leigutaki.
Langtíma fjármögnun a.m.k. 70% kaupverðs í boði fyrir góðan kaupanda.
Arðsemi eigin fjár er áhugaverð.



Allar frekari upplýsingar varðandi eign og leigutaka veitir Agnar á skrifstofu Domusnova, Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogi.

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

## Hvannhólmi 20 200 Kópavog — Verð : 54.900.000



**Aukaíbúð er á neðri hæð 3herb. en möguleiki er á að gera þar 2 íbúðir**

**Domusnova Agnar og Stefán Páll Kynna: Einbýlishús á góðum stað í Kópavogi.**
Búið er að klæða húsið að utan að hluta með steni klæðningu kvarsað ljóst.
Þak er í lagi en komið á málun, rennur þarfnast endurnýjunar að hluta .
Góður sólpallur er í garði og er útisturta þar.

Nánari upplýsingar og gögn veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is
og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

## Fasteign og rekstur í ferðaþjónustu



Domusnova og Agnar kynna: Fasteign og rekstur í ferðaþjónustu.

Af sérstökum ástæðum er nú boðið til sölu mjög áhugaverð og vönduð eign í póstnúmeri 101 með fjölda hótelíbúða og stækkunarmöguleika til viðbótar með samþykktum teikningum.

Um er að ræða arðbæran rekstur sem getur verið til afhendingar skv. nánara samkomulagi.



Allar frekari upplýsingar veitir Agnar s: 820-1002 á skrifstofu Domusnova, Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogi.

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

## Fasteignafélag til sölu







Domusnova og Agnar kynna: Fasteignafélag til sölu:

Allar eignir í útleigu með langtímasamninga og góðar tryggingar.
Félagið er stofnað í árslok árið 2014 og einu eignir félagsins eru 10 íbúðir og einu skuldir félagsins eru veðskuldir vegna þessara 10 íbúða.
Leigutekjur á mánuði nema u.þ.b 1,9 milljónum.



Allar frekari upplýsingar veitir Agnar s: 820-1002 á skrifstofu Domusnova, Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogi.

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

## Engimýri III Hörgársveit Gistiheimili — Verð 58.000.000



**Útsýni stórbrotið og stutt í mikla paradís við td Hraunsvatn**

**Domusnova og Óskar Már kynna í einkasölu: Engimýri III sem stendur við þjóðveg 1**

Um er að ræða 284,6 fm gistiheimili/hótel með fullkomnum veitingastað ca 25-30 mín fjarlægð frá Akureyri. Eignin er skráð sem gistiheimili hjá Fmr.

**Ýmis skipti koma til greina ! ! Einnig kemur til greina að leigja reksturinn út ! !**

**Nánari upplýsingar gefa Óskar Már S: 615-8200 og oskar@domusnova.is**
**og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

## Litlabæjarvör 13 225 Álftanes/Garðabær — Verð : 54.900.000



**Eign á einni hæð með sjávarsýn.**

**Domusnova og Óskar Már kynna í einkasölu: Litlubæjarvör 13 á Álftanesi / Garðabæ um er að ræða 208.1 m² eign á einni hæð með sjávarsýn.**

Þetta er eign á einstökum stað við sjóinn sem bíður uppá mikla möguleika þar sem lóðin er 1006.3 fm. Eigandi skoðar skipti á 3 herb. íbúð í Hafnarfirði eða Garðabæ.
Þetta er eign á barnvænum stað þar sem stutt er í alla þjónustu sbr sundlaug, skóla.

**Nánari upplýsingar gefa Óskar Már S: 615-8200 og oskar@domusnova.is**
**og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

# LÍFIÐ

## TREND FRELSUN BRINGUNNAR KEMUR STERK INN

Töluvert hefur borið á að flegin hálsmál séu að ryðja sér til rúms, og svo virðist sem „less is more"-stemningin sé fjarri góðu gamni í þetta skiptið. Hér má sjá nokkrar tískudrósir sem stíga sjaldan feilspor í þessum efnum, en undanfarna viku hafa þær allar látið sjá sig á vinsælum mannamótum með vel flegið, og jafnvel rúmlega það gæti einhver sagt.



**GIZZI ERSKINE** Á Glamour Women of the Year Awards.



**MEGAN IRWIN** Á Veuve Clicquot Polo Classic-hátíðinni á laugardag.



**KIM KARDASHIAN** Í opnunarpartíi Hype Energy-drykkjarins.



**KATE HUDSON** Á Glamour Women of the Year Awards.



**ÚTLAGI** Rouse titlar sig sem útlaga í gríninu, enda með sérstakan stíl.

# Segist hafa fengið líflátshótanir

**Grínistinn Jason Rouse kemur fram í Háskólabíói á morgun. Í samtali við Fréttablaðið segist hann hlakka til að koma fram hér á landi og splæsir í grófan brandara, eins og honum einum er lagið. Rouse hefur ferðast víða um heim og komið fram og farið með gamanmál.**

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@365.is



„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands," segir grínistinn Jason Rouse í samtali við Fréttablaðið en hann er væntanlegur hingað til lands í dag. Rouse verður með uppistand í Háskólabíói á morgun og mun kappinn dvelja hérna fram á sunnudag í góðu yfirlæti. Enda hlakkar hann mikið til að hitta landsmenn og skoða landið.

Rouse er þekktur fyrir að gera ýmsar tilraunir til þess að ganga fram af áhorfendum og hefur stíll hans í gríni vakið hörð viðbrögð, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð. Þegar hann er spurður hvort hann finni fyrir þessum sterku skoðunum fólks á gríninu hans svarar hann um hæl: „Ég finn alveg fyrir líflátshótunum sem ég fæ, já. Margar konur hafa grátið eftir að hafa séð mig á sviði," bætir hann við. Hann segist hlakka til að koma fram fyrir íslenska aðdáendur. „Yfirleitt fer ég ekki með neinar væntingar til áhorfenda. Það eina sem ég bið um er að áhorfendur verði tilbúnir til þess að hlæja og hafa gaman. Ég bið þá sem ætla að koma á uppistandið að búast við hinu óvænta. Þetta verður fjör!"

Rouse hefur ferðast um allan heim og komið fram sem grínisti. Á vefsíðu sinni kallar hann sig útlaga í gríninu, því stíll hans samræmist oft ekki hefðbundnu uppistandi. „Ég hef farið víða. Komið fram í um tuttugu löndum. Það er gaman að hafa fengið að skoða heiminn svona." Rouse hefur verið á ferðalagi um Skandinavíu undanfarið og hefur áður komið við þar. Hann kom fram í Óperuhúsinu í Kaupmannahöfn fyrir fimm árum og má sjá það uppistand á YouTube. „Það er stærsti salurinn sem ég hef komið fram í," segir Rouse sem þótti gaman að skemmta Dönum og bætir við: „Minnsti og afskekktasti staðurinn er líklega Alta í Noregi."

Næst á dagskrá hjá Rouse er að fara til Los Angeles, þar sem hann býr. „Síðan mun ég fara til Kanada og koma fram á hinni árlegu grínhátíð þar. Þetta verður í fjórða sinn sem hún er haldin og ég mun koma fram með ekki ómerkari mönnum en Tom Green, Jeremy Hotz og góðvini mínum Russell Peters."

Rouse getur ekki beðið eftir því að koma til Íslands og líklegt þykir að hann muni kíkja út á lífið hér á landi. Þegar blaðamaður spyr hann út í hvaða klúbba hann vilji fara á notar hann enska orðið „club". Rouse snýr þá út úr orðunum og fer að tala um að berja seli með kylfu (sem á ensku er kallað „seal clubbing"). „Það er langt síðan ég hef gert það. Má gera það á Íslandi?"

> **Ég finn alveg fyrir líflátshótunum sem ég fæ, já. Margar konur hafa grátið eftir að hafa séð mig á sviði.**

Rouse, sem er þekktur fyrir klámkjaft, lendir hér á landi í dag og heldur uppistand í Háskólabíói á morgun. Sýningin hefst klukkan 19 og er enn hægt að fá miða á vefsíðunni www.midi.is.

# 20% AFSLÁTTUR
# AF ÖLLUM RAFTÆKJUM
# Í HAGKAUP 4. - 7. JÚNÍ



VERÐDÆMI
5.596KR
~~6.995~~

**Princess 250w Smoothie Blandari**
Tilvalinn til að hakka/blanda/þeyta eða mala.
Ryðfrír stálhnífur, 250ml kæliglös.



VERÐDÆMI
4.796KR
~~5.995~~

**Melissa blandari 1l svartur**
400w mótor. Tilvalinn fyrir boost, súpur og sósur
1L glerkanna, 2 hraðastillingar og púlshraði.
Ryðfrír stálhnífur.



VERÐDÆMI
15.196KR
~~18.995~~

**Wilfa Knus S blandari**
Öflugur 1200W mótor, 1.8l glerkanna,
stiglaus hraðastillir ásamt púls.
Hægt að taka hnífa frá til að hreinsa, litur: stál.




VERÐDÆMI
39.996KR
~~49.995~~

**Finlux 32" HD LED með DVB-T**
Einfalt og gott 32" LED sjónvarp með 1366x768 punkta HD upplausn.
Progressive Scan. Stafrænn DVB-C+T2
móttakari. Stereó hljóðkerfi. 2 HDMI tengi og USB tengi.




VERÐDÆMI
55.996KR
~~69.995~~

**United 40" LED sjónvarp**
Flott 40" LED sjónvarp með 1920x1080 punkta FHD háskerpu upplausn.
Progressive Scan. Stafrænn DVB-C+T2 móttakari.
Stereó hljóðkerfi. 3 HDMI tengi og USB tengi.




VERÐDÆMI
7.996KR
~~9.995~~

**Philips DVD spilari HDMI**
DVD Spilari með HDMI tengi, CinemaPlus
Dolby Digital, spilar DivX Plus MP3, WMA.



VERÐDÆMI
6.396KR
~~7.995~~

**Melissa 400w svört safapressa**
Tekur hart grænmeti og ávexti.
Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af.
Tveir hraðar, 1,5 lítra aldinkjöts bakki, auðveld í þrifum.



VERÐDÆMI
4.396KR
~~5.495~~

**Exido stál vöfflujárn**
1000W, gerir 5 Hjartalaga vöfflur.
Viðloðunarfrítt yfirborð.
Litur: Silfur.

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Kringlunni. Minna í öðrum verslunum. Gildir til og með 7.júní.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 6:30 - 9 |
| SAN ANDREAS 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL | KL. 10:55 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 8 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:40 |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 |
| CHILD 44 | KL. 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SPY | KL. 5:25 - 8 - 10:35 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| SAN ANDREAS 3D | KL. 8 - 10:20 |
| SPY | KL. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 10:30 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:30 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | 5:30, 8, 10:30 |
| SPY | 5:30, 8, 10:30 |
| HRÚTAR | 6 |
| PITCH PERFECT 2 | 8 |
| MAD MAX 3D | 10:30 |




**OFURHRESS** Davíð Arnar Oddgeirsson og Ósk Gunnarsdóttir verða á ferð og flugi í allt sumar ásamt upptökumanninum Arnari Þór Þórssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kíkja á allt það heitasta

## Ósk Gunnarsdóttir og Davíð Arnar Oddgeirsson stýra nýjum þætti sem kallast Sumarlífið á Lífinu á Vísi.

„Þetta er frétta- og skemmtiþáttur, þar sem við flytjum hressar og skemmtilegar fréttir á myndbandaformi,“ segir Davíð Arnar Oddgeirsson, en hann hefur ásamt Ósk Gunnarsdóttur umsjón með nýjum þætti sem ber nafnið Sumarlífið.

Þættirnir verða sýndir á Lífinu á Vísi og fer fyrsti þátturinn í loftið á föstudag. „Við ætlum að kíkja á alla heitustu viðburðina tengda tónlistar- og menningarlífi í sumar. Fólk vill sjá lifandi myndir og hefur gaman af því að innbyrða fréttina á formi myndbands,“ segir Ósk.

Fyrsti viðkomustaðurinn er útgáfutónleikar Gísla Pálma sem fram fara í kvöld og verða í þættinum skemmtileg myndskeið og viðtöl af tónleikunum. „Við munum kíkja á bak við tjöldin og taka skemmtileg viðtöl.“

The Colour Run, uppistand með Jason Rouse og Secret Solstice-tónlistarhátíðin eru á meðal þeirra viðburða sem heimsóttir verða á næstunni.

Ósk og Davíð eru bæði ákaflega hress og með puttann á púlsinum þannig að búast má við frábærum þáttum hjá þeim í sumar.

Þættirnir eru unnir af Mint Production í samstarfi við 365 miðla og sér Arnar Þór Þórsson um upptökur. gunnarleo@frettabladid.is



**GLEÐI MIKIL** Hljómsveitin alt-J stóð fyrir sínu á þriðjudagskvöldið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góð stemning í Vodafonehöllinni og fólk gat dillað sér dátt

TÓNLEIKAR ★★★☆☆

**Alt-J tónleikar**
Vodafonehöllin 2. júní

Breska tríóið Alt-J hélt tónleika í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda síðastliðið þriðjudagskvöld. Aðeins þrír meðlimir eru í sveitinni en Cameron Knight hefur komið fram með þeim á tónleikum að undanförnu.

Upphitun var í höndum Samaris og stóðu þau sig með stakri prýði. Seiðandi söngur Jófríðar, draumkenndur klarinettleikur Áslaugar og rafmögnuð beat Þórðar bjuggu áhorfendur vel undir það sem var í vændum.

Þetta er í annað skiptið sem Alt-J leikur á Íslandi þótt spurning sé hvort telja eigi hitt skiptið með. Áður en sveitin öðlaðist heimsfrægð léku meðlimir, klæddir í víkingabúning, á árshátíð rússnesks fjarskiptafyrirtækis sem haldin var hér á landi árið 2013.

Tónleikarnir á þriðjudag voru hins vegar fyrsta skiptið sem sveitin leikur með sinni eigin uppsetningu og fyrir miðahafa hér á landi. Um 2.500 manns mættu í höllina til að hlusta á tónlist sveitarinnar.

Á dagskránni voru lög af báðum plötum sveitarinnar. Framan af voru lögin af frumburðinum, An Awesome Wave, fyrirferðarmeiri en sá gripur hlaut hin eftirsóttu Mercury-verðlaun árið 2012. Eftir því sem leið á tónleikana fékk að heyrast meira af plötunni This Is All Yours sem kom út í fyrra.

Tónlist Alt-J verður seint kölluð dansvæn og fá lög bjóða upp á að hægt sé að syngja mikið með þeim. Mörgum tókst þó að dilla sér og þar sem það var hægt tók salurinn vel undir. Má þarf nefna lögin Matilda (aðdáendur myndarinnar Leon: The Professional sungu sennilega mest með því) og Taro.

Bretarnir stigu á svið korter yfir níu og af því tæpum áttatíu mínútum síðar. Er þeir voru klappaðir upp spiluðu þeir alls fjögur lög og enduðu á laginu Breezeblocks þar sem salurinn söng með „Please don't go, I love you so.“

Að tónleikunum loknum hugsaði ég með mér hvað mér hefði fundist og varð strax hugsað til orða lögfræðingsins Fletcher Reede, sem leikinn er af Jim Carrey, í kvikmyndinni Liar Liar. Hann liggur uppi í rúmi við hlið konu sem spyr hann hvort þetta hafi verið gott fyrir hann. Svarið var: „I've had better.“

Það er ekki margt sem hægt er að setja út á. Í einhverjum lögum hefði verið óhætt að lækka örlítið í hljómborðsleikaranum sem á köflum yfirgnæfði meðreiðarsveina sína.

Því er ekki hægt að neita að stemningin var góð, umgjörðin góð og frammistaða sveitarinnar var góð. Lykilorðið hér er lýsingarorðið góður. Það er erfitt að nota annað orð yfir þá en það. Ekkert lag vantaði á prógrammið en mögulega var nokkrum ofaukið.

Ef hægt væri að gefa í hálfum stjörnum hlytu Alt-J þrjár og hálfa fyrir frammistöðu sína. Þegar það er nauðsyn að lækka eða hækka um hálfa stjörnu er niðurstaðan augljós.

Þeir Joe, Thom, Gus og Cameron gerðu það sem þeir þurftu að gera en hvorki meira né minna en það. Ef þú misstir af þeim á þriðjudag, ert á leiðinni út í bráð og átt séns á að skreppa á tónleika sveitarinnar í leiðinni, endilega gerðu það. En ekki taka á þig mikinn krók til þess. johannoli@365.is

**NIÐURSTAÐA:** Ef hægt væri að gefa í hálfum stjörnum hlytu Alt-J þrjár og hálfa fyrir frammistöðu sína. Þegar það er nauðsyn að lækka eða hækka um hálfa stjörnu er niðurstaðan þrjár stjörnur.

# Dúndruðu litasprengjum í fræga fólkið fyrir málstaðinn

„Fögnum góðum árangri og hvetjum fólk til að gefa sér fimmu fyrir það í hlaupinu á laugardaginn,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir.

„Þetta var virkilega skemmtilegt, og allir mikið meira en til í að vera með okkur,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, kynningarstjóri og upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, um hressandi átak sem hleypt hefur verið af stokkunum á samfélagsmiðlum. Þar sjást þekkt andlit verða fyrir barðinu á litasprengjum, svo sem Atli Bjarkason, Sunna Ben, Gunnar Hansson, Lóa Hjálmtýs og fleiri. „Þetta eru sömu efnin og verða notuð í The Color Run by Alvogen á laugardag,“ útskýrir Sigríður, en hluti þátttökugjalda rennur til UNICEF. „Við viljum með þessu sprelli vekja athygli á þeim árangri sem náðst hefur í að bæta líf barna í heiminum,“ segir Sigríður og bætir við að til dæmis hafi aldrei eins mörg börn notið menntunar og aðgengis að hreinu vatni og barnadauði fari stórminnkandi. „Við ætlum svo að halda fjörinu áfram og fá fólk til að fagna með okkur í hlaupinu á laugardag, og hvetjum alla til að gefa hver öðrum fimmu fyrir þennan árangur sem náðst hefur,“ segir Sigríður og bætir við: „Og svo erum við með myllumerkin #fimma og #runicef til að halda utan um þetta. Fyrir áhugasama má svo halda áfram að styrkja með því að senda sms-ið FIMMA í símanúmerið 1900, og gefa fimm hundruð krónur.“ - ga



**SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR**



**BAMM!** Lóa Hjálmtýsdóttir, söngkona í FM Belfast, sést hér fá eina góða bombu, allt fyrir góðan málstað.



**ALVEG GAGA** Lady Gaga biður fólk að slaka aðeins á, hún sé bara að verða eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

## Ekki ólétt, bara að eldast

Söngkonan Lady Gaga sprakk á limminu um daginn, en hún gafst upp á þeim sögusögnum sem flogið hafa fjöllunum hærra upp á síðkastið um að hún sé ófrísk.

Tók Gaga sig til og lét aðdáendur sína heyra það á tónleikum í vikunni, þar sem hún sagði þeim að hún væri einfaldlega að eldast. Meint öldrun hefði þau áhrif á líkama hennar, að sumir héldu hana konu eigi einsamla. Kleip hún í lærin á sér máli sínu til rökstuðnings og benti á að hún ætti nú aðeins eitt ár í að verða þrítug. Segja fjölmiðlar vestanhafs að hún hafi svarað óléttuorðrómi fullum hálsi, en verður víst hver að dæma fyrir sig hvort þetta hafi verið gott útspil.



**ÍSKALDUR** Jackson ber ekki kala til Tarantinos, sem veit upp á hár hvað hann er að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

## Frysti leikarana

Íslandselskandinn Quentin Tarantino fer sjaldan troðnar slóðir og við tökur á nýjustu mynd sinni tekur hann sig til og frystir leikarana, bókstaflega. Samuel L. Jackson fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni, The Hateful Eight, og lét hafa eftir sér nýlega að sérstakur frystiklefi hefði verið gerður þar sem atriði í myndinni voru tekin upp. Ku þar hafa verið þrjátíu gráða frost og ástandið svoleiðis að leikararnir hafi fengið að þjást úr kulda alla daga.

Sagði Jackson að þetta sérstaka útspil leikstjórans hafi samt gert að verkum að myndin sé töfrum þrungin, en andrúmsloftið sem skapaðist í tökunum hafi ekki verið neinu líkt.




| | NEMANDI | TITILL VERKEFNIS | LEIÐBEINANDI |
|---|---|---|---|
| | | **STOFA M208** | |
| 09:00 | Elín Anna Gísladóttir | Use of Weather Data in Supply Chain Management | Hlynur Stefánsson |
| 10:00 | Valgerður Helga Einarsdóttir | Capacity planning and order fulfillment in hybrid make-to-order / make-to-forecast production system | Hlynur Stefánsson |
| 11:00 | Elías Bjarnason | Critical success factors in planning, scheduling and control for design and construction projects | Þórður Víkingur Friðgeirsson og Jónas Þór Snæbjörnsson |
| 13:00 | Elísabet Edda Guðbjörnsdóttir | Blood Bank Management Inventory Analysis | Hlynur Stefánsson |
| 15:00 | Erla Guðmundsdóttir | Optimal training frequency in bodyweight and resistance high-intensity interval training for healthy adults | Jose Miguel Saavedra |
| 16:00 | Ágúst Sigurður Björgvinsson | Menntakerfi þjálfara í körfuknattleik | Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir |
| | | **STOFA M104** | |
| 09:00 | Eiður Örn Þórsson | DustMaker: Dispenser for volcanic ash simulators | Joseph Foley og Þorgeir Pálsson |
| 10:00 | Sigurður Ingi Einarsson | Boeing 757-200 interior simulation for cabin air quality analysis | Joseph Foley og Þorgeir Pálsson |
| | | **STOFA M209** | |
| 08:30 | Rannveig Guðmundsdóttir | The impact on scheduling by using cost penalties regarding service level | Ágúst Þorbjörnsson og Páll Jensson |
| 09:30 | Ármann Óskar Sigurðsson | Rannsókn á uppbyggingu og þróun byggingarkostnaðar og byggingarvísitölu | Jónas Þór Snæbjörnsson |
| 10:30 | Lilja Níelsdóttir | Classifying Epileptic Induced Seizures on Larval Zebrafish Datasets | Bjarni Vilhjálmur Halldórsson |
| 11:30 | Hanna María Hermannsdóttir | Optimisation of stand allocation in Keflavik international airport | Eyjólfur Ingi Ásgeirsson og Hlynur Stefánsson |
| 12:30 | Jón Ragnar Guðmundsson | Data Driven Decision Making in Baseball | Margrét V. Bjarnadóttir og Páll Jensson |
| 13:30 | Þórhallur Ingi Jóhannsson | Supply Chain Risk: Sea transport to and from Iceland | Páll Jensson og Svana Helen Björnsdóttir |
| 14:30 | Thelma Björk Wilson | Framleiðsluskipulagning hjá Glófa ehf. | Páll Jensson og Katrín Auðunardóttir |
| 15:30 | Ágúst Freyr Dansson | Profitability and operation assessment of a new fishfeed factory in the Westfjords | Páll Jensson |

## Hrafnhildur náði Ólympíulágmarki



**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir, sem náði Ólympíulágmarki í 200 metra fjórsundi í fyrradag, sló hvergi af í sundkeppninni á Smáþjóðaleikunum í gær.

Hrafnhildur vann til gullverðlauna í 200 metra bringusundi og náði um leið lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Ríó á næsta ári. Hrafnhildur synti á 2:25,39 mínútum og sló Íslandsmet sitt sem og mótsmetið á Smáþjóðaleikunum.

Eygló Ósk Gústafsdóttir vann gull í 100 metra baksundi en kom í bakkann á 1:01,20 mínútum og sló eigið mótsmet um 1,69 sekúndu.

Kolbeinn Hrafnkelsson bar sigur úr býtum í 100 metra baksundi á tímanum 57,66 sekúndum og þá vann sveit Íslands í kvennaflokki sigur í 4x200 metra skriðsundi á nýju mótsmeti, 8:20,96 mínútum. Ísland hefur alls unnið 21 verðlaun á Smáþjóðaleikunum; sjö gull, átta silfur og sex bronsverðlaun. - iþs

## Markmiðið var að vera ekki neðstur

**SKOTFIMI** Ívar Ragnarsson sló í gegn í keppni með loftskammbyssu á Smáþjóðaleikunum í gær. Þessi fertugi kappi, sem byrjaði að æfa í fyrra, var í harðri baráttu við Íslendinginn Thomas Viderö, sem vann þessa grein á leikunum fyrir tveimur árum, og Boris Jeremenko frá Mónakó sem sigraði loks. Thomas varð þriðji.

„Ég skráði mig fyrst í Skotfélagið í lok árs 2013 og keppti svo í apríl í fyrra í fyrsta sinn,“ segir Ívar sem vann silfur á sínu fyrsta móti. „Það kom mörgum á óvart en mest af öllum mér sjálfum.“

Hann segir að árangurinn í gær hafi farið fram úr sínum björtustu vonum. „Takmark mitt var að verða ekki neðstur og því get ég ekki verið annað en ánægður,“ sagði Ívar sem var í forystu framan af þar til Jeremenko náði forystu með fullkomnu skoti sem gaf 10,9 stig. Eftir það skaut hann betur en Ívar í nánast hverri umferð.

„Stór hluti af því skrifast á reynsluleysi hjá mér,“ segir Ívar sem veit ekki hvað tekur við hjá sér. „Ég ætla bara að halda áfram. Ég hef ekkert leitt hugann að því að keppa erlendis því ég verð mjög stressaður fyrir keppnir. Það verður svo að koma í ljós hvort ég komist í landsliðið fyrir næstu Smáþjóðaleika enda margir góðir skotmenn hér. En ég stefni á það.“ - esá



**SILFURMAÐUR** Ívar er hér til hægri í keppninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÚRSLIT

### BORGUNARBIKAR KARLA

**32-LIÐA ÚRSLIT**

**LÉTTIR - ÍBV 0-6**
0-1 Dominic Adams (23.), 0-2 Jonathan Glenn (36.), 0-3 Adams (70.), 0-4 Richard Sæþór Sigurðsson (85.), 0-5 Richard (86.), 0-6 Adams (90.).0

**ÞÓR - VÍKINGUR Ó. 2-3**
1-0 Sveinn Elías Jónsson (17.), 1-1 Kristinn Pétursson (20.), 2-1 Kristinn Þór Rósbergsson (36.), 2-2 Ingólfur Sigurðsson (82.), 2-3 Kristófer Eggertsson (87.).

**KEFLAVÍK - KR 0-5**
0-1 Grétar Sigurðarson (15.), 0-2 Almarr Ormarsson (42.), 0-3 Þorsteinn Már Ragnarsson (60.), 0-4 Sören Fredriksen (67.), 0-5 Guðmundur Andri Tryggvason (82.).

**FYLKIR - NJARÐVÍK 3-2**
0-1 Bergþór Ingi Smárason (39.), 0-2 Sjálfsmark (70.), 1-2 Ásgeir Örn Arnþórsson (83.), 2-2 Ragnar Bragi Sveinsson (90.), 3-2 Davíð Einarsson (90.).

**FH - HK 2-1**
0-1 Guðmundur Atli Steinþórsson (4.), 1-1 Steve Lennon (33.), 2-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (45.).

**VÍKINGUR R. - HÖTTUR 2-0**
1-0 Rolf Toft (96.), 2-0 Igor Taskovic (111.).

**VALUR - SELFOSS 4-0**
1-0 Patrick Pedersen (24.), 2-0 Pedersen (65.), 3-0 Pedersen (90.), 4-0 Tómas Óli Garðarsson (90.).

**ÍA - FJÖLNIR 0-3**
0-1 Mark Charles Magee (13.), 0-2 Magee (18.), 0-3 Aron Sigurðarson (83.).

**STJARNAN - LEIKNIR R. 1-1 (7-6** eftir vító**)**
0-1 Kristján Páll Jónsson (22.), 1-1 Jeppe Hansen (32.).

### SMÁÞJÓÐALEIKARNIR

**ÍSLAND - ANDORRA 83-61**
**(28-18, 19-15, 20-15, 16-13)**
**Ísland:** Logi Gunnarsson 16 stig, Kristófer Acox 11/6 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 9, Axel Kárason 8, Ægir Þór Steinarsson 7/4 fráköst/8 stoðsendingar, Jakob Örn Sigurðarson 6, Hlynur Elías Bæringsson 6/4 fráköst, Elvar Már Friðriksson 6, Martin Hermannsson 5/5 stoðsendingar, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 4/7 fráköst, Helgi Már Magnússon 3/4 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 2.



**Á FLUGI** Norma Dögg vann til tveggja gullverðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stelpurnar sigursælar

**FIMLEIKAR** Keppni á einstökum áhöldum í fimleikakeppni 16. Smáþjóðaleikanna fór fram í gær.

Í kvennaflokki hafði Ísland mikla yfirburði og vann öll þau gullverðlaun sem í boði voru. Norma Dögg Róbertsdóttir vann sigur í stökki og á jafnvægisslá. Thelma Rut Hermannsdóttir var hlutskörpust í gólfæfingum og Dominiqua Belányi í keppni á tvíslá. Sigríður Bergþórsdóttir vann til silfurverðlauna í gólfæfingum en hún fékk 12.900 stig, 400 stigum minna en Thelma.

Í karlaflokki vann Valgarð Reinhardsson til fernra silfurverðlauna; í gólfæfingum, bogahesti, tvíslá og jafnvægisslá. Eyþór Baldursson fékk bronsverðlaun í æfingum á jafnvægisslá. - iþs

# Þrjú stig og bónus í boði

Fátt óvænt í leikmannahópi Íslands fyrir Tékkaleikinn. Gunnleifur Gunnleifsson snýr aftur eftir góða frammistöðu í Pepsi-deildinni. Sigur gefur ekki bara mikilvæg stig heldur einnig góða stöðu fyrir undankeppni HM.

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfarar í fótbolta, kynntu í gær leikmannahópinn sem mætir Tékklandi í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM 2016 á Laugardalsvelli 12. júní.

Þeir gera fjórar breytingar á hópnum. Inn koma markvörðurinn 39 ára gamli Gunnleifur Gunnleifsson fyrir Ingvar Jónsson, Kristinn Jónsson, bakvörður Breiðabliks, fyrir Hörð Björgvin Magnússon, Theodór Elmar Bjarnason kemur inn og Jón Guðni Fjóluson dettur út. Þá er Rúnar Már Sigurjónsson, leikmaður Sundsvall, í hópnum í stað Guðlaugs Victors Pálssonar.

**Engar áhyggjur af Kolbeini**

„Þetta er okkar val og eru þeir leikmenn sem við töldum henta best í þennan leik,“ sagði Heimir Hallgrímsson um valið.

Allir leikmenn íslenska liðsins spiluðu mikið á síðustu leiktíð með sínum liðum eða eru að spila reglulega á Norðurlöndum. Leikmenn eins og Gylfi Þór Sigurðsson, Aron Einar Gunnarsson, Emil Hallfreðsson, Ragnar Sigurðsson og Kári Árnason hafa allir verið í fantaformi með sínum liðum.

Einn leikmaður sem hefur þó átt erfitt uppdráttar með landsliðinu jafnt og félagsliði sínu, Ajax, undanfarin misseri er Kolbeinn Sigþórsson.

„Hann átti ekki sinn besta leik gegn Kasakstan og ég veit ekki af hverju hann spilar svona lítið með Ajax. Það er auðvitað ekki gott, en við vitum hvað hann gefur landsliðinu og hversu gaman honum finnst að spila með því þannig að ég hef engar áhyggjur af Kolbeini,“ sagði Lars Lagerbäck við Fréttablaðið í gær.




**VERTU MEÐ OSS** Birkir Bjarnason gæti þurft að færa fórn til að spila. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Íslenski hópurinn gegn Tékklandi

**MARKVERÐIR Hannes Þór Halldórsson** (Sandnes Ulf), **Gunnleifur Gunnleifsson** (Breiðabliki) og **Ögmundur Kristinsson** (Hammarby).

**VARNARMENN Kári Árnason** (Rotherham), **Ragnar Sigurðsson** (FC Krasnodar), **Birkir Már Sævarsson** (Hammarby), **Theodór Elmar Bjarnason** (Randers), **Ari Freyr Skúlason** (OB), **Sölvi Geir Ottesen** (Jiangsu Guoxin-Sainty), **Hallgrímur Jónasson** (OB) og **Kristinn Jónsson** (Breiðablik).

**MIÐJUMENN Eiður Smári Guðjohnsen** (Bolton), **Aron Einar Gunnarsson** (Cardiff), **Gylfi Þór Sigurðsson** (Swansea), **Emil Hallfreðsson** (Verona), **Jóhann Berg Guðmundsson** (Charlton), **Birkir Bjarnason** (Pescara), **Rúrik Gíslason** (FCK) og **Rúnar Már Sigurjónsson** (Sundsvall).

**SÓKNARMENN Kolbeinn Sigþórsson** (Ajax), **Alfreð Finnbogason** (Real Sociedad), **Viðar Örn Kjartansson** (Jiangsu) og **Jón Daði Böðvarsson** (Viking).

**Tvöfaldur möguleiki**

Leikurinn 12. júní er gríðarlega mikilvægur, því með sigri stígur liðið ekki bara stórt skref í áttina að sæti á EM 2016, heldur verður það í góðri stöðu þegar dregið verður til undankeppni HM 2018.

„Þetta er leikurinn með stórum stöfum. Þetta er okkar möguleiki á að komast í undankeppnina,“ sagði Heimir og dró ekkert úr mikilvægi leiksins gegn Tékklandi.

„Það eru ekki bara þrjú stig í boði heldur líka bónus. Sá bónus er að vera í öðrum styrkleikaflokki í undankeppni HM 2018. Það væri ansi vel gert að ná því,“ sagði Heimir.

Staða landsliða á heimslista FIFA ræður í hvaða styrkleikaflokki þau verða í undankeppni HM og tryggir sigur á Tékkum okkur í 2. styrkleikaflokk.

**Birkir gæti fært fórn**

Upp er komin óvanaleg staða hjá landsliðinu með einn mikilvægasta mann liðsins, Birki Bjarnason. Hann er á fullu í umspili ítölsku B-deildarinnar um sæti í efstu deild þar í landi, en liðið á fyrir höndum leiki heima og að heiman gegn Bologna um síðasta sæti í A-deildinni.

Fyrri leikurinn fer fram á föstudagskvöldið en sá síðari á þriðjudaginn, aðeins þremur dögum fyrir landsleikinn gegn Tékklandi. Umspilið fer inn á alþjóðlega leikdaga þannig að Ísland er í fullum rétti að kalla hann inn í liðið þannig að hann missi af leikjunum.

„Við ætlum að taka ákvörðun þegar líður aðeins nær. Hans vilji er að koma heim en við ætlum ekkert að trufla fyrri leikinn hjá honum. Við leyfum honum að spila hann og tökum ákvörðun eftir þann leik,“ sagði Heimir Hallgrímsson. tomas@365.is

# Búið að safna átta milljónum fyrir landsliðið

Átak Körfuboltafjölskyldunnar hefur gengið vonum framar og mun létta róður KKÍ á EM í Berlín.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er búið að ganga alveg ótrúlega vel hjá okkur,“ segir körfuboltagoðsögnin Einar Bollason en hann er hluti af hópi sem kallar sig Körfuboltafjölskylduna. Hún hefur verið að safna peningum síðan í september til þess að styðja við bakið á karlalandsliðinu sem er á leið á EM í september.

Velunnarar körfuboltans gátu skuldbundið sig til þess að greiða litla upphæð á mánuði í tíu mánuði. Margt smátt gerir eitt stórt og það á svo sannarlega við í þessu tilviki.

„Þetta er búið að vera að malla inn í vetur og við erum búnir að safna um átta milljónum króna. Við settum upprunalega stefnuna á fimm milljónir en þetta fór langt fram úr okkar væntingum,“ segir Einar glaður í bragði.

„Fyrst þetta gekk svona vel þá höfum við sett stefnuna á tíu milljónir. Við erum að vonast eftir því að ná fleirum inn núna á næstu misserum.

„Ætli það séu ekki um 200 manns sem hafa skráð sig í þetta átak og svo nokkur fyrirtæki. Það eru alls konar fólk að taka þátt og það reynir að virkja fólkið í kringum sig.“

Samstaðan í körfuboltahreyfingunni er augljóslega mikil og hún yljar Einari um hjartarætur.

„Það er svo ótrúlega gaman að þessu. Ég hef talað við gamla handboltamenn sem spyrja bara hvernig við förum eiginlega að þessu. Við byrjuðum að safna um leið og strákarnir komust á mótið enda er þetta dýrt verkefni. Þetta er söguleg stund og margir vilja hjálpast að sem er yndislegt.“

Einar og hans gömlu vinir ætla ekki að láta leiki íslenska liðsins í Berlín fram hjá sér fara.

„Ég fer sem og frúin og allir gömlu KR-ingarnir. Við skráðum okkur um leið og það er allt klárt. Það ætla bara allir að fara til Berlínar og þetta verður alveg stórkostlegt.




**SAMSTAÐA** Kempurnar Einar Bollason og Kolbeinn Pálsson eru hér með landsliðsmönnunum Hlyni Bæringssyni og Loga Gunnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég er að reikna með svona 1.000 Íslendingum á svæðinu. Þetta verður sögulegt og afar gaman að þessu öllu.“ - hbg




ÚTILÍF
síðan 1974

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

# DAGSKRÁ



2 | 20:30
**MATARGLEÐI EVU**
Grillveisla og sumarstemmning hjá Evu Laufeyju í þessum þætti. Hvítlauksmarineraður humar, vefjur með lambaspjóti og í eftirrétt er ómótstæðilegur grillaður ananas með vanilluís og karamellusósu!
***Allar uppskriftir úr þáttunum eru á: visir.is/matur***

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 21:40
**BATTLE CREEK**
Glæpaþættir með gamansömu ívafi sem fjalla um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem hafa mismunandi skoðanir á öllum hlutum!



2 | 22:25
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 23:10
**THE JINX: THE LIFE AND DEATHS OF ROBERT DURST**
Nýir og vandaðir heimildarþættir þar sem kafað verður ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins Roberts Durst.



| 22:00
**COLOMBIANA**
Hörkuspennandi mynd um unga konu sem vex úr grasi sem leigumorðingi eftir að hafa orðið vitni að því er foreldrar hennar voru myrtir.



G | 20:35
**THE NEWSROOM**
Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



Krakka stöðin | 19:00
**KAFTEINN SKÖGULTÖNN**
Teiknimynd um Kaptein Skögultönn sem er skelfir hafsins og konungur sjóræningjanna.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 iCarly**
**08.30 Masterchef USA**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 It's Love, Actually**
**11.25 Dads**
**11.45 Jamie's 30 Minute Meals**
**12.10 Enlightened**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 27 Dresses**
**14.45 Cinderella Story. Once Upon a Song**
**16.15 The O.C.**
**16.55 iCarly**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag**
**19.40 Fóstbræður**
**20.05 Anger Management** *(21:22)*
**20.30 Matargleði Evu** *(12:12)* Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni.
**20.55 Restaurant Startup** *(1:10)* Önnur röð þessara skemmtilegu og spennandi raunveruleikaþátta í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love.
**21.40 Battle Creek** *(5:13)* Glæpaþættir með gamansömu ívafi með Josh Duhamel og Dean Winters í aðalhlutverkum.
**22.25 NCIS**
**23.10 The Jinx. The Life and Deaths of Robert Durst**
**23.55 Shameless**
**00.50 NCIS. New Orleans**
**01.35 Hugh Hefner. Playboy, Activist and Rebel**
**03.35 27 Dresses**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Keflavík - KR**
**11.00 Keflavík - KR**
**12.50 Pepsímörkin 2015**
**14.15 Barcelona - Veszprém**
**15.50 Barcelona - Bayern München**
**17.30 Þýsku mörkin**
**18.00 Demantamótar. - Róm** BEINT
**20.10 Keflavík - KR**
**22.00 Borgunarmörkin 2015**
**23.05 UFC Unleashed 2015**
**23.50 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**
**00.35 NBA Roundtable. Stars of the 90's**
**01.00 Golden State - Cleveland. Leikur 1** Bein útsending frá fyrsta leiknum í úrslitaeinvíginu í NBA þar sem Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers eigast við.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.25 Everton - Arsenal**
**13.10 Goals of the Season**
**14.05 Leicester - Man. Utd.**
**15.50 Man. Utd. - Swansea**
**17.40 Keflavík - KR**
**19.30 Season Highlights**
**20.25 David James** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**21.00 Man. Utd. - Liverpool 14.03.09**
**21.30 Premier League World**
**22.00 Borgunarmörkin 2015**
**23.05 Tottenham - Liverpool**
**00.45 Season Highlights**
**01.40 Premier League World**

## ÍNN

20.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi.
21.00 Frjáls verslun
21.30 Sjónvarp Víkurfrétta

## STÖÐ 3

**19.00 Community**
**19.25 Hot in Cleveland**
**19.50 Last Man Standing**
**20.15 Dallas**
**21.00 Sirens** *(3:10)* Bráðskemmtilegir gamanþættir úr smiðju Denis Leary og Bobs Fisher höfundar myndanna Wedding Crashers og We're the Millers.
**21.25 Supernatural** *(3:23)* Áttunda röðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.10 American Horror Story** *(4:13)* Þriðja röð þessara dulmögnuðu þátta. Nú eru nýjar söguhetjur kynntar til leiks og sagan er alls ekkert tengd þeirri sem sögð var í síðustu þáttaröð.
**22.55 The Lottery** *(8:10)*
**23.35 Last Man Standing**
**00.00 Dallas**
**00.45 Sirens**
**01.10 Supernatural**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Latibær **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Latibær **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Latibær **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Kapteinn Skögultönn

## GULLSTÖÐIN

**18.30 Friends**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Mike and Molly**
**19.45 The Big Bang Theory** *(15:24)*
**20.10 Sullivan & Son** *(4:10)* Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns í Pittsburgh.
**20.35 The Newsroom** *(4:6)* Þriðja röðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.
**21.35 Ally McBeal** *(21:23)* Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**22.20 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**22.50 Arrested Development**
**23.30 Tyrant**
**00.15 Sullivan & Son**
**00.40 The Newsroom**
**01.30 Ally McBeal**
**02.20 Curb Your Enthusiasm**
**02.50 Tyrant**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.30 Spy Kids 4**
**14.00 Straight A's**
**15.30 Ghostbusters**
**17.15 Spy Kids 4**
**18.45 Straight A's**
**20.15 Ghostbusters**
**22.00 Colombiana**
**23.50 The Call**
**01.25 Killing Them Softly**
**03.00 Colombiana**

## RÚV

**15.55 Matador**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Smáþjóðaleikarnir 2015** *(Sund)* Bein útsending.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Í sátt og samlyndi** *(Fra Bollerum til Bulderby)* Sambúð er ekki alltaf átakalaus. Dönsk heimildamynd um sambýlinga sem þurfa að læra hvert inn á annað svo sambúðin gangi upp.
**20.25 Best í Brooklyn** *(2:23) (Brooklyn Nine Nine II)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn.
**20.50 Frú Biggs** *(5:5) (Mrs. Biggs)* Bresk sjónvarpsþáttaröð byggð á sannsögulegum heimildum. Árið 1963 var eitt stærsta lestarrán sögunnar framið. Þættirnir segja sögu eiginkonu eins þekktasta ræningjans, Ronnie Biggs.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Smáþjóðaleikarnir á Íslandi - samantekt** *(3:4)*
**22.35 Glæpahneigð** *(8:23)*
**23.15 Baráttan um þungavatnið** *(4:6)*
**00.00 Kastljós**
**00.25 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.00 Cheers**
**13.25 Dr. Phil**
**14.05 Black-ish**
**14.30 The Odd Couple**
**14.50 Survivor**
**16.20 Bachelor Pad**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Minute To Win It Ísland** *(6:10)*
**19.55 America's Funniest Home Videos**
**20.15 Royal Pains** *(8:13)* Þetta er fimmta þáttaröðin um Hank Lawson sem starfar sem einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons
**21.00 Agents of S.H.I.E.L.D.** *(2:22)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju teiknimyndarisans Marvel. Bandaríska ríkisstjórnin bregður á það ráð að láta setja saman sveit óárennilegra ofurhetja til að bregðast við yfirnáttúrulegum ógnum á jörðinni. Frábærir þættir sem höfða ekki bara til ofurhetjuaðdáenda. Allir þættirnir eru aðgengilegir í SkjáFrelsi og SkjáFrelsi á netinu á heimasíðu Skjásins.
**21.45 American Crime** *(10:11)* Bandarísk þáttaröð með úrvalsleikurum í öllum helstu hlutverkum.
**22.30 Sex & the City** *(16:18)*
**22.55 Scandal .**
**23.40 Law & Order**
**00.25 American Odyssey**
**01.10 Penny Dreadful**
**01.55 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**02.40 American Crime**
**03.25 Sex & the City**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015
13.00 Golfing World 2015
13.50 PGA Tour 2015 - Highlights
14.45 European Tour 2015
17.15 Golfing World 2015
18.05 Inside the PGA Tour 2015
18.30 PGA Tour 2015
22.30 Inside the PGA Tour 2015
22.55 Golfing World 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Mannamál **10.45** Heimsljós **11.15** 433.is **11.45** Tara og Trixin **12.00** Mannamál **12.45** Heimsljós **13.15** 433.is **13.45** Tara og Trixin **14.00** Mannamál **14.45** Heimsljós **15.15** 433.is **15.45** Tara og Trixin **16.00** Mannamál **16.45** Heimsljós **17.15** 433.is **17.45** Tara og Trixin **18.00** Mannamál **18.45** Heimsljós **19.15** 433.is **19.45** Tara og Trixin **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins list **22.00** Þjóðbraut **23.00** Sjónarhorn **23.30** Lífsins list

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**Garðsett**, borð og 2 stólar.
**19.995kr.**
41616082



Sólbekkur, 188x62x29 cm.
**7.495kr.**
41622160




**GLOBAL sólbekkur** með sessu.
**22.495kr.**
41616087 Almennt verð: 29.995 kr.



**GLOBAL garðborð**, 155x98 cm.
**41.995kr.**
41616088







**OUTBACK Hunter gasgrill,**
3 brennarar, 11,88 kW.
**54.995kr.**
50630086 Almennt verð: 64.995 kr.




**BROIL KING Gasgrill MONARCH 320,**
8,8 kW, eldunarsvæði er 57x37cm,
þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar.
**64.995kr.**
50657510 Almennt verð: 69.995 kr.




**BROIL KING Gasgrill SIGNET 20,**
11,7 kW, eldunarsvæði er 67x38cm,
3 ryðfríir brennarar.
**79.995kr.**
50657504 Almennt verð: 99.995 kr.




**McCULLOCH sláttuvél M46-125R** m/drifi,
fjórgengis B&S mótor, 1,6 kW, sláttubreidd
46 cm, 6 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki.
**59.995kr.**
53322821 Almennt verð: 69.995 kr.




**McCULLOCH sláttuvél M46-125,** fjórgengis B&S mótor, 1,6 kW, sláttubreidd
46 cm, 5 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki.
**49.995kr.**
53322805 Almennt verð: 59.995 kr.




**Stjúpur,** 10 stk.
**895kr.**
83037540




**Graskorn,** 5 kg.
**1.195kr.**
55095001
Almennt verð: 1.595 kr.




**Leirkúlur,** 5 lítrar.
**1.095kr.**
55097057
Almennt verð: 1.495 kr.



**Grashrífa** með beykihaus.
**3.495kr.**
55701063



LUX fíflajárn.
**1.695kr.**
68320801



**Glæðir**
blómaáburður, 1 l.
**795kr.**
55029080



**Flúðamold,** 20 L.
**595kr.**
55097014



**Sláttuorf BC139,**
fjórgengismótor,
0,7 kW,
25 cm sláttubreidd.
**29.995kr.**
53323120

byko.is

**KYNNTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR Á BYKO.IS**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Helgartilboð gilda frá 4.-7. júní

## UPPÁHALDSDÝRIÐ



**„Uppáhaldsdýrið mitt er lemúr! Ég er á móti dýragörðum en samt langar mig í þá til að geta séð lemúra. Hvernig er ekki hægt að elska þessi dýr?“**

Hugrún Halldórsdóttir, fjölmiðlakona og íþróttagarpur.

# Barn kom í heiminn á millitíðinni

## Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir hefur gefið út Þel, sína fimmtu breiðskífu.

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir hefur sent frá sér sína fimmtu breiðskífu og ber hún titilinn Þel. Síðast gaf hún út plötuna Moment árið 2012 en hófst fljótlega handa við að semja efni fyrir nýja plötu. „Ég byrjaði að semja hana árið 2012 en upptökurnar hófust svo fyrir um ári. Við kláruðum hana svo núna í janúar en ég var ekkert að stressa mig á að koma henni út og átti meðal annars eitt barn í millitíðinni,“ segir Lára létt í lundu, spurð út í smíði plötunnar.

Lára fetar nýjar slóðir á plötunni og vinnur meðal annars í fyrsta sinn með upptökustjóra og útsetjara en Stefán Örn Gunnlaugsson stýrði upptökunum og útsetningum. „Það var æðislegt að vinna með Stebba, það var líka komið að stjórnsömu hliðinni minni að víkja,“ segir Lára og hlær. „Þetta samstarf gekk mjög vel og það var alltaf frelsi til að prófa nýja hluti. Við eyddum miklum tíma saman í stúdíóinu og kölluðum svo í frábæran mannskap til að spila inn á plötuna.“

Lára syngur plötuna á íslensku og er platan sú fyrsta sem hún syngur alla á íslensku. „Textarnir fjalla mest um það hvað því fylgir að vera mennsk og samskipti. Þeir fjalla líka um náttúruna okkar og landið,“ segir Lára spurð út í yrkisefnin.

Hún ætlar ásamt hljómsveit að fagna útgáfu plötunnar með tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00. Þá kemur hún einnig fram á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld og hefjast þeir tónleikar klukkan 22.00. **- glp**



**Á ÍSLENSKU** Platan Þel er fyrsta plata Láru Rúnarsdóttur sem er öll sungin á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**SKEMMTILEGIR** Hljómsveitin Grísalappalísa hefur löngum verið talin ein líflegasta tónleikasveit landsins.

# Einkatónleikarnir eru orðnir þrennir talsins

## Grísalappalísa fer í garðveislutónleikaferð í ágúst en þrennir einkatónleikar hafa verið keyptir í gegnum útgáfusöfnun sveitarinnar á vefsíðunni Karolinafund.

Hljómsveitin Grísalappalísa hefur undanfarnar vikur staðið fyrir söfnun fyrir vínylútgáfu á breiðskífunum sínum tveimur, Ali og Rökrétt framhald, á vefsíðunni Karolinafund. Þeir sem leggja sveitinni lið með fjárframlögum geta meðal annars keypt einkatónleika með sveitinni. „Það hafa þrír aðilar keypt einkatónleika. Þetta leggst frábærlega í mig. Þetta verður allt í garðveislum á höfuðborgarsvæðinu og allt í ágúst. Þetta verður ágætis túr,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari hljómsveitarinnar

Verð fyrir einkatónleikana eru 500 evrur eða um 77 þúsund krónur, sveitin setti þó hámark á einkatónleika og getur heildarfjöldi tónleika aðeins verið fimm. „Þetta er náttúrulega gjafverð fyrir sjö manna rokkmaskínu. Það eru tveir aðilar sem geta enn náð okkur. Garðveislutúrinn í ágúst kemur í staðinn fyrir hringinn eins og síðasta sumar.“

Auk platnanna tveggja ætlar sveitin einnig að gefa út tvöfalda tónleikaplötu á vínyl.

Söfnunin hefur gengið vel og er meðlimir sveitarinnar ákaflega þakklátir. „Þetta hefur gengið mjög vel, erum búnir að safna 104 prósentum af því sem við ætluðum okkur, sem er rúm milljón.“

Í söfnuninni getur fólk einnig keypt koverlag, eða valið sér lag sem sveitin tekur upp fyrir kaupandann. Ragnar, faðir Gunnars, hefur keypt koverlag. „Tveir aðilar hafa keypt koverlag og pabbi er annar þeirra. Ég er bæði hræddur og spenntur yfir því að að sjá hvað hann hefur valið. Hann er allavega mikill Shakiruaðdáandi. Við bíðum spenntir eftir því verkefni að taka koverlögin, enda búnir að gefa út tvær koverlagasjötommur, „Grísalappalísa syngur“ bæði Megas og Stuðmenn.“

Grísalappalísa verður á ferð og flugi í sumar og kemur meðal annars fram á ATP Iceland, Lunga og Eistnaflugi ásamt því að standa að ýmsu tónleikahaldi sjálfir.

**gunnarleo@frettabladid.is**

# Rokktrommarinn fer í nuddnám

## Egill Örn Rafnsson hefur skráð í nám á nuddbraut. Gamall draumur að rætast.

„Ég hafði pælt í þessu síðan ég var unglingur en hef verið úti um allan heim að tromma og því enginn tími til að fara í skóla. Það er gaman að gera eitthvað nýtt í lífinu og nú er rétti tíminn,“ segir trommuleikarinn Egill Örn Rafnsson. Hann er á leið í nám á nuddbraut við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Egill hefur spilað með fjölda listamanna og er líklega best þekktur sem trommuleikari hljómsveita á borð við Sign og Himbrimi og hefur spilað með Bjartmari Guðlaugssyni.

Hann hefur undanfarin fjögur ár búið í London en flutti heim fyrr á þessu ári. Hann er spenntur fyrir náminu og fullur tilhlökkunar. „Ég hef ekki verið í skóla síðan ég var sextán ára gamall og var í Víðisstaðaskóla,“ segir Egill, en nú þegar hefur fjöldi félaga hans boðist til þess að vera tilraunadýr í nuddgreininni. „Félagarnir eru mjög sáttir og annar hver maður búinn að bjóðast til þess að vera tilraunadýr.“

Hann er þó hvergi nærri hættur að tromma. „Nuddið verður fínt með músíkinni.“ **- glp**



**SPENNTUR** Trommuleikarinn Egill Örn Rafnsson hlakkar til að setjast á skólabekk á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


NÝTT Á
TACO BELL
DOUBLE
DECKER
SUPREME
Tvöfalt
betra
taco!
Mjúkt taco með ostasósu
utan um stökkt taco, fyllt
með kjúklingi, sýrðum rjóma,
káli, osti og tómötum.
499 kr.
Tvö Double Decker Supreme taco,
Fiesta-kartöflur, hvítt Lindu-
súkkulaði og miðstærð af gosi.
1499 kr.
DDS
DDS
TACO BELL
Taco Bell Grafarholti – Sími: 588 6959 Hafnarfirði – Sími: 555 0828 www.tacobell.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 151178

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




**BAKÞANKAR**
**Birtu Björnsdóttur**

## Við þekkjum öll einn

Ótrúlegur fjöldi kvenna hefur á undanförnum dögum greint frá kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir á lífsleiðinni. Fjöldinn er þvílíkur að mann setur hljóðan við að renna yfir Facebook-síðuna Beauty tips þar sem þessi bylting á sér stað undir merkjunum #þöggun og #konurtala. Og ekkert lát virðist vera á, enn voru að bætast við frásagnir síðdegis í gær.

**FYRIR** utan aðdáun og hluttekningu til þeirra kvenna sem deilt hafa sögum sínum sat í mér eftir lestur frásagnanna á Beauty tips spurningin hvaða fólk þetta er sem beitir þessu hrottalega ofbeldi.

**HVER** er til dæmis maðurinn sem misnotaði vinkonu dóttur sinnar ítrekað í fjögur ár? Er hann bara hress í Byko að kaupa sér efni til að bera á pallinn um helgina og er samhliða því að leggja drög að golfferð með félögunum í haust?

**EN MAÐURINN** sem nauðgaði sambýliskonu sinni eftir að hafa neytt hana til munnmaka, af því að þau voru jú kærustupar? Leggst hann á koddann á kvöldin eftir að hafa horft á nokkra þætti af Game of Thrones og lofar sjálfum sér að vakna snemma og fara í ræktina, grunlaus um þá botnlausu vanlíðan sem hann hefur valdið manneskju sem treysti honum?

**GERENDUR** í kynferðisbrotamálum eru ekki eins og orkarnir í Hringadróttinssögu, auðþekkjanleg og óalandi skrímsli með engan tilgang annan í lífinu en að meiða.

**ÞETTA** eitt eiga gerendurnir þó sameiginlegt. Þurfum við ekki í auknum mæli að beina sjónum okkar að þeim sem ofbeldinu beita og hvernig við getum reynt að stemma stigu við þessu ólíðandi samfélagsmeini?

**TÖLFRÆÐIN** segir okkur að við þekkjum öll fórnarlamb kynferðisofbeldis. Miðað við það hljótum við öll að þekkja gerendur í slíkum málum. Það er umhugsunarefni.




**YFIRBURÐIR**
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...


